**BIRTA**

**SJÓN**

*Einni sögu ríkari*

matur jólaskraut tíska

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**SUÐURLAND**

**BLÓMLEGAR BYGGÐIR**

*Selfoss jafnast á við franska þorpið*

**BLAÐ UM SUÐURLAND FYLGIR Í DAG**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. nóvember 2005 — 319. tölublað — 5. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


### Komandi tíska



Áhrifa gætir frá sjötta og sjöunda áratugnum í vor- og sumartískunni 2006.

**TÍSKA 50**

### Ólafur Páll Gunnarsson



Fagnar tíu ára afmæli útvarpsþáttarins Rokklands á Grand Rokki í kvöld.

**FÓLK 62**

### Ávanabindandi meðul

Birgir Tjörvi Pétursson skrifar um hnattvæðinguna og segir hana ekki vera sjúkdóm. Við hana eigi ekki að berjast með ávanabindandi meðulum ríkisins.

**Í DAG 32**

### Góður sigur hjá KR



KR lenti í litlum vandræðum með lið Hamars/Selfoss í Iceland Express-deildinni í gær. Njarðvík er enn á toppnum í deildinni en liðið vann sinn sjöunda leik í röð í gær.

**ÍÞRÓTTIR 58**

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART AUSTAN TIL** Þykknar smám saman upp um vestanvert landið og dregur þá einnig úr frostinu. Hiti við frostmark syðra en frost 2-5 stig nyrðra.

**VEÐUR 4**






# Íbúar í Reykjavík flýja heimili sín vegna eiturgufa

**Asmasjúklingur í Reykjavík var hætt kominn vegna framkvæmda borgarinnar í hverfinu sem hann býr í. Átta ára drengur með efnaofnæmi varð að flytja að heiman. Kona fékk útbrot og flúði til kunningjafólks.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjölskylda við Langholtsveg og íbúi við Hólsveg hafa orðið fyrir miklu heilsutjóni vegna framkvæmda í grenndinni á vegum borgarinnar. Auk þess hafa framkvæmdirnar orðið fjölskyldunni dýrar. Í októberlok og byrjun nóvember var verið að fóðra skolplagnir í hverfinu og svo virðist sem efni sem sett var í lagnirnar hafi farið upp um niðurföll og sturtubotna og valdið heilsutjóni nokkura íbúa.

„Ég fékk hræðileg útbrot á hendur og fætur, húðin meira að segja brann á fótunum og svo var ég með mikil óþægindi í öndunarfærum,“ segir Soffía Jónasdóttir íbúi á Hólsvegi 17.

Nágrannar hennar á Langholtsvegi 42 urðu einnig fyrir verulegu heilsutjóni. „Faðir minn sem býr hérna hjá mér er með asma og hann fékk mörg köst og fimm sinnum þurfti hann að fara upp á spítala til að fá sprautur,“ segir Guðrún Guðmundsdóttir sem þar býr. „Svo er sonur minn með efnaofnæmi og hann gat ekkert verið hér svo hann bjó hjá ömmu sinni í rúmar tvær vikur.“



**GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR** Sonur Guðrúnar flutti til ömmu sinnar um tíma vegna ástandsins.

Soffíu var ekki tilkynnt um framkvæmdirnar og eftir að hafa þjáðst í fimm daga hringdi hún í Umhverfissvið Reykjavíkurborgar og fékk hún þá fyrst að vita hvað hafði gerst. „Ég talaði við eiganda Hreinsibíla, en það eru verktakarnir sem gera þetta fyrir borgina, og ég útskýrði málin fyrir honum og bað hann um að borga mér bæði lækna- og lyfjakostnað sem ég varð að leggja í vegna þessa og hann gerði það. En ég er með mína vinnuaðstöðu heima og gat voðalega lítið unnið enda flúði ég til kunningjafólks og fékk að sofa þar í stofusófanum,“ segir hún.

„Um leið og okkur barst kvörtun sendum við heilbrigðisfulltrúa á staðinn og þeir fundu ekkert sem staðfestir það að heilsutjón konunnar sé af þessum völdum,“ segir Lúðvík Gústafsson, deildarstjóri mengunarvarna.

„Þeir nota efnið xylol og það berst ekki inn í hús fólks séu skólplagnir þar í lagi og borgin er ekki ábyrg fyrir því að skolplagnir í heimahúsum séu í lagi,“ segir hann. Hann hafði ekki heyrt af raunum fjölskyldunnar á Langholtsvegi og viðurkennir að vissulega hefði átt að láta fólk vita af framkvæmdunum og jafnframt að greina frá því að þeir sem væru veikir fyrir gætu orðið fyrir heilsutjóni. Hann sagði þó ábyrgðina frekar liggja hjá verktökum heldur en hjá borginni ef fólk veiktist af þessum völdum.

Soffía segir þá hins vegar nota efnið polyrisen. **-jse**



**BEÐIÐ FYRIR KNATTSPYRNUGOÐI** Aðdáendur knattspyrnuhetjunnar George Best, sem gerði garðinn frægan með liði Manchester United á sínum tíma, báðu fyrir knattspyrnugoðinu í gær. Á myndinni kveikir einn aðdáendanna, sem klæddur er í bol með mynd af hetjunni, á kertum. Best, sem átti við áfengissýki að stríða, hefur legið fárssjúkur á Cromwell sjúkrahúsinu í Lundúnum og sögðu læknar í gærkvöldi að vegna mikilla innvortis blæðinga væri ljóst að Best ætti ekki langt eftir. Hann gæti látist á hverri stundu.

Kynbundið ofbeldi:

## Sjötta hver sætir ofbeldi

**OFBELDI** Ein af hverjum sex konum í heiminum verður fyrir ofbeldi á heimili sínu. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin kynnti í gær.

Ástandið er verra í þróunarlöndunum en í iðnríkjunum. Þannig sætir 71 prósent eþíópískra kvenna misþyrmingum á heimili sínu. Stór hluti kvennanna er sagður telja ofbeldi af hendi eiginmannsins sjálfsagt.

Þá leiðir ný rannsókn Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna í ljós að þrjár milljónir kvenna eru umskornar á hverju ári. Talið er að 130 milljónum kvenna í heiminum hafi verið misþyrmt með þessum hætti.

**sjá síðu 24**

Smábátasjómenn eru ekki lengur sínir eigin herrar og róa án samninga:

## Smábátasjómenn án samninga

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það eru dæmi um útgerðir sem gera út sex til átta smábáta. Mér er sagt að Samherji sé kominn með tvo smábáta. Þetta er orðinn útvegur,“ segir Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands. Hann telur það afar áríðandi að gerðir séu kjarasamningar við áhafnir á smábátum.

„Þessir menn unnu alltaf fyrir sjálfa sig og þurftu því ekki að semja við einn eða neinn,“ segir Sævar og bendir á að nú sé landslagið allt annað því útgerðir reki bátana. „Þetta snýst um réttindi launamanns til þess að hafa kjarasamning,“ segir Sævar. Hann segist hafa í tvígang sent Landssambandi smábátaeigenda bréf og óskað eftir viðræðum um kjarasamninga af þessu tagi en aldrei fengið svar.

„Sævar veit vel að við höfum ekki haft umboð aðalfundar til þess að gera samninga. Ég þarf ekkert að skrifa honum það í bréfi,“ segir Arthúr Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda.

Hann segir það vitaskuld rétt að aðstæður smábátasjómanna séu að breytast. „Ég vék að því í minni opnunarræðu á aðalfundi Landssambandsins fyrir skemmstu að á þessu yrði tekið af fullum þunga. Það er rétt að taka það fram að réttindi þessara manna eru ekkert í frostmarki. Öll grundvallarréttindin eru vernduð í sjómannalögunum,“ segir Arthúr. **- saj**






## SPURNING DAGSINS

*Guðmundur, verður ykkur nokkur skotaskuld úr tengingunni?*

„Nei, okkur verður ekki skotaskuld úr henni, en Skotarnir skulda okkur.“

Guðmundur Gunnarsson er framkvæmdastjóri Farice. Skoskur gröfumaður sleit strenginn í sundur við Inverness í fyrradag.

Á fimmta tug fórust í tveimur sjálfsmorðsárásum í Írak í gær:

# Öflug sprenging við sjúkrahús

**BAGDAD, AP** Þrjátíu manns biðu bana þegar bíl hlöðnum sprengiefni var ekið að sjúkrahúsi í bænum Mahmoudiya og hann svo sprengdur í loft upp.

Talið er að árásarmaðurinn hafi ætlað að drepa bandaríska hermenn sem voru að heimsækja börn á spítalann með leikföng í farteskinu. Honum tókst þó ekki að aka bifreið sinni lengra en að öryggishliði sjúkrahússins þar sem hann svo kveikti á vítisvélinni. Á meðal þeirra þrjátíu sem biðu bana voru þrjár konur og tvö börn. 35 slösuðust, þar á meðal nokkrir hermenn.

Þá létust ellefu manns í bænum Hillah þegar bílsprengjuárás var gerð á hóp fólks sem var að kaupa sér svaladrykki af götusala síðdegis.

Latih Kubba, talsmaður ríkisstjórnarinnar, sagði á blaðamannafundi í gær að búast mætti við að uppreisnarmenn myndu færast í aukana á næstu vikum til að spilla fyrir kosningunum 15. desember næstkomandi. Sú kenning virðist eiga við rök að styðjast því í fyrradag réðust menn íklæddir herklæðum inn á heimili Khadim Sarhid al-Hemaiyem, stjórnmálamanns úr röðum súnnía, og skutu hann og þrjá syni hans og tengdason til bana. **- shg**



**LÍK Á BÖRUM** Þrjátíu létust í árás á sjúkrahús í Mahmoudiya í gær en innandyra voru bandarískir hermenn að útbýta leikföngum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nektardansstaður í Reykjavík:

## Sótti ekki um atvinnuleyfi

**DÓMSMÁL** Framkvæmdastjóri nektardansstaðar í Reykjavík hefur verið dæmdur til að borga 180.000 krónur í sekt fyrir að brjóta lög um atvinnuréttindi útlendinga.

Mál var höfðað á hendur honum vegna þriggja 24 ára gamalla tékkneskra nektardansmeyja sem komu til landsins í byrjun apríl og ætluðu að starfa hér fram í maí.

Framkvæmdastjórinn sagðist hafa staðið í þeirri trú að konurnar mættu starfa hér í þrjá mánuði án atvinnuleyfis, en hann tilkynnti um komu þeirra til Hagstofunnar.

Dómurinn taldi manninn hafa brotið af sér af gáleysi, en honum hafi borið að afla atvinnuleyfis fyrir dansarana.

Greiði maðurinn ekki sektina innan mánaðar bíður hans hálfsmánaðar fangelsi. Þá þarf hann að greiða sakarkostnað upp á 198.929 krónur. **- óká**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Óskar þess innilega að tekjur ríkissjóðs minnki

**Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir miklar tekjur ríkissjóðs byggjast á einkaneyslu og kveðst vona innilega að úr þeim dragi og afgangur ríkissjóðs rýrni. Hann vill einnig lægra gengi krónunnar. Sérstakar heimildir ríkisstjórnarinnar til milljarða fjárútláta kallar Einar Oddur lausung.**

**STJÓRNMÁL** Einar Oddur Kristjánsson þingmaður Sjálfstæðisflokksins og varaformaður fjárlaganefndar segist vona að úr einkaneyslu landsmanna dragi á næsta ári og tekjur ríkissjóðs minnki af þeim sökum. „Ég vona það innilega vegna þess að skuldasöfnun einstaklinga á þessu ári er skelfileg og hefnir sín grimmilega,“ segir Einar Oddur.

Samkvæmt áliti meirihluta fjárlaganefndar verður afgangur ríkissjóðs um 19 milljarðar króna á næsta ári. Í annarri umræðu um fjárlagafrumvarpið á Alþingi í gær kom fram í máli Einars Odds að hann teldi líklegt að þessi afgangur yrði í raun mun minni. „Ég vona að þetta verði svo. Ég vona að gengið láti undan. Ég vona að það dragi úr kaupum á erlendum varningi og einkaneyslan minnki. Það verður að gerast á næsta ári vegna þess að ég tel að framleiðsluatvinnuvegirnir hafi ekki meira þanþol. Ég vona sem sagt að gengið láti undan og kaupmátturinn rýrni og þar með að tekjur ríkissjóðs minnki.“

Einar Oddur telur að ríkissjóður hafi vel efni á því að sjá af umtalsverðum tekjum. „Þetta eru óeðlilegar tekjur sem ríkissjóður hefur í dag sem við sjáum í þessum mikla viðskiptahalla. Það er því óeðlilegt að ríkissjóður sé að hafa svona miklar tekjur og ég vona að þær hverfi því við höfum ekkert með þær að gera.“

Einar Oddur sagði það viðvarandi veikleika Íslendinga að láta undan launakröfum og kallaði það lausung í efnahagslífinu.

Einar Oddur gagnrýndi sérstakar heimildir stjórnvalda til fjárútláta og nefndi sérstaklega heimild ríkisins til að fjármagna tónleikahöll í Reykjavík. „Þátttaka ríkisins á að vera að minnsta kosti 6 milljarðar króna. Ef ríkið á að taka þátt í kostnaði við að reisa þessa tónlistarhöll þá verður að leggja það fyrir þingið. Ég hef ástæðu til að ætla að menn séu að átta sig á að svona lausung gengur ekki. Það þarf að láta reyna á það hvort þingið sé sammála svona útgjöldum.“

johannh@frettabladid.is



**EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON** „Það er því óeðlilegt að ríkissjóður sé að hafa svona miklar tekjur og ég vona að þær hverfi því við höfum ekkert með þær að gera.“

STJÓRNARANDSTÆÐINGAR DEILA Á FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ:

## Aukin misskipting á 10 árum

Þingmenn Samfylkingarinnar í minnihluta fjárlaganefndar leggja til að tekjuafgangur ríkissjóðs verði tæpir 24 milljarðar króna í stað tæplega 20 milljarða eins og meirihluti nefndarinnar leggur til.

Þeir leggja til að svigrúm það sem ríkisstjórnin telur til skattalækkana verði notað til að lækka matarskatt og hækka persónuafslátt. Þá leggja nefndarmennirnir fram tillögur um sparnað í ríkisrekstri og breyttar áherslur. Þær fela meðal annars í sér aukin framlög til mennta-, velferðar- og byggðamála eða sem nemur 3,5 milljörðum króna.

Fulltrúar vinstri grænna í fjárlaganefnd segja væntingar ríkisstjórnarinnar vera í takmörkuðum takti við raunveruleikann. Ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar væru mikil og skattastefnan þjónaði fremur hátekjufólki en hinum sem minna hafa. Í máli Jóns Bjarnasonar, þingmanns vinstri grænna kom fram að á viðurkenndan mælikvarða hefði misskipting aukist um þriðjung frá árinu 1995.

Stjórnarandstæðinar gagnrýndu harðlega fjarveru fimm ráðherra í upphafi annarrar umræðu um fjárlagafrumvarpið í gær. Þeir beindu spjótum sérstaklega að Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra sem stödd er í opinberum erindagjörðum í Senegal og kemur aftur til til starfa 5. desember næstkomandi.

Umræður um fjárlagafrumvarpið stóðu langt fram á kvöld.


# Afhjúpaðu dulin tákn og merkingu drauma

Í bókinni finnurðu m.a. merkingu lita, hluta og fyrirbæra.




Einnig er greint frá því hvernig draumar geta hjálpað þér að túlka líf þitt og hvernig þú getur séð ástarsamband fyrir.

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is


Saksóknari í Baugsmálinu kærir úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur til Hæstaréttar:

# Vill dóm um hæfi Björns

**BAUGSMÁL** Sigurður Tómas Magnússon, sérstakur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, kærði í gær til Hæstaréttar þann úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur að honum sé ekki heimilt að fjalla um þá átta ákæruliði sem enn eru fyrir dómstólum.

Sigurður Tómas kveðst gera þá kröfu að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og viðurkennt verði almennt og sérstakt hæfi hans til saksóknar í málinu.

Sigurður Tómas æskir þess einnig að Hæstirétttur dæmi um það hvort Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hafi verið hæfur til þess að setja hann sérstakan saksóknara til að fjalla um umrædda ákæruliði. Ekki reyndi á það atriði þegar úrskurður féll í Héraðsdómi Reykjavíkur síðastliðinn þriðjudag um að Sigurður Tómas væri ekki bær til þess að fjalla um málið.

Settur saksóknari og verjendur sakborninga í Baugsmálinu hafa frest til þess að skila greinargerðum vegna kærunnar til klukkan 16 í dag. **- jh**



**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON SETTUR SAKSÓKNARI** Hann vill einnig fá úrskurð Hæstaréttar um hæfi dómsmálaráðherra til að skipa sig sérstakan saksóknara.













**JÖRÐIN**
JPV
Fullt verð eftir áramót 12.980 kr.
**9.980 kr.**

**BROSAÐ GEGNUM TÁRIN**
Sæunn Ólafsdóttir
Fullt verð 4.990 kr.
**3.990 kr.**

**LAGARFLJÓT – MESTA VATNSFALL ÍSLANDS**
Helgi Hallgrímsson
Fullt verð 9.980 kr.
**8.490 kr.**

**RAGNARÖK**
Þórhallur Heimisson
Fullt verð 4.280 kr.
**2.990 kr.**

**SKUGGABÖRN**
Reynir Traustason
Fullt verð 4.990 kr.
**3.490 kr.**

**FUGLAR Í NÁTTÚRU ÍSLANDS**
Fullt verð 19.980 kr.
**17.980 kr.**













**HEIMUR HRYGGLEYSINGJANNA**
Richard Attenborough
Fullt verð 4.990 kr.
**4.290 kr.**

**MYND Á ÞILI**
Þóra Kristjánsdóttir
Fullt verð 6.980 kr.
**5.980 kr.**

Bókinni má skila til 15.01.06.
SKIPTI-MIÐINN
PENNINN-EYMUNDSSON BÓKABÚÐIR MÁLS OG MENNINGAR

Við ábyrgjumst skilarétt á öllum bókum sem keyptar eru í verslunum okkar.

# „Þetta vissi ég ekki“

Fjölmargir vita ekkert betra en að glugga í fræðibækur af ýmsu tagi. Við bjóðum fræðibækur og handbækur með allt að **40% afslætti.** Það er því ekki eftir neinu að bíða með jólagjafainnkaupin handa þessum fróðleiksþyrstu. Skiptibókamiðinn okkar gildir til 15. janúar.

**STÓRA ORÐABÓKIN**
Jón Hilmar Jónsson
Fullt verð eftir áramót 16.980 kr.
**12.980 kr.**







**ELDGOS**
Fullt verð 9.990 kr.
**7.990 kr.**







**KJARVAL**
Íslensk og ensk útgáfa
Fullt verð eftir áramót 24.900 kr.
**17.900 kr.**

**OG ÉG SKAL HREYFA JÖRÐINA**
Jón Þorvarðarson
Fullt verð 7.500 kr.
**4.490 kr.**

Frí heimsending innanlands í nóvember.
Pöntunarsími 511-1130 eða
bok@penninn.is.

BÓKABÚÐIR MM   Penninn   Eymundsson

Tilboðsverð gildir til og með 27.11. 2005.

Fíton/SÍA F I 0 1 5 2 7 8

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 24.11.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,87 | 63,17 |
| Sterlingspund | GBP | 108,56 | 109.08 |
| Evra | EUR | 9,938 | 9,996 |
| Dönsk króna | DKK | 9,423 | 9,479 |
| Norsk króna | NOK | 7,808 | 7,854 |
| Sænsk króna | SEK | 0,5292 | 0,5322 |
| Japanskt jen | JPY | 89,62 | 90.16 |
| SDR | XDR | 88,69 | 89,28 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**104,5727**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Frétt um óvissa ríkisábyrgð á lántökum Íbúðalánasjóðs valda titringi:

# Ríkið í ábyrgð segir forsætisráðherra

**STJÓRNMÁL** Stjórnvöld taka af öll tvímæli um að lántökur Íbúðalánasjóðs njóta ríkisábyrgðar.

Haft var eftir starfsmönnum Lánasýslu ríkisins í fréttum NFS í fyrrakvöld að meðan óvissa ríkti um stöðu sjóðsins væri ekki hægt að mæla með frekari ríkisábyrgðum.

„Það hefur engin breyting verið rædd í ríkisstjórn á þessu máli. Það liggur fyrir að ríkissjóður ber ábyrgð á starfsemi Íbúðalánasjóðs," segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.

Í kjölfar áðurgreindrar fréttar sendi Íbúðalánasjóður Árna Magnússyni félagsmálaráðherra og Árna Mathiesen fjármálaráðherra bréf og óskaði eftir skjótum viðbrögðum stjórnvalda við fréttinni og að þau gæfu út skýra yfirlýsingu um stöðu ríkisábyrgða á lántökum sjóðsins.

„Það er alveg klárt að Íbúðalánasjóður stendur styrkum fótum. Þessi ummæli eru engan veginn í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar," segir Árni Magnússon.

Árni Mathiesen vildi ekki tjá sig um málið í gærkvöldi.

Í yfirlýsingu Lánasýslu ríkisins í gærkvöldi er því vísað á bug að starfsmenn stofnunarinnar hafi sagt, að ekki væri hægt að mæla með veitingu á frekari ríkisábyrgðum til Íbúðalánasjóðs meðan óvissa ríkti um stöðu sjóðsins. W - jh



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Forsætisráðherra tekur af öll tvímæli um að Íbúðalánasjóður njóti ríkisábyrgðar.



**TEKIÐ HRAUSTLEGA TIL MATAR SÍNS** Keppendur í ham í gær. Sigurvegarinn Sonya Thomas stendur fyrir miðju. MYND/AP

Þakkargjörðar-kalkúnakappát:

## Tvö kíló af kjöti á tólf mínútum

**NEW YORK, AP** Bandaríkjamenn neyta jafnan ómælds magns af kalkúnakjöti á þessum árstíma er þakkargjörðarhátíðin svonefnda er haldin. Í þessu samfélagi samkeppninnar vilja menn vitanlega vita hver geti borðað hraðast og mest af hinu ljúffenga kjöti.

Í slíku kappáti sem fram fór á veitingastaðnum Artie's Deli í New York í gær varð Sonya Thomas frá Virginíuríki hlutskörpust. Á þeim 12 mínútum sem keppendum voru gefnar til að háma í sig heilsteiktan kalkúninn gleypti hún 1,9 kg af kjöti og sló þar með öllum keppinautum sínum af hinu kyninu við. Thomas sjálf er 45 kg að þyngd en hefur unnið fleiri kappátskeppnir, meðal annars innbyrt 65 harðsoðin egg á 6 mínútum og 40 sekúndum. ■

### ATLANTSHAF

**Enn einn hitabeltisstormurinn** Hitabeltisstormurinn Delta sem nú lætur ófriðlega á Atlantshafinu er 25. stormurinn á þessu fellibyljatímabili sem nær þeim styrk að hljóta nafn. Delta kann að ná fellibylsstyrk en samkvæmt veðurspám er ekki hætta á að hann komi nærri landi. Aldrei fyrr hafa svo margir hitabeltisstormar myndast á einni fellibyljatíð.

# Eiturflekkurinn kominn til Harbin

**Allir sem vettlingi geta valdið hafa flúið kínversku borgina Harbin. Fljótið sem streymir framhjá henni er orðinn lífshættulegur eiturstraumur og því hamstra þeir sem eftir eru hreint vatn eins og þeir eigi lífið að leysa.**

**KÍNA** Vatnsból kínversku borgarinnar Harbin eru ennþá lokuð vegna bensenmengunar í Songhua-fljóti en flekkurinn barst þangað í fyrrinótt.

Fyrir tæpum hálfum mánuði varð sprenging í efnaverksmiðju í Jilin, sem er 380 kílómetrum ofar við Songhua-fljótið, og ókjör af eiturefninu bensen runnu út í ána. Bensen er leysiefni sem til dæmis er notað til málningargerðar. Efnið getur valdið hvítblæði og dauða, sé þess neytt í stórum skömmtum.

Songhua-fljót sér 3,8 milljónum íbúum Harbin fyrir neysluvatni. Stjórnvöld í héraðinu létu hins vegar engan vita um slysið fyrr en í vikubyrjun þegar skrúfað var fyrirvaralaust fyrir vatnsleiðslur. Í kjölfarið varð talsverð skelfing þegar þyrstir borgarbúar tóku að sanka að sér því hreina vatni sem völ var á. Fljótlega jókst þó upplýsingagjöfin og jafnframt tóku vatnsbílar að streyma til borgarinnar úr nálægum byggðum. Í gær var komið með 16.000 tonn af vatni til Harbin og mynduðust að sögn ríkisfréttastofunnar Xinhua langar raðir fólks með fötur, könnur, kúta og katla.

Seint í gærkvöld náði eiturflekkurinn loks til Harbin og er búist við að það taki áttatíu kílómetra breiða eiturblönduna fjörutíu klukkustundir að streyma framhjá borginni. Þegar ófögnuðurinn er runninn hjá segjast yfirvöld ætla að hreinsa árfarveginn tryggilega.

Tugir þúsunda borgarbúa hafa yfirgefið borgina undanfarna daga. Fréttaritari Lundúnablaðsins Times í borginni segir að ógerninginn sé að kaupa sér miða í lestir eða flugvélar en þær snúi síðan aftur til baka galtómar.

Ekki er vitað til að nokkur hafi orðið fyrir eitrun en fimmtán sjúkrahús eru þó höfð í viðbragðsstöðu. Ennfremur er ekki ljóst hvort íbúar bæja ofar við fljótið hafi bergt á vatninu áður en viðvaranir voru gefnar út.

Neyðarlög taka gildi í dag í Khabarovsk-héraði í Rússlandi en búist er við að bensenflekkurinn berist þangað í næstu viku.

sveinng@frettabladid.is



**VATNS ER ÞÖRF** Ílát, stór og smá, eru eftirsóttasti varningurinn í Harbin þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MERKEL OG BLAIR** Á blaðamannafundi í Downingstræti 10 í gær.MYND/AP

Fjárlagadeila ESB:

## Merkel lætur ekkert uppi

**LUNDÚNUM, AP** Nýi þýski kanslarinn Angela Merkel gætti sín á því í gær, er hún átti viðræður við ráðamenn í Lundúnum, að gefa ekkert uppi um hvar hún stæði í deilunni um fjárlög Evrópusambandsins fyrir tímabilið 2007-2013. Helstu pólarnir í þeirri deilu eru Bretar og Frakkar.

Ráðamenn í Lundúnum vilja skera landbúnaðarstyrki ESB niður við trog en slíkum tillögum verjast Frakkar með kjafti og klóm. Samningar um fjárlagarammann tókust ekki á leiðtogafundi í júní þar sem Bretar neituðu að láta snerta við endurgreiðslum sem þeir fá úr sjóðum ESB nema gengið yrði að tillögu þeirra um niðurskurð landbúnaðarstyrkjanna. Á sameiginlegum blaðamannafundi með Tony Blair var Merkel í tvígang spurð um afstöðu sína í málinu en hún svaraði því einu til að málamiðlun yrði að nást. - aa

### TYRKLAND

**Mannskætt lestarslys** Að minnsta kosti níu manns fórust og um tuttugu slösuðust þegar farþegalest skall á pallbifreið í suðurhluta Tyrklands á þriðjudaginn. Bifreiðin var á leið þvert yfir lestarteina þegar slysið varð og voru níumenningarnir sem létust farþegar í bifreiðinni.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FÍNAR HELGARHORFUR**

Eftir kuldakastið í gær og reyndar að nokkru leyti í dag kemur helgin ágætlega inn. Vindur verður hægur, þurrt og hlýnar heldur eftir því sem á líður. Gerist vart betra. Á mánudag eru síðan horfur á að það verði einhver úrkoma, einkum á vesturhluta landsins sem fellur að líkindum í blautu formi.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hægviðri. Þykknar upp smám saman. Hiti við frostmark.

*um hádegi »*




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C skúrir | París | 4°C hálfskýjað | Alicante | 18°C hálfskýjað |
| Osló | 3°C alskýjað | Berlín | 3°C slydda | Mílano | 17°C skúrir |
| Stokkhólmur | 5°C alskýjað | Frankfurt | 2°C snjókoma | New York | 3°C léttskýjað |
| Helsinki | 3°C alskýjað | Madríd | 11°C hálfskýjað | San Francisco | 16°C rigning |
| London | 6°C hálfskýjað | Barcelona | 14°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 25°C heiðskírt |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Hagkaup bjóða
## landsins mesta úrval kjötvöru




TILBOÐ
389 kr/kg
Merkt verð 598,-

Ferskur **kjúklingur**

Eyþór Rúnarsson
Yfirmatreiðslumaður á Sigga Hall Óðinsvéum
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

### GLJÁÐUR KJÚKLINGUR

1 stk. stór kjúklingur
4 msk. hunang
3 msk. smjör
5 msk. limesafi
3 msk. svört sesamfræ
2 msk. kóríanderfræ, möluð
salt og hvítur pipar

Hitið hunang í potti og hrærið saman við stofuheitt smjör. Blandið saman við limesafa, sesamfræ og kóríanderfræ. Penslið gljáanum á kjúklinginn og kryddið með salti og hvítum pipar. Setjið kjúklinginn á ofngrind með bakka undir og eldið við 120°C þar til kjarnhiti nær 70°C, eða í um 2 klst. Penslið gljáanum reglulega á kjúklinginn á meðan á steikingu stendur. Berið fram með fersku salati. Uppskriftin miðast við fjóra.




ÓKEYPIS eintak í næstu verslun Hagkaupa



TILBOÐ
599 kr/kg
Verð áður 889,-

Frosinn **kalkúnn**




TILBOÐ
898 kr/kg
Verð áður 1.298,-

Ferskt **lambalæri**
- velur beint úr kjötborði

Jói FEL



**Tilbúið deig**
Skerið niður og raðið á bökunarpappír. Bakist í u.þ.b. 10 mín.




TILBOÐ
339 kr/pk
Verð áður 449,-

**Freschetta** pizzur, 3 tegundir
- fljótlegt og gott




**Kettle chips** kartöfluflögur
- betra bragð




**Jói Fel** ís, 3 tegundir
- ís eins og hann gerist bestur

Gildir til 27. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Á að kaupa tæki fyrir tollgæsluna til að gegnumlýsa gáma til að sporna gegn fíkniefnasmygli?*

| | |
|---|---|
| Já | 89% |
| Nei | 11% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Ríkir trúfélagafrelsi á Íslandi?*

Suður-kóreskur vísindamaður sem fyrstum tókst að klóna fósturvísa úr mönnum:

# Notaði egg starfsmannanna

**VÍSINDI** Frumkvöðull á sviði klónunar og stofnfrumurannsókna hefur sagt af sér embætti eftir að upp komst að hann hefði notað eggfrumur starfsmanna sinna við tilraunirnar.

Prófessor Hwang Woo-suk, frá Suður-Kóreu, öðlaðist heimsfrægð á sínum tíma fyrir að takast fyrstum manna að klóna fósturvísa og stofnfrumur úr mönnum. Talið var að gæði klónunarinnar væru slík að á grundvelli tækninnar sem hann þróaði væri hægt að framleiða stofnfrumur til ígræðslu í fólk sem þjáist af sjúkdómum á borð við sykursýki og parkinsonsveiki.



**BEÐIST AFSÖKUNAR** Dr. Hwang Woo-suk kvaðst harma að hafa ekki leyst frá skjóðunni fyrr en nú. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um nokkra hríð hefur grunur leikið á að Woo-suk hafi fengið eggfrumur frá kvenkyns undirmönnum sínum á rannsóknarstofunni en slíkt þykir brjóta í bága við skráðar jafnt sem óskráðar siðareglur þar sem talsverðar líkur eru á að undirsátunum finnist þeir vera undir þrýstingi að gefa eggin. Í gær viðurkenndi hann að þannig hefði verið í pottinn búið en bætti þó við að á þeim tíma sem tilraunirnar fóru fram hefði hann ekki vitað hvaðan eggin væru komin. Auk þess að biðjast afsökunar sæi hann sig knúinn til að segja af sér öllum opinberum embættum, þar á meðal forstöðu Alþjóðlegu stofnfrumurannsóknastöðvarinnar sem hann stofnaði fyrr í mánuðinum.

**- shg**

Hæstiréttur mildar dóm:

## Dæmdur í 22 mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur mildaði í gær tveggja ára fangelsisdóm héraðsdóms yfir Herði Má Lútherssyni um tvo mánuði. Hann skal sæta fangelsi í 22 mánuði fyrir brot sín, en það eru áfengis- og fíkniefnabrot, ýmis umferðarlagabrot ásamt brotum á vopnalögum.

Við húsleit hjá Herði fannst svokölluð litkúlubyssa, en Hörður hefur ekki skotvopnaleyfi. Hörður bar við að byssan væri ónýt. Hann hafði ítrekað verið gómaður með fíkniefni og oftsinnis ekið réttindalaus undir áhrifum slíkra efna.

**- saj**






**HAFNARSVÆÐIÐ Á AKUREYRI** Aðstaða hins nýja skipafélags verður að öllum líkindum á Oddeyrartanga og hafa átt sér stað viðræður þess efnis á milli hafnaryfirvalda á Akureyri og forsvarsmanna nýja skipafélagsins.

# Nýtt skipafélag stofnað á Akureyri

**Íslenskir og norskir fjárfestar hyggjast koma á fót skipafélagi sem sigla mun með vörur á milli Eyjafjarðar og Evrópu. Fjármögnun er langt komin en með tilkomu skipafélagsins getur flutningskostnaður eyfirskra fyrirtækja lækkað.**

**SAMGÖNGUR** Nýtt íslenskt skipafélag er í burðarliðnum og hyggur félagið á reglulega fragtflutninga á milli Eyjafjarðar og Evrópu snemma á næsta ári. Viðræður við væntanlega fjárfesta standa yfir en Magnús Þór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, segir fjármögnun langt komna.

„Þar sem eigendahópurinn er ekki fullmótaður er of snemmt að gefa upp hverjir eigendurnir eru en þó get ég sagt að þeir verða bæði norskir og íslenskir. Skipafélagið verður skráð á Íslandi og með höfuðstöðvar á Akureyri en hugsanlegt er að afgreiðslustaðir verði einnig á öðrum þéttbýlisstöðum á Eyjafjarðarsvæðinu," segir Magnús.

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar hefur á yfirstandandi ári skoðað leiðir til að lækka flutningskostnað fyrirtækja á Eyjafjarðarsvæðinu og auka þar með samkeppnishæfni þeirra. Niðurstaða atvinnuþróunarfélagsins er að vænlegast sé að koma upp beinum flutningum á milli Norðurlands og helstu markaða í Evrópu, en Magnús segir að um 20 prósent af öllum útflutningi Íslendinga komi frá Eyjafjarðarsvæðinu.



**MAGNÚS ÁSGEIRSSON** Framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar segir viðræður hafnar við væntanlega viðskiptavini nýja skipafélagsins.

„Með tilkomu skipafélagsins geta fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu, sem standa í inn- og útflutningi, lækkað flutningskostnað sinn verulega því ekki verður nauðsynlegt að aka vörum í stórum stíl á milli höfuðborgarsvæðisins og Norðurlands," segir Magnús.

Til að halda stofnkostnaði niðri er gert ráð fyrir að skipafélagið taki á leigu fimm til sex þúsund tonna gámaflutningaskip sem flutt geti á bilinu fjögur til fimmhundruð gáma í senn. „Til að tryggja lág flutningsgjöld verður kostnaði og yfirbyggingu félagsins haldið í lágmarki en þess þó gætt að félagið hafi fjárhagslega burði til að halda úti skiparekstri með litlum tekjum fyrstu árin. Áfangastaðir félagsins erlendis verða væntanlega í Bretlandi, Danmörku og Hollandi og til að byrja með verður siglt tvisvar í mánuði á milli allra áfangastaðanna," segir Magnús.

**kk@frettabladid.is**

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Læknafélagsins og Landspítalans:

# Máli unglækna vísað frá

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur vísað frá máli sem Læknafélag Íslands höfðaði fyrir hönd lækna í starfsnámi um rétt þeirra til til hvíldartíma samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélagsins. Málið var höfðað á hendur Landspítala - háskólasjúkrahúsi, sem krafðist þess á móti að málinu yrði vísað frá. Úrskurðurinn tekur einungis til frávísunarkröfunnar.

Í dómsúrskurði héraðsdóms segir meðal annars að málatilbúnaður að hálfu Læknafélagsins sé óljós í stefnu að því leyti að þar sé fjallað bæði um frítökurétt samkvæmt kjarasamningi og hvíldarrétt samkvæmt lögum. Fléttist umfjöllun um þessi atriði saman með óskýrum hætti. Þá séu tilvitnaðar fundargerðir samstarfsnefndar Landspítala - háskólasjúkrahúss og Læknafélags Íslands ekki skýrar að þessu leyti, þar sem hugtökunum frítökurétti og hvíldarrétti virðist blandað saman.

Í úrskurðinum er ekki kveðið á um hvort unglæknar í Félagi ungra lækna eigi inni hvíldartíma hjá Landspítala - háskólasjúkrahúsi á grundvelli gildandi laga, enda endurspegli kröfugerð og málsástæður Læknafélagsins á engan hátt slíkan ágreining. Ekki virðist vera ágreiningur með Landspítala og Læknafélaginu um að viðkomandi lagaákvæði taki til unglækna eða þeirra félagsmanna Læknafélagsins sem tilgreindir séu í kröfugerð Læknafélagsins.

Málinu var vísað frá, sem fyrr segir, og Læknafélagi Íslands gert



**UNGLÆKNAR** Tveir unglæknar við vinnu sína á slysadeild - bráðamóttöku Landspítala - háskólasjúkrahúss í Fossvogi.

að greiða Landspítala - háskólasjúkrahúss 150 þúsund krónur í málskostnað.

**- jss**

# ÞÚ GÆTIR HAFT BESTA TÍMAKAUP ÆVINNAR Á ÞEIM MÍNÚTUM SEM ÞAÐ TEKUR ÞIG AÐ SKIPTA UM BANKA.




**Óskaðu eftir tilboði í bankaviðskipti**

KB banki býður þér að fá sérsniðið tilboð í öll bankaviðskipti sem þú þarft á að halda. Tilboðið er þér að kostnaðarlausu og án allra skuldbindinga. **Hafðu samband og óskaðu eftir tilboði með þínu nafni hjá þjónustuveri okkar í síma 444 7000, á kbbanki.is eða í næsta útibúi.**

KB BANKI

ENNEMM / SÍA / NM19139



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvenær fær Landhelgisgæslan nýtt varðskip?*

2 *Hvað eru margir á biðlista eftir tæknifrjóvgun?*

3 *Við hvaða fyrirtæki gerði Alþjóðaknattspyrnusambandið (FIFA) risasamning í vikunni?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 62

Ástþór Magnússon kærir ritstjórn DV og verslunarstjóra Bónusverslana:

# Krefst tveggja ára fangelsis

**KÆRUMÁL** „Þetta er algjör steypa, ég veit ekki um neina gaura sem hafa komið þarna á mínum vegum. Ég þekki enga gaura sem ættu að hafa komið þarna,“ segir Ástþór Magnússon, fyrrverandi forsetaframbjóðandi. Ástþór hefur nú kært ritstjórn DV fyrir að birta um sig frétt með fyrirsögninni „Ástþór sendi átta vopnaða hrotta á leigjanda“. Hann krefst þess að þeir blaðamenn sem hlut eiga að máli verði dæmdir í tveggja ára fangelsi.

Ástþór hefur einnig kært 23 verslunarstjóra í verslunum Bónuss fyrir að birta auglýsingar DV í verslunum þar sem hann telur það vera brot á almennum hegningarlögum að birta það sem hann kallar tilhæfulausar lygar og rógburð á veggjum í verslunum.

Um efni fréttarinnar segist Ástþór ekki hafa lesið hana. Hann staðfestir að hann leigi út íbúð í Vogaseli og segir leigjendurna hvorki hafa borgað leigu né skilað tryggingavíxli. „Ég sendi þeim símskeyti þar sem samningnum er rift. Það eru einu samskipti mín við þetta fólk. Kannski eru nýjir eigendur ritsímans farnir að fara um með vopnaðar sveitir til þess að afhenda símskeyti,“ segir Ástþór. **- saj**



**ÁSTÞÓR MAGNÚSSON** Ástþór segir fréttir DV vera algjöra steypu og kveðst ekki vera með neina gaura á sínum snærum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samgönguráðherra í Kína:

# Samvinna á sviði ferðamála

**STJÓRNMÁL** Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, sem staddur er í Kína, ræddi við Shao Qiwei, ferðamálaráðherra Kína, á fundi í fyrradag.

Þar kom fram sameiginlegur áhugi ráðherranna á að auka samskipti þjóðanna á sviði ferðamála. Kínverski ferðamálaráðherrann sagði að gríðarleg tækifæri fælust í auknum fjölda ferðamanna frá Kína fyrir ferðaþjónustuna á Íslandi.

Shao Qiwie og Sturla Böðvarsson ræddu einnig möguleg skipti sérfræðinga í ferðaþjónustu á milli landa. **- sk**






**SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR** Sat fund Eystrasaltsráðsins.

Umhverfisráðherra situr fund:

# Mikil mengun í Eystrasalti

**UMHVERFISMÁL** Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra, sat í fyrradag fund umhverfisráðherra ríkja sem eiga aðild að Eystrasaltsráðinu.

Fundurinn sem fram fór í Stokkhólmi var haldinn vegna mikillar mengunar í Eystrasalti. Umhverfisráðherra lagði á fundinum áherslu á að sjálfbær þróun væri höfð að leiðarljósi við endurheimta vistkerfi Eystrasalts. Þá lagði ráðherrann einnig áherslu á auknar rannsóknir og að fleiri kæmu að verndun Eystrasalts. **- sk**



**FELGULYKILL GETUR VERIÐ SKAÐRÆÐISVOPN** Myndin er sviðsett. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.




## SLÖKKVILIÐIÐ

**Eldur við Seljaskóla** Eldur kom upp við kennsluskúr Seljaskóla um klukkan sjö í gærkvöld. Kveikt hafði verið í brúsa með eldfimum vökva og kom nágranni með handslökkvitæki og var búinn að slökkva eldinn áður en slökkilið kom á staðinn. Ekki er vitað hver kveikti í.

# Lánsöm að vera á lífi

**Maður var dæmdur í fimm og hálfs árs fangelsi fyrir árás á fyrrverandi sambýliskonu með felgulykli. Hún var hætt komin. Börn þeirra voru á staðnum.**

**DÓMSMÁL** Lárus Már Hermannsson hefur verið dæmdur í fimm og hálfs árs fangelsi fyrir að ráðast á fyrrverandi sambýliskonu sína með felgujárni á heimili hennar á Akranesi sunnudaginn 28. ágúst. Konunni voru einnig dæmdar 700.000 krónur í miskabætur. Lárus, sem er 36 ára, hefur setið í gæsluvarðhaldi frá því atburðurinn átti sér stað.

Lárusi fipaðist og lét af árásinni þegar konan öskraði á hjálp, en hafði þá veitt henni alvarlega áverka. Á efri hæð hússins sváfu börn Lárusar og konunnar, 14 ára stúlka og 11 ára piltur. Konan komst upp, þar sem stúlkan hringdi á Neyðarlínu. Klukkuna vantaði þá fimm mínútur í níu að morgni.

Þegar lögreglu bar að garði voru þar fyrir konan og börnin, en Lárus Már var á bak og burt. Sá lögregla strax að konan var víða meidd á höfði og blæddi mikið. Felgulykillinn fannst bak við baðherbergishurð, en þar var talsvert blóð sjáanlegt og blóðslettur á hurð, veggjum og gólfi. Þá segir lögregla að talsvert blóð hafi verið í svefnherbergi á annarri hæð, en þar var konan þegar þeir komu.

Lárus hafði rætt við dóttur sína í síma kvöldið áður og frétt að móðir hennar væri á leið á dansleik. Um tvö ár voru síðan þau höfðu slitið samvistum eftir að hafa verið saman í tólf ár. Um nóttina fór hann til Akraness og beið alla nóttina fyrir utan hjá konunni. Hann sá til hennar með manni um klukkan fimm um morguninn og svo þegar hún sneri aftur ein heim um klukkan níu lét Lárus til skarar skríða. Konan varð fyrst vör við hann þar sem hún var inni á baðherbergi að bursta tennurnar og fékk skyndilega höfuðhögg. Árásin var hrottaleg og var konan viss um að hennar síðasta væri runnið upp. Hún hlaut marga djúpa skurði á höfuð og áverka á vinstri hönd og handlegg sem hún reyndi að bera fyrir sig. Læknir sagði árásina hafa verið sérstaklega hrottalega og konan sögð „sérstaklega lánsöm að látast ekki við atlöguna“.

Geðlæknir sem skoðaði Lárus eftir atburði taldi hann ábyrgan gjörða sinna þrátt fyrir að vera haldinn hugvilluröskun af afbrýðisemistoga. Fram kom að hann hafði átt við þunglyndi og drykkju að stríða og nokkrum sinnum reynt sjálfsvíg. Hann fannst nokkru eftir klukkan tíu í malarnámu norðan við Hvalfjarðargöng og var þá búinn að leiða útblástur bifreiðarinnar inn um hliðarrúðu á henni. Hann var fluttur á sjúkrahús á Akranesi og svo á geðdeild í Reykjavík, en var svo úrskurðaður í gæsluvarðhald.

„Atlaga ákærða gegn Guðrúnu Lilju var ófyrirleitin og beindist gegn lífi hennar. Réð tilviljun ein því að ákærði náði ekki markmiði sínu. Á ákærði sér engar málsbætur,“ segir í dómi Héraðsdóms Vesturlands en hann kvað upp Símon Sigvaldason héraðsdómari. **olikr@frettabladid.is**



JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

# Ólafur Gunnarsson

## „HITTIR Í MARK MEÐ ÞESSARI SKEMMTILEGU BÓK“

FRÉTTABLAÐIÐ




„Grípandi frásögn … Ólafur fer geysilega vel með efnið … skemmtilega margþætt verk.“

Gunnþórunn Guðmundsdóttir / BOKMENNTIR.IS

„Frábær söguleg skáldsaga … skrifuð af fádæma stílgáfu … ævintýraleg … mjög lífleg …“

Jón Yngvi / KASTLJÓS



„Ólafur fléttar saman skáldskap og sögulegum staðreyndum af sinni alkunnu íþrótt.“

Hávar Sigurjónsson / MORGUNBLAÐIÐ

„Höfuðlausn er fantafín saga.“

Halldór Guðmundsson / FRÉTTABLAÐIÐ

„Heilmikil örlagasaga … ég sat fastur í söguneti Ólafs og las og las og gat ekki lagt frá mér bókina.“

Illugi Jökulsson / TALSTÖÐIN

„Ólafur Gunnarsson hittir í mark með þessari skemmtilegu bók sem fangar strax athygli lesandans og heldur honum þar til yfir lýkur.“

Bók vikunnar / FRÉTTABLAÐIÐ

„Áhrifamikil og áhugaverð bók. Ólafur er frábær rithöfundur og honum bregst ekki bogalistin í Höfuðlausn.“

Steingerður Steinarsdóttir / VIKAN




Með *Höfuðlausn* slær **Ólafur Gunnarsson** á nýja strengi í sagnagerð sinni en hann hlaut **ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN** fyrir síðustu skáldsögu sína.



**JÓLAMARKAÐUR** Jólamarkaðurinn í Stuttgart, sem á sér aldalanga hefð, var opnaður í gær. Hér skreytir Jörg Kumfert söluskálann sinn í sönnum jólaanda. MYND/AP

Áminning Tryggingastofnunar vegna of- eða vangreiðslna tekjutengdra bóta:

# Lífeyrisþegar bera ábyrgðina

**LÍFEYRISMÁL** Lífeyrisþegar bera sjálfir ábyrgð á því að Tryggingastofnun hafi réttar forsendur til útreiknings bóta á hverjum tíma. Þetta kemur fram í greinargerð sem TR hefur sent frá sér vegna þeirrar umræðu sem uppi hefur verið að undanförnu um ofgreiðslur og vangreiðslur bóta til lífeyrisþega.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að rúmlega eitt hundrað manna skuldi TR milljón eða meira hver, vegna ofgreiddra bóta sem þeir hafa fengið, langflestir þessa hóps eru öryrkjar. Þessar greiðslur eru afturkræfar leggi viðkomandi fram gögn um að stuðst hafi verið við rangar tekjuupplýsingar. Í greinargerðinni er undirstrikað að til að auka líkur á því að réttar bótafjárhæðir séu greiddar er sú skylda lögð á herðar lífeyrisþegum að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti tekið ákvörðun um bótarétt og bótafjárhæðir, svo og um allar breytingar sem verða á yfirstandandi ári. Í því skyni að lágmarka ofgreiðslur eru gildandi tekjuáætlanir sendar með mánaðarlegum greiðsluseðlum til lífeyrisþega.

Í almannatryggingalögum er mælt fyrir um að Tryggingastofnun skuli áætla tekjur lífeyrisþega fyrir hvert almanaksár. Tekjuáætlun Tryggingastofnunar byggir á nýjustu tiltæku tekjuupplýsingum. Stofnunin sendir lífeyrisþegum tekjuáætlunina og gefur þeim kost á að gera athugasemdir við hana. Á grundvelli áætlunarinnar og breytinga frá lífeyrisþegum eru bætur reiknaðar út fyrirfram fyrir viðkomandi ár. TR undirstrikar að afar mikilvægt sé að lífeyrisþegar láti stofnunina vita ef breytingar verða á fjárhagslegum högum þeirra, þannig að ekki verði um ofgreiðslur eða vangreiðslur til þeirra að ræða. - jss



**LÍFEYRISÞEGAR** Geta ráðið öllu um hvort þeir fá þær bætur sem þeim ber með því að veita Tryggingastofnun réttar upplýsingar um breytingar á fjárhag.

Fjármálastarfsemi á Íslandi:

## Nefnd skipuð

**VIÐSKIPTI** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur skipað ellefu manna nefnd til að fjalla um forsendur alþjóðlegrar fjármálastarfsemi á Íslandi og samkeppnishæfni landsins á því sviði.

Í nefndinni eru: Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka sem er formaður nefndarinnar, Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri, Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri, Pálmi Haraldsson framkvæmdastjóri, Ásdís Halla Bragadóttir, forstjóri BYKO, Jón Sigurðsson seðlabankastjóri, Haukur Hafsteinsson framkvæmdastjóri LSR, Hulda Dóra Styrmisdóttir ráðgjafi, Guðjón Rúnarsson framkvæmdastjóri, Halldór B. Þorbergsson hagfræðingur og Katrín Ólafsdóttir aðjúnkt. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum næsta vor.

Jólasveinaþjónusta Skyrgáms:

## Börn í Úganda fá aðstoð

**GÓÐGERÐARMÁL** Jólasveinaþjónusta Skyrgáms afhenti nýlega Hjálparstarfi kirkjunnar tæpa hálfa milljón til aðstoðar börnum í Úganda sem misst hafa báða foreldra sína úr alnæmi.

Jólasveinaþjónusta Skyrgáms hefur verið starfrækt í sjö ár og hefur Hjálparstarf kirkjunnar notið góðs af starfsemi hennar. - sk

# Lestur Blaðsins dregst saman um tuttugu prósent

**Ný könnun á vegum IMG Gallup leiðir í ljós að lestur Blaðsins hefur minnkað um rúm tuttugu prósent frá því í síðustu könnun. Ritstjóri Blaðsins telur sóknartækifærin liggja í því að dreifa blaðinu á morgnana.**

**FJÖLMIÐLAR** „Við erum núna að skoða möguleikann á því að fara með öll tölublöðin í morgundreifingu,“ segir Karl Garðarsson, ritstjóri Blaðsins.

Samkvæmt nýrri könnun IMG Gallup á lestri dagblaðanna blasir við að meðallestur Blaðsins er kominn talsvert niður fyrir mældan lestur þegar Blaðið var nýtt á markaði eða úr 35 prósenta meðallestri landsmanna undir fimmtugu og niður í 29 prósenta lestur hjá sama hópi.



**KARL GARÐARSSON RITSTJÓRI BLAÐSINS** Karl segir að hugmyndir um að koma Blaðinu í morgundreifingu séu í mótun en vill ekki útskýra þær nánar.

Í millitíðinni náði Blaðið 37 prósenta lestri og fellur því um átta prósentustig frá því í síðustu könnun, eða um rúm tuttugu prósent. „Fyrsta lestrarkönnunin var gerð þegar Blaðið hafði verið á markaði í um þrjár vikur. Það var ákveðin spenna þá eins og oft er þegar eitthvað er nýtt,“ segir Karl.

Karl bendir á áberandi mikinn lestur á laugardagsútgáfu Blaðsins og telur að skýringin sé að laugardagsblaðinu er dreift á morgnana. „Laugardagsblað Morgunblaðsins hefur 48 prósenta lestur á höfuðborgarsvæðinu og Blaðið nær þar 46 prósentum þannig að þar munar ekki miklu,“ segir Karl.

Hann er ekki fús til þess að upplýsa nánar um hvernig hann hyggst koma blaðinu öllu í svokallaða morgundreifingu en ljóst má telja að erfitt gæti reynst að nýta þjónustu Íslandspósts til þeirra verka. „Þetta er hlutur sem við erum ennþá að skoða og höfum verið að fara yfir á undanförnum mánuðum,“ segir Karl. Blaðinu er dreift ókeypis í um 80 þúsund eintökum.

Til samanburðar við þessa útkomu Blaðsins má benda á að þegar Fréttablaðið hafði verið í dreifingu í svipaðan tíma í október 2001, mældist meðallestur þess vera 54 prósent.

Í sömu könnun mælist lestur Fréttablaðsins vera 71 prósent meðal allra landsmanna og hefur þar dvínað um eitt prósentustig frá könnun sem gerð var á svipuðum tíma í fyrra. Heildarlestur Morgunblaðsins dregst saman um þrjú prósentustig á sama tímabili og situr nú í 51 prósenti þegar litið er til allra aldurshópa.

saj@frettabladid.is



**DAGBLÖÐIN** Ný könnun IMG Gallup leiðir í ljós að lestur Blaðsins er minni nú en hann var þegar blaðið hóf göngu sína. Forráðamenn hyggja á breytingar í dreifingu til þess að styrkja stöðu Blaðsins.




DAGBLÖÐ

Ný ljóðabók frá Þórarni Eldjárn

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Ný og fjölbreytileg ljóðabók eftir eitt vinsælasta skáld þjóðarinnar, Þórarin Eldjárn.




**Hagmælisgrey um ljóðið**

Víst er það löngu ljóst og bert
að ljóðið ratar til sinna.
Samt finnst mér ekki einskisvert
að ýta því líka til hinna.

„Annars er bókin hans Þórarins sérlega fín. Þarna eru bæði rímuð kvæði og órímuð, alvörugefin, glettin, smáskrítin og djúpvitur – vald Þórarins á málinu er einstakt.“
Egill Helgason, Silfur Egils, visir.is

Edda
edda.is

Esso



e-KORTHAFAR ATHUGIÐ

# 10%

# ENDURGREIÐSLA

Þeir sem greiða með e-korti fá 10% endurgreiðslu
**af öllu eldsneyti** hjá ESSO í dag



**AÐEINS Í DAG!**

e kort
www.ekort.is



**ÁRSGÖMUL APPELSÍNUBYLTING** Viktor Jústsjenkó, forseti Úkraínu, ávarpaði þjóð sína af Fullveldistorginu í Kænugarði á þriðjudagskvöldið í tilefni af ársafmæli appelsínubyltingarinnar svonefndu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðstefna Arababandalagsins um frið í Írak:

# Samstaða um að herliðið víki

**ÍRAK** Þjóðarbrotin í Írak samþykktu einum rómi ályktun á ráðstefnu Arababandalagsins um að erlent herlið skuli yfirgefa landið innan tilsetts tímaramma og landsmenn taki sjálfir að sér löggæslu og landvarnir. Þetta er í fyrsta sinn sem sátt næst um málið.

Ráðstefnuna sátu áhrifamenn í írökskum stjórnmálum, þar á meðal Jalal Talabani forseti, en hún fór fram í Kaíró í vikubyrjun. Í ályktun þingsins segir að „erlendar hersveitir skuli á brott úr landinu samkvæmt settum tímaramma og um leið skuli sérstakri áætlun um uppbyggingu Íraksher hrint í framkvæmd.“



**STUNGIÐ SAMAN NEFJUM** Þessir herramenn voru á meðal þeirra sem ræddu málin á ráðstefnunni í Kaíró. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gert er ráð fyrir að önnur ráðstefna, sem haldin verði í febrúar, ákveði tímamörkin nánar. Dagblaðið Independent hefur hins vegar eftir Bayan Jabr innanríkisráðherra að Írakar verði sjálfir í stakk búnir til að sjá um öryggismál landsins í síðasta lagi í árslok 2006.

Samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna verður erlenda hernámsliðið að yfirgefa Írak fari ríkisstjórn landsins fram á það. Sjíar hafa hins vegar verið tregir til að setja dagsetningar í þeim efnum því þeir óttast að uppreisnarmenn muni þá bíða átekta þangað til. - shg

Augusto Pinochet:

## Hnepptur í stofufangelsi

**SANTIAGO, AP** Augusto Pinochet, fyrrverandi einræðisherra í Chile, hefur verið ákærður fyrir brot á skattalögum landsins og hnepptur í stofufangelsi. Honum er auk þess gefið að sök að hafa notað falskt vegabréf til að stofna bankareikninga erlendis en á stjórnarárum sínum, 1973-90, sankaði hann að sér feiknalegum auðæfum.



**PINOCHET** Áður hefur málum verið vísað frá vegna heilsufars hans.

Ekki er sjálfgefið að af réttarhöldunum verði því málum gegn Pinochet hefur áður verið vísað frá vegna heilsufars hans. Læknar úrskurðuðu hins vegar á dögunum að þrátt fyrir ellimerki væri hann nægilega hraustur til að bera vitni. ■

Kennari í kaþólskum skóla:

## Rekin fyrir að verða ólétt

**BANDARÍKIN** Michelle McCusker, kennslukona í New York, hefur kært skólann sem hún kenndi við fyrir að reka sig úr starfi fyrir að verða barnshafandi án þess að vera í hjónabandi.

Mannréttindasamtök höfða málið fyrir hönd McCusker og segja augljóst mál að henni hafi verið sagt upp á grundvelli kynferðis. Sjálf segist hún ekki skilja hvers vegna gripið sé til svo harkalegra aðgerða þegar horft sé til þess að kristin trú byggist á fyrirgefningu og virðingu fyrir lífinu og eigi þá einu að gilda hver hjúskaparstaða manns sé.

Talsmenn erkibiskupsdæmisins í New York segja hins vegar að skólinn hafi ekki átt annars úrkosti en að fylgja þeim reglum sem kveðið sé á um í handbók kennara. ■



**BORGARALEG FERMING** Sífellt fleiri fermast borgaralegri fermingu. Eins sækjast fleiri eftir öðrum borgaralegum athöfnum en þjónusta við þá sem það kjósa er afar lítil segja félagsmenn Siðmenntar.

# Telur trúlausa ekki fá þá þjónustu sem þeim ber

**Borgaralegar fermingar verða fleiri en nokkru sinni í vor. Félagsmenn Siðmenntar segja þó mikið skorta á að fólk utan trúfélaga fái sjálfsagða þjónustu en fólki fjölgar ört í þessum hópi.**

**FERMINGAR** „Að minnsta kosti 120 unglingar munu fermast borgalegri fermingu í vor og þessi hópur hefur farið stórvaxandi á undanförnum árum,“ segir Hope Knútsson, formaður Siðmenntar. Það er tæp 30 prósenta aukning frá síðasta vori.

Félagsmenn skilgreina félagið sem lífsskoðunarfélag sem sé málsvari mannúðarstefnu og frjálsrar hugsunar, óháð trúarsetningum.

Sigurður Hólm Gunnarsson, varaformaður félagsins, segir þeim stórfjölga einnig sem óski eftir giftingum og útförum án tengsla við trúfélög en slík þjónusta sé af afar skornum skammti. „Við höfum tvívegis sóst eftir því að fá skráningu sem trúfélag hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og að sömu reglur giltu um okkur og trúfélög en þá fengjum við greidd sóknargjöld og gætum þá eflaust veitt þessa félagslegu þjónustu sem við teljum að hver maður eigi rétt á óháð því hvort hann sé trúaður eða ekki,“ segir Sigurður Hólm. Umsóknum Siðmenntar var hafnað.



**SIGURÐUR HÓLM GUNNARSSON**

„Nú erum við að vinna að því að lög verði sett um lífsskoðunarfélög svo staða okkar verði lík stöðu trúfélaganna. Í Noregi til dæmis hafa slík lög verið sett svo að jafnræði sé með þegnunum hvort sem þeir eru í trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi,“ segir Sigurður Hólm.

Hjörtur Magni Jóhannsson fríkirkjuprestur sagði í útvarpsmessu sinni síðasta sunnudag að rúmlega 40 þúsund manns kjósi að standa utan þjóðkirkjunnar. Hann sagði ennfremur að það stangaðist á við jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar að opinberum gjöldum einstaklinga sé með beinum eða óbeinum hætti ráðstafað til eflingar trúfélaga sem viðkomandi ætti ekki aðild að. Þetta væri mismunun því að þjóðkirkjan fengi hátt í fjóra milljarða af fjárlögum ríkisins.

„Það er í rauninni aðeins 85 prósent landsmanna sem eru nú innan þjóðkirkjunnar en ekki 95 til 99 prósent líkt og lengi var og því er spurningin sú: hvað þarf þetta hlutfall að verða lágt svo að þessi forréttindastaða verði afnumin,“ segir Friðrik Þór Guðmundsson, oddviti Samtaka um aðskilnað ríkis og kirkju.

jse@frettabladid.is




Jólastöð ÓB
– fylltu bílinn og fáðu jólapakka

Reglulega fram til jóla munu jólasveinar heimsækja ÓB-stöðina við Fjarðarkaup og gefa gjafir frá Nóa Siríusi, Senu eða JPV. Samdægurs segjum við frá því á Rás 2 hvenær þeir eru væntanlegir, svo þú getir mætt á staðinn, fyllt bílinn með afslætti og fengið jólagjöf í kaupbæti.

Verður heppnin með þér?

Færðu jólagjöf frá ÓB-jólasveininum?

Fylgstu með!

RÁS 2
ÓB ódýrt bensín

# OFUR ÚTSALA

# SÍÐASTI DAGURINN!

**Tryggjum stöðugleika!**
**Vetrardekk fylgja öllum fólksbílum**



**100%**
Allt að 100% lán á völdum bílum til allt að 60 mánaða

**Renault Megane Scenic 1,6 árg. 2000**
ek. 15.000, 5 gíra. Ásett verð: 990.000. Tilboð: 790.000.

**VW Golf 2,0 4Motion árg. 2001**
ek. 74.000, 5 gíra. Ásett verð: 1.250.000. Tilboð: 990.000.

**VW Passat 2,0 4Motion árg. 1998**
ek. 105.000, 5 gíra. Ásett verð: 910.000. Tilboð: 720.000.

**Skoda Octavia 1,6 árg. 2002**
ek. 120.000, 5 gíra. Ásett verð: 890.000. Tilboð: 690.000.

**MMC Space Star árg. 1999**
ek. 146.000, 5 gíra. Ásett verð: 590.00. Tilboð: 450.000.

**Range Rover HSE árg. 1999**
ek. 123.000, sjálfsk. Ásett verð: 2.990.000. Tilboð: 2.540.000.

**Audi A6 Avant TDI, dísil árg. 2002**
ek. 103.000, 5 gíra. Ásett verð: 2.190.000. Tilboð: 1.750.000.

**VW Polo 1,4 árg. 1999**
ek. 86.000, 5 gíra. Ásett verð: 490.000. Tilboð: 390.000.

SP-FJÁRMÖGNUN

**Útsalan Kletthálsi opin frá kl. 10 til 18**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 4752

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is

HEKLA®
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Einnig er útsala hjá söluumboðum okkar Selfossi, Reykjanesbæ og Akureyri

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

HEKLA, Kletthálsi 11, sími 590 5760
www.hekla.is, hekla@hekla.is



Þú þarft ekki
Frosin nýsjálensk ungnautalund
Frosin nýsjálensk ungnautalund
2299 kg KR.
Nýsjálensk ungnautalund
HÁLFUR LÍTRI
69 KR.
Pinquin saltpillur
PINQUIN SALTPILLUR
349 KR.
310g
EKKERT BRUÐL
Þrátt fyrir tolla og VSK
LÆGRA VERÐ EN Í FRÍHÖFNINNI!
EURO SHOPPER
Chips
Paprika
Naturel • Salta
200g poki
98 KR.
Kryddað Bónus lambalæri
KRYDDAÐ LAMBALÆRI
899 kg KR.
Merkt verð 998kr.
10% AFSLÁTTUR
VIÐ KASSANN
650g af fylltum konfektmolum
1499 KR.
EKKERT BRUÐL
LANGBESTU MOLARNIR!
www.bonus.is
BÓNUS


að fletta lengra...
Lúxus kjúklingablanda!
3 bringur + 3 leggir + 3 vængir
BÓNUS KJÚKLINGUR
Himnesk hollusta
FRISE SALATBLANDA
FRISE SALATBLANDA
199 KR.
200g
LÚXUS KJÚKLINGABLANDA
899 kg KR.
Merkt verð 1199kr.
25% afsláttur við kassann
KRYDDFETI
199 200g KR.
LÉTTFETI
179 200g KR.
TRÖNUBERJASAFI
259 1 LÍTRI KR.
FERSKUR ANANAS
199 um 1900g KR.
Feti
Florida
FERSKUR TRÖNUBERJASAFI
STEIKTAR FISKIBOLLUR
299 430g KR.
Fiskibollur steiktar
25%
BERJAINNIHALD
Enginn viðbættur sykur
Chiquita
I. FLOKKS PAKKAÐAR APPELSÍNUR
159 KÍLÓVERÐ KR.
Robin I. fl. appelsínur
Robin I. fl. klementínur
Ný uppskera!
PÖKKUÐ JÓLAEPLI
169 KÍLÓVERÐ KR.
KLEMENTÍNUKASSI I. FLOKKUR
359 2.3 KÍLÓ KR.
Klementínur
2.3 kg
BERG FRUIT Robin
Amerísku jólaeplin eru komin!
bonus.is
BÓNUS
ERAN/Landlist



**HÓTEL ÚKRAÍNA** Hótel Úkraína, fræg bygging frá Stalínstímanum í Moskvu, var seld á einkavæðingaruppboði á miðvikudag fyrir sem svarar um 17 milljörðum króna. Söluverðið var um 80% yfir lágmarksboði. MYND/AP

Silungsveiðileyfi í Víðidalsá í Húnaþingi kostar nú 25 þúsund krónur:

# Veiðileyfi hækkar um 137 prósent

**VEIÐI** Veiðileyfi á silungasvæðinu í Víðidalsá í Húnaþingi hækka nú um 137 prósent á milli ára. Á þessu ári greiddu silungsveiðimenn 10.500 krónur fyrir daginn en koma til með að þurfa að greiða 24.900 fyrir veiðidaginn næsta sumar.

„Áður en við tókum við ánni þá var leigan á silungasvæðinu tvær milljónir á ári. Við borgum núna fjórar milljónir fyrir veiðisvæðið. Þessi 100 prósent hækkun á leigunni skilar sér náttúrulega beint í veiðileyfin," segir Stefán Sigurðsson, sölustjóri hjá Lax-á ehf., fyrirtæki Árna Baldurssonar.

Víðidalsá komst í fréttir þegar Lax-á bauð 50 milljónir króna í árlega leigu fyrir ána. Áður hafði leigan verið 32 milljónir á ári.

Stefán segir að þar sem hér hafi verið um útboð að ræða hafi markaðurinn ráðið ferðinni. „Ef ég hefði ekki boðið þessa upphæð þá hefði svæðið farið á sama verði hvort eð er því ég var ekkert einn að bjóða í þetta."

Stefán bendir á að það hafi talsvert að segja að þarna sé aðeins veitt á tvær stangir. Árlega veiðist á bilinu 1500 til 1700 silungar þarna og það sé með því allra besta sem hægt sé að komast í. - saj



**ÁRNI BALDURSSON** Fyrirtæki Árna selur veiðileyfi í silungsveiði á 24.900 krónur daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Erlendir hryðjuverkamenn:

## Mega styrkja félagasamtök

**DANMÖRK** Fjölmiðlar og félagasamtök í Danmörku geta þegið fé frá samtökum sem talin eru hafa framið hryðjuverk án þess að gerast brotleg við lögin. Hins vegar mega danskir þegnar og fyrirtæki ekki veita hryðjuverkasamtökum fjárstuðning.

Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra segir í viðtali við Berlingske Tidende að þetta komi sér á óvart og málið verði rannsakað.

Ástæðan fyrir því að þetta mál kemur upp nú er krafa Tyrkja og Bandaríkjamanna um að kúrdískri sjónvarpsstöð sem sendir út frá Danmörku verði lokað. - ks



**HANDTEKNIR VEGNA SÓLBAKS** Fyrir miðri mynd er Birgir, en á leið inn í lögreglubíl er Konráð Alfreðsson, formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar. Lengst til vinstri en Ólafur Ásgeirsson yfirlögregluþjónn á Akureyri, en að baki honum glittir í Jónas Garðarsson, formann Sjómannafélags Reykjavíkur. Verið er að handtaka forsvarsmenn sjómanna fyrir að hindra uppskipun úr Sólbaki í byrjun október í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sjálfkjörinn formaður aftur:

## Fékk ekki mótframboð

**VERKALÝÐSFÉLÖG** Ekkert mótframboð kom á móti Jónasi Garðarssyni, formanni Sjómannafélags Reykjavíkur, og verður hann því sjálfkjörinn formaður félagsins áfram. Framboðsfrestur rann út síðasta mánudag.



**JÓNAS GARÐARSON**

Jónas hefur ásamt eiginkonu sinni réttarstöðu grunaðs manns í rannsókn lögreglu á sjóslysinu sem varð í september á Viðeyjarsundi þar sem tvennt lést. Rannsókn málsins er ekki lokið.

Aðalfundur Sjómannafélagsins verður haldinn milli jóla og nýárs, þegar togarar eru í landi. „Ekkert þýðir annað en að halda fundinn þegar flestir komast," segir Birgir H. Björgvinsson, stjórnarmaður í Sjómannafélaginu. - óká

# Sjómenn hafa varað við ódýru erlendu vinnuafli

**Birgir Hólm Björgvinsson hjá Sjómannafélagi Reykjavíkur kallar eftir öflugri kjarabaráttu og gagnrýnir Alþýðusambandið. Fyrir rúmum áratug vöruðu forsvarsmenn sjómanna við ásókn í ódýrt erlent vinnuafl.**

**VERKALÝÐSMÁL** „Líklega eru komin ein 10 til 15 ár síðan við vöruðum við því að ásókn í ódýrt erlent vinnuafl myndi færast upp í land," segir Birgir Hólm Björgvinsson, stjórnarmaður í Sjómannafélagi Reykjavíkur, en félagið var í fararbroddi í baráttu við að fá íslenska kjarasamninga um borð í kaupskipum sem hér voru skráð. „Bíðið þið bara rólegir, þetta flæðir upp bryggjurnar, sögðum við, en það var bara hlegið að okkur. Við vorum alltaf að reyna að fá samstöðu hjá ASÍ og fleirum, en töluðum fyrir daufum eyrum."

Meðal forsenda þess að kjarasamningum yrði ekki rift um síðustu mánaðamót var að lög yrðu sett um starfsmannaleigur, en málefni erlendra starfsmanna hafa um skeið verið til sérstakrar skoðunar hjá verkalýðsfélögunum.



**BIRGIR HÓLM BJÖRGVINSSON** Birgir segir að fyrir 10 árum hafi Sjómannafélag Reykjavíkur bent á að erlendir verkamenn ættu eftir að „flæða upp bryggjurnar og í land," en önnur verkalýðsfélög hafi gefið þeim orðum lítinn gaum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Birgir segir margt líkt með þeim málum sem sjómenn voru að fást við og starfsmannaleigunum sem verkalýðsfélög fást nú við. „Þetta voru náttúrulega erlend skip og þeir með láglaunasjómenn, allt niður í 50 dollara á mánuði og voru að rífa af okkur plássin. Síðustu 10 ár hafa fleiri hundruð íslenskir farmenn misst störf sín."

Birgir, sem er gjaldkeri Sjómannafélagsins og Jónas Garðarsson formaður hafa verið í forystu þeirra sem „tekið hafa slaginn" um gildi íslenskra kjarasamninga hér og hjá íslenskum fyrirtækjum. „Það þarf að hreyfa aðeins við þessari ASÍ-mafíu, enda er þetta alveg handónýtt batterí," segir Birgir og kveður það skoðun sína að sjómenn ættu að slíta sambandi við Alþýðusambandið. „Við getum alveg staðið á eigin fótum, enda þýðir ekkert að hengja sig í álit einhverra lögfræðinga og hagfræðinga sem öllu ráða hjá ASÍ. Það er bara handaflið sem virkar. Við höfum langlengst komist á því hjá Sjómannasambandinu að stöðva bara skip og láta okkur í léttu rúmi liggja þótt við fáum á okkur her lögfræðinga sem kvarta yfir aðgerðunum. Við höfum líka haldið þó nokkru af okkar mönnum, enda vitað að við erum til í aðgerðir. Við vorum líka alveg tilbúnir að fara upp að Kárahnjúkum með rútu af 50 til 100 körlum og stoppa þetta bara. En menn vilja bara frekar sitja við kjaftaborðið."

Birgir vildi þó árétta að ekki væru allir ónýtir til kjarabaráttu innan Alþýðusambandsins. „Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins og formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, hefur staðið eins og klettur við hliðina á okkur, ekki síst í baráttunni úti í Njarðvík þar sem við höfum stoppað nokkur skip."

olikr@frettabladid.is


EIN ALLRA STÆRSTA BJÖRGUN ÍSLANDSSÖGUNNAR

LEYNDARMÁL AFHJÚPAÐ!

Lítil hersveit undir stjórn Einars Sigurðssonar bjargaði hátt í tvö sjóliðum eftir að kanadíski tundurspillirinn Skeena, strandaði við Viðey 25. október 1944.

Hér varpa einstakar frásagnir Kanadamanna og Íslendinga nýju ljósi á björgunar- og hermálasögu Íslands með lýsingu á einum örlagaríkasta atburði stríðsins hér á landi.

Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa verið metsölubækur í áraraðir.




METSÖLU-LÍFSSTÍLSBÓK SNIÐIN AÐ ÞÖRFUM KVENNA

KONU BÓKIN

Dr. Pamela Peeke lagaði aðferðirnar í Líkami fyrir lífið algjörlega að konum.

Fjallað er um aðferðir sem gera konum kleift að grennast og gjörbreyta líkamlegu ásigkomulagi sínu. Pamela útskýrir hvernig jafnvægið milli æfinga og næringar skiptir mestu. Á öllum aldri.

ÚTKALL Sími 562 2600

# MEST SELDU BÆKUR VERALDAR!




1. prentun uppseld
2. prentun komin

## Væntanleg á markað á 15 tungumálum í yfir 100 löndum!

„...skilar lesanda ***vel unninni*** og ***hugsaðri glæpasögu***."

— Páll Baldvin Baldvinsson, DV

„***Fersk rödd*** ... ***Hröð*** atburðarás og ***hressilegur still***."

— Katrín Jakobsdóttir, gagnrýnandi

„Eitthvað ***alveg sérstakt***"

— Suzie Doore, útgáfustjóri Hodder og Staughton í Bretlandi

„Allt er þetta ***vel gert*** og bókin hefur ***fagmannlegan svip*** ..."

— Halldór Guðmundsson, Fréttablaðinu

15.-21. nóvember Metsölulisti Mbl. Skáldverk 2. sæti

15.-21. nóvember Metsölulisti Mbl. allar bækur 5. sæti

1. prentun uppseld
2. prentun komin

## Heillandi ævisaga!

„... ***lífleg og fróðleg*** frásögn ... ætti að bæta margan manninn."

— Sigríður Albertsdóttir, DV

„***Skyldulesning***."

— Hemmi Gunn, Íslandi í bítið.

15.-21. nóvember Metsölulisti Mbl. Ævisögur & endurminningar 2. sæti

15.-21. nóvember Metsölulisti Mbl. allar bækur 4. sæti

## Örn Clausen fer á kostum!

Örn Clausen, hæstaréttarlögmaður og fyrrum frjálsíþróttakappi, segir í þessari ***bráðskemmtilegu*** bók sögur af ýmsum samferðamönnum, allt frá rónum upp í ráðherra - en að auki koma æðri máttarvöld við sögu.

Eyrún Ingadóttir tók saman.

15.-21. 11. Metsölulisti Mbl. Ævisögur & endurminningar 3. sæti

Veröld
BÓKAFORLAG

BRÆÐRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450
www.verold.is • verold@verold.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - VER 30382 11/2005



**SUNNANMENN Í NORÐRINU** Kóreumaraþonið var haldið í Pjongjang í Norður-Kóreu í vikunni. 150 suður-kóreskir hlauparar brugðu sér yfir landamærin og tóku þátt. Fyrst gáfu þeir sér þó tíma til að skoða helstu kennileiti höfuðborgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Beið í fimmtán mínútur í síma og var þá sagt að hann væri númer 30 í röðinni:

# Spurt um þjónustu Símans

**NEYTENDAMÁL** Jón Bjarnason, þingmaður vinstri grænna, spurði viðskiptaráðherra á Alþingi í gær, hvort til álita kæmi að setja þjónustukvaðir á fyrirtæki með almannaskyldur eða ráðandi markaðshlutdeild þar sem til dæmis yrði kveðið á um hámarksbiðtíma eftir svörun í þjónustusíma.

„Hvatinn að þessari fyrirspurn er persónulegs eðlis. Ég þurfti nauðsynlega að ná í þjónustusíma Símans 800 7000 og eftir að hafa beðið á línunni í einar 15 mínútur kom svarið að ég væri númer 30 á biðlista.“ Jón sagði að nákvæmlega sama sagan hefði endurtekið sig síðar sama dag. Spyrja mætti ráðherra neytendamála hvort þetta væru eðlilegir viðskiptahættir.



**SÍMINN** Engar kvaðir settar á Símann segir ráðherra neytendamála.

Valgerður Sverrisdóttir, ráðherra neytendamála, sagði að hið einfalda og stutta svar væri nei. „Hvorki hafa verið settar né kemur til álita að setja slíkar kvaðir á þjónustuaðila með almannaskyldur eða ráðandi markaðshlutdeild þar sem kveðið yrði á um hámarksbiðtíma.“ Valgerður taldi að neytendur hlytu að beina viðskiptum sínum annað fengju þeir ekki fullnægjandi þjónustu. „Markaðurinn sér um þetta sjálfur.“

Valgerður bætti við að í samkeppnisrétti væri ekki bannað að vera markaðsráðandi en ekki mætti misnota þá aðstöðu. - jh

Nýr vefur Dómstólaráðs:

# Dómar verða birtir á netinu

**DÓMSMÁL** Stefnt er að því að ný sameiginleg heimasíða héraðsdómstólanna komist í gagnið 20. febrúar næstkomandi.

Dómar verða birtir á nýjum vef Dómstólaráðs en fram til þessa hafa bara Hæstiréttur og Héraðsdómur Norðurlands eystra gert það.

Freyr Ófeigsson, dómstjóri á Norðurlandi eystra, segir stefnt að opnun nýja vefsins í febrúar. „En ég hef nú heyrt svona dagsetningum fleygt alveg síðan við opnuðum fyrir átta árum,“ bætir hann við.

„En ég veit ekki betur en þetta sé allt á lokastigi.“ - óká



**HEGNINGARHÚSIÐ VIÐ SKÓLAVÖRÐUSTÍG**

Jólastemning í fangelsum:

# Fangar nota tímann vel

**HJÁLPARSTARF** Fangelsismálastofnun og ABC Barnahjálp hafa hrundið af stað tilraunaverkefni fyrir komandi jól sem felst í því að fangar í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og í fangelsinu á Akureyri pakka inn jólakortum. Fangavörður í Hegningarhúsinu segir að fangarnir taki vel í verkefnið. Kortin verða til sölu um allt land og mun ágóðinn af sölunni renna til hjálparstarfs í þágu munaðarlausra barna í Úganda, Indlandi, Pakistan og Filippseyjum. - sk

Snæbjörn Árnason, rækjusjómaður á Bíldudal, gagnrýnir rannsókn á rækju:

# Segir 50 milljónum kastað á glæ

**HAFRANNSÓKNIR** „Önnur eins vitleysa hefur ekki verið viðhöfð held ég frá því að Bakkabræður reyndu að bera ljósið inn í baðstofuna í trogi,“ segir Snæbjörn Árnason, rækjusjómaður á Bíldudal, um verkefni Hafrannsóknarstofnunar í Arnarfirði.

„Það eru að minnsta kosti 50 milljónir settar í þetta verkefni sem hefur það að markmiði að vernda rækjustofn en aflaverðmæti hans er aldrei meira 21 milljón. Þetta er greinilega ekki stofnun í neinu fjársvelti sem getur unnið svona,“ segir hann. „Þar fyrir utan eru engin líffræðileg eða fiskifræðileg rök fyrir þessari rannsókn sem virðist vera gæluverkefni sem skattborgarar fá að gjalda fyrir.“

Verkefnið gengur út á það í meginatriðum að þorskinum í Arnarfirði er gefin loðna á vissum stöðum og þannig er reynt að hamla því að hann leiti innar í fjörðinn til að gæða sér á rækjunni sem þar er.

Vignir Thoroddsen, fjármálastjóri Hafrannsóknarstofnunar, segist ekki getað tjáð sig um hversu miklum fjármunum hafi verið veitt í verkefnið en kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 50 milljónir. „En þessi rannsókn snýst ekki aðeins um það að vernda rækjustofninn svo það er ekki rétt að setja þetta upp svona,“ segir hann.

Ekki náðist í Björn Björnsson hjá Hafrannsóknarstofnun en hann hefur umsjón með verkefninu. -jse



**SNÆBJÖRN ÁRNASON** Snæbjörn segist ekki skilja hvernig Hafrannsóknarstofnun hafi efni á því að eyða 50 milljónum í að vernda 21 milljón króna aflaverðmæti.


# Afmælistilboð

**stærstu fiskbúða landsins**

**Fiskbúðin Hafberg er 10ára - Fiskbúðin Vör er 17 ára**

# LAXAVEISLA Í DAG

Laxaflök...........aðeins.. **790,-kr.kg**

Laxasneiðar......aðeins.. **590,-kr.kg**

Lax í heilu.........aðeins..**490,-kr.kg**

**komdu og gerðu góð kaup í tilefni afmæli okkar!!!!**

**Þú mátt ekki missa af þessu tilboði.**

**Eigum til fullt af humri, stórum sem smáum, ásamt hinum landsfrægu risarækjum.**

FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

Fiskbúðin Vör — Fiskikóngurinn —

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70


**LÍBERÍA**

**Sigurinn staðfestur** Kjörstjórn í Líberíu lýsti því yfir í fyrradag að Ellen Johnson-Sirleaf væri réttkjörinn forseti landsins. Hún bar sigurorð af George Weah í síðari umferð forsetakosninganna 8. nóvember en ásakanir um svindl urðu til þess að sigurinn var ekki staðfestur fyrr en nú. Johnson-Sirleaf er fyrsta konan sem kjörin er þjóðhöfðingi Afríkuríkis.

**FRAMSÓKN**

**Gefur kost á sér** Marsibil Jóna Sæmundsdóttir hefur tilkynnt að hún sækist eftir öðru sæti á lista Framsóknarflokksins fyrir næstu borgarstjórnarkosningar. Marsibil er varaborgarfulltrúi og hefur verið í miðstjórn flokksins síðan 2001.



**LÚSKRAÐ Á ANDSTÆÐINGNUM** Hugmyndir um innflutning á hrísgrjónum hleyptu illu blóði í þingheim. AP

Átök vegna hrísgrjóna:

# Þingið logaði í slagsmálum

**SUÐUR-KÓREA, AP** Slagsmál brutust út á suður-kóreska þinginu í vikunni þegar frumvarp um opnun hrísgrjónamarkaðar landsins var samþykkt.

Þingmenn lítils stjórnarandstöðuflokks reyndu að hertaka forsetasætið í þingsalnum en þingmenn stjórnarflokkanna komu í veg fyrir það.

Hundruð bænda mótmæltu utan við þinghúsið en þeir óttast um afkomu sína. Forseti þingsins sagði þingið ekki hafa haft aðra kosti en að samþykkja frumvarpið þar sem Suður-Kórea væri bundin af samningum um alþjóðaviðskipti. ■

# Leikbær



Það hefur fleira breyst en útlitið á verslunum Leikbæjar. Verðið er líka orðið hagstæðara!



Ný verslun Leikbæjar við Laugaveg.

# Leikbær lækkar verð!

Fyrir um ári síðan urðu eigendaskipti á Leikbæ. Nýir eigendur mörkuðu sér strax ákveðna stefnu sem átti að leiða til bættrar verslunar til hagsbóta fyrir eigendur, starfsfólk og viðskiptavini.

Stefnan var að breikka vöruúrvalið, bæta þjónustuna, stækka verslanirnar, lífga upp á útlit þeirra og ýta undir sérstöðu Leikbæjar sem; skemmtilegasta leikfangaverslun á landinu. Auk þessa átti að leita hagstæðari innkaupa með það að markmiði að lækka verðin í Leikbæ. Því var strax farið í að leita leiða til að auka beinan innflutning sem miðaði að því að fá hagstæðari verð en boðist höfðu til þessa.

Þessum árangri hefur nú þegar verið náð þó enn sé hægt að gera betur. Það er því nýjum eigendum ljúft að geta tilkynnt verulega lækkun á stórum hluta leikfanga í verslunum sínum, en viðskiptavinum má vera ljóst að verðin munu halda áfram að fara niður samhliða auknum innflutningi og hagræðingu í rekstri. Markmiðið er að gera verðin á leikföngum sambærileg við það sem best gerist erlendis.

Leikbær er rekinn í litlum hagstæðum einingum þar sem fáir en góðir starfsmenn vinna frábært starf. Þar sem ekki er um neina yfirbyggingu að ræða og verslanirnar allar staðsettar utan dýru, stóru verslunar-miðstöðvanna er raunhæft að ætla að Leikbær nái settum markmiðum.

# Höfum stækkað
## og fjölgað verslunum

Til þess að viðhalda sérstöðu sinni sem skemmtilegasta leikfangaverslun landsins hefur verið nauðsynlegt að stækka og endurskipuleggja verslunarhúsnæði Leikbæjar. Verslanirnar eru nú rýmri og aðgengilegri en áður, viðskiptavinum til góða.

Verslunum Leikbæjar hefur verið fjölgað úr fjórum í fimm, en í júní 2005 yfirtók Leikbær Liverpool á Laugavegi sem er ein elsta og virtasta sérverslun landsins. Liverpool hafði margt til að bera til að bæta Leikbæ, til að mynda var Liverpool með eitt glæsilegasta úrval af dúkkum og dúkkuvögnum á landinu. Með sameiningu þessara tveggja elstu leikfangaverslana á landinu stendur uppi ein heilsteypt og frábærlega vel heppnuð leikfangaverslun.

Leikbæjarbúðirnar hafa nú fengið andlitslyftingu og eignast sinn eigin verndara, en það er hann Lalli í Leikbæ sem nú prýðir allar verslanir Leikbæjar. Lógó Leikbæjar, sem haldist hefur að mestu óbreytt frá upphafi, fær nú ferskari blæ þó áfram sé haldið í þá grunnliti sem Leikbær hefur spilað með enda eru þeir tákn gleði og fjörugs ímyndunarafls.



# Úrvalið
## er hjá Leikbæ

Slagorð Leikbæjar undanfarin ár og jafnvel síðasta áratug er búið að vera „Landsins mesta úrval leikfanga“. Leikbær ætlar sér áfram að bjóða meira úrval af leikföngum en nokkur annar hér á landi og hefur með það að markmiði bætt við sig þremur stórum, nýjum vörumerkjum á þessu ári. Leikbær ætlar sér að bjóða fjölbreytta flóru af leikföngum, bæði merkjavöru sem og ómarkaðsvæddar vörur.

# Leikbær á Selfossi
## varð þriggja ára í gær

Þann 23. nóvember 2002 var Leikbær á Selfossi opnaður í Kjarnanum.

Viðtökur hafa verið mjög góðar og er verslunin á Selfossi svo sannarlega búin að sanna tilverurétt sinn. Þessi verslun þjónar fyrst og fremst Selfyssingum og nágrannabúum en yfir sumartímann kemur þangað stór hópur ferðamanna og sumarbústaða= eigenda.






# Bland í poka
# á laugardögum

### *Þessu verður tannlæknirinn hrifinn af !*

Leikbær hefur þróað með sér nýtt „konsept“ fyrir bland í poka. Allir þekkja bland í poka í samhengi við að laugardagar séu nammidagar. Starfsmenn Leikbæjar veittu því athygli að fleiri og fleiri foreldrar lögðu leið sína í Leikbæ á laugardögum til þess að versla leikföng sem koma áttu í stað nammipokans. Því var þróaður nýr bar fyrir allar verslanir Leikbæjar þar sem boðið er upp á Legó og annað góðgæti í lausu í stað nammis. Nú eru laugardagar orðnir leikfangadagar í stað nammi-daga hjá fjölda heilbrigðra fjölskyldna. Jafnframt er búist við fjölda jólasveina á „nammibarinn“ á næstunni því pokarnir þykja passa mjög vel í skó.

**Lalli er mjög sáttur við breytingarnar og þá sér-staklega Leikbarinn.**


uglýsing - Auglýsing - Auglýsing -Auglýsing - Auglýsing - Auglýsing- Auglýsing - Auglýsing -Auglýsing - Auglýsing - Auglýsing- Auglýsing - Au

## „ORÐRÉTT“

*Er hann traustsins verður?*

**„Undanfarið hefur fátt annað komist að hjá mér á tónlistarsviðinu en klassískir smellir með Hermanni Gunnarssyni af plötunni Frískur og fjörugur frá árinu 1984.“**

Borgar Þór Einarsson, formaður SUS, í Fréttablaðinu um tónlistina sem er honum að skapi.

*Og ekki orð um það meir.*

**„Fjárhagsstaða Reykjavíkurborgar, hvorttveggja borgarsjóðs og fyrirtækja innan samstæðunnar, er afar traust.“**

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri í grein í Morgunblaðinu.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HRAFN KRISTJÁNSSON, ÞJÁLFARI KÖRFUKNATTLEIKSLIÐS ÞÓRS FRÁ AKUREYRI

## *Erum besta liðið á Norðurlandi*



„Það sem er helst að frétta í augnablikinu er að ég er staddur í umferðarteppu á Miklubrautinni og er að þoka mér til Hafnarfjarðar þar sem við í Þór erum að fara að keppa við Hauka,“ segir Hrafn Kristjánsson þjálfari körfuknattleiksliðs Þórs frá Akureyri.

„Bandaríkjamaðurinn í liði okkar sem meiddist illa á tá og hefur spilað meiddur undanfarna daga er allur að koma til og verður með í kvöld, við ætlum ekki að reka hann þrátt fyrir meiðslin, frekar ætlum við að gefa honum færi á að jafna sig, við fáum það eflaust margfalt til baka þegar hann er orðinn góður.“

Þegar Hrafn er spurður hvernig flugið suður hafi gengið stendur ekki á svörum. „Flugið suður var ágætt, reyndar er ég öllu vanur þegar kemur að flugferðum yfir landið. Ég þjálfaði á Ísafirði hér áður fyrr, flaug margoft þá leið sem er ansi skrautleg og eftir það kalla ég ekki allt ömmu mína.“ Þórsarar kepptu við KR-inga í deildarkeppninni fyrir rúmri viku og þegar hann er spurður hvort liðið sé ennþá í sigurvímu eftir þann sigur, sem sumum fannst óvæntur, segir Hrafn svo ekki vera. „Þetta var sigur sem búast mátti við.“

Besti leikmaður Þórs, Óðinn Ásgeirsson, meiddist í upphafi tímabilsins og Þórsarar sakna hans sárt. Hrafn segir að að hann sé ekki enn farinn að leita eftir liðstyrk fyrir átökin sem fylgja seinni hluta tímabilsins. „Við ætlum að bíða og sjá þangað til um áramótin, þetta er ekki hlutur sem maður hleypur að.“

**ÁSTKÆRA YLHÝRA**

### *Hvænær ætlarðu að koma?*

Í seinni tíð eru Íslendingar farnir að taka upp á því þegar þeir kynna sig að tilgreina hvaðan þeir ætli að koma á ótilgreindum tíma í framtíðinni. Þetta virðist ruglingslegt en lítum aðeins nánar á málið. Í raunveruleikaþáttum í sjónvarpinu hefur fólk unnvörpum kynnt sig með setningum eins og „Ég heiti Jóna Jónsdóttir og kem frá Þórshöfn“ eða „Hæ, ég heiti Þór Freyr Óðinsson og kem frá Bolungarvík“. Eðlileg viðbrögð við þessum fullyrðingum hljóta að vera að spyrja: „Hvenær?“ Þessi tíska er ein af leiðinlegri birtingarmyndum áhrifamáttar enskrar tungu á hina íslensku og stangast á við einfalda og góða málhefð. Til dæmis heitir undirritaður Magnús Teitsson og er frá Akureyri en myndi ekki detta í hug að segjast koma þaðan nema til stæði að fara í frí norður og koma svo aftur á tilteknum degi. Eðlilegast er að fólk segi hvaðan það er ef það vill tilgreina uppruna sinn en láti vera að segja hvaðan það kemur nema það sé að útskýra ferðaáætlanir.

magg@frettabladid.is

# Börnin engir klámhundar

**Klámvísur barna eru hluti af menningararfi Íslendinga þó að lágt hafi þær farið. Íslensk börn hafa farið með klámvísur frá því á fyrri hluta tuttugustu aldar. Og gera enn. Una Margrét Jónsdóttir komst að þessu þegar hún safnaði efni í bók um leikjasöngva barna.**

Íslensk börn hafa farið með og sungið klámvísur í áratugi og jafnvel lengur, að minnsta kosti frá fyrri hluta tuttugustu aldar. Una Margrét Jónsdóttir útvarpskona hefur safnað leikjasöngvum barna til að birta í bók. Hún segir að við rannsókn sína hafi klámvísur barna rekið á fjörur sínar um leið og hún safnaði leikjasöngvum og stríðnissöngvum.

„Fólk ímyndar sér kannski að það séu bara hin spilltu börn nútímans sem fara með klámvísur en málið er ekki svona einfalt. Ég þekki konu úr sveit á fjórða og fimmta áratugnum og hún man vel eftir því þegar vinnumennirnir voru að kenna litlum bræðrum hennar klámvísur og þeir fóru með þær fyrir hana. Börn áttu að vera svo saklaus í sveitum en það eru einmitt þó nokkuð margar af eldri klámvísunum hafa komið frá fólki sem hefur lært þær í sveit og eins í sumarbúðum. Og þar voru klámvísur aldeilis ekki það sem börnin áttu að læra,“ segir hún.

Una Margrét segir að flest börn heyri einhvern tímann klámvísur hjá jafnöldrum sínum en ekki hafi öll börn vísurnar eftir. Mörg börn kæri sig ekki um klámvísurnar og vilja ekkert af þeim vita en öðrum finnist þær svolítið fyndnar. „Sum læra þær og nota óspart og búa jafnvel til nýjar. Það eru alltaf einhverjir krakkar í hverjum bekk sem fara með svona vísur,“ segir hún.



**KLÁMVÍSUR Í MENNINGARARFINUM** Una Margrét Jónsdóttir, rithöfundur og útvarpskona, var að safna leikjasöngvum barna í bók þegar hún uppgötvaði að íslensk börn hafa farið með og sungið klámvísur í áratugi. Klámvísur barna eru hluti af menningararfinum þó að oft sé þetta ekki burðugur skáldskapur. „Börn eru ekki að súta það mikið,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Klámvísurnar eru í mörgum tilfellum komnar frá fullorðnum. Þetta eru þá textar sem börnin heyra og þeir lifa góðu lífi hjá börnunum af því að þeim finnst þetta sniðugt. „Margir af þessum textum eru ekki burðugur skáldskapur en börn eru ekki að súta það mikið. Þess vegna lifa sumir þessara texta betur hjá börnum en fullorðnum. En sumir verða líka til hjá börnunum sjálfum. Suma texta semja þau sjálf.“

Una Margrét segir að börn, sem fari með klámvísur, komi frá alls kyns heimilum, bæði góðum og slæmum, og flest þeirra verði engir klámhundar þegar þau eru orðin stór. ghs@frettabladid.is

**SKÓLAGANGARNIR**

Áslákur át súrsuð svið,
Sautján tunnur fullar.
Hóstar, ropar, rekur við,
ræskir sig og drullar.

Passaðu á þér penisinn
að pot'onum ekki í steinvegginn.
Manstu þegar mannfjandinn
mölbraut á sér tittlinginn.

**SIGGA LITLA SYSTIR MÍN**

Sigga litla systir mín
liggur úti'í götu,
er að láta ríða sér
fyrir tyggjóplötu.

**RINN TINN TINN**

Rinn tinn tinn
rektu'ann út og inn,
pabbi þinn með tíu tonna titt-ling-inn!




Allir nemendur í fyrsta bekk grunnskólans á Stöðvarfirði eru börn kennara:

# Kennararnir voru klókir og sáu sjálfum sér fyrir vinnu

Ef ekki væri fyrir frjósemi og nákvæmni kennara við Grunnskóla Stöðvarfjarðar væri ekkert barn í fyrsta bekk skólans í vetur. Svo undarlega vill til að allir fjórir nemendur bekkjarins eru börn kennara við skólann. Er hann því, skiljanlega, kallaður kennarabekkurinn.

„Þetta er svolítið sérstakt,“ viðurkennir Jónas Ólafsson skólastjóri sem jafnframt er faðir eins fyrstabekkingsins. Guðrún kona hans kennir við skólann og segir að krakkarnir í kennarabekknum séu ekki frábrugðnir öðrum. „Börn kennara eru alveg eins og önnur börn,“ segir hún en tekur þó fram að þau standi öll jafnfætis hvað námsgetu snertir. „Ég veit hins vegar ekki hvort það er tilviljun eða upplagið sem ræður því.“

Ekki fer sögum af öðrum dæmum þess að heill árgangur í bæjarfélagi eigi kennara fyrir foreldra en sú merkilega staðreynd leggst á sveif með annarri og gerir Grunnskólann á Stöðvarfirði all sérstakan. Kynjahlutföllin eru nefnilega í meira lagi bjöguð. „Yfir áttatíu prósent nemenda eru strákar,“ segir Jónas skólastjóri. „Fyrir vikið vantar fínheit í umgengni og það er töluvert um hnoð og ýtingar eins og tilheyrir strákum. Stelpur eru sérstaklega velkomnar til okkar,“ segir hann og hlær.



**KENNARABEKKURINN** Magnea Marín með mömmu sinni Jónu Petru, Eyþór Ármann hjá foreldrum sínum Gurru og Jónasi, Friðrik Júlíus í fangi Sollu móður sinnar og Jónína Guðný hjá mömmu sinni Þórönnu.

Í kennarabekknum er, merkilegt nokk, hlutfall kynjanna jafnt, þar eru tvær stelpur og tveir strákar.

# STÓRLÆKKAÐ VERÐ




## 75.000 króna GJAFAKORT í Smáralind og VETRARDEKK fylgja með öllum tilboðsbílum. Allt að 100% fjármögnun.

Fíton/SÍA

VERÐDÆMI

Komdu til okkar og fáðu þér notaðan bíl á frábæru verði og þú færð jólagjafirnar í kaupbæti!



| TEGUND | ÁRGERÐ | EKINN | VERÐ | TILBOÐSVERÐ |
|---|---|---|---|---|
| **Nissan Terrano II** | 1999 | 135 þús | 1.150.000 | **990.000** |
| OPEL Corsa Comfort | 2001 | 68 þús | 720.000 | **580.000** |
| **OPEL Astra Coupe** | 2002 | 56 þús | 1.890.000 | **1.390.000** |
| KIA Sportage | 2000 | 92 þús | 790.000 | **620.000** |
| **Renault Laguna** | 1997 | 154 þús | 590.000 | **390.000** |
| Alfa Romeo 156 | 1999 | 132 þús | 890.000 | **590.000** |
| **VW Passat Comfort line** | 1998 | 89 þús | 910.000 | **720.000** |
| Suzuki Grand Vitara XL-7 | 2003 | 89 þús | 2.480.000 | **2.240.000** |
| **Suzuki Baleno 4x4** | 1997 | 150 þús | 510.000 | **370.000** |
| OPEL Vectra Comfort | 2001 | 61 þús | 1.280.000 | **980.000** |

Sjá nánari upplýsingar um tilboð á www.ih.is/notadir

**Notaðir bílar** | **Ingvar Helgason**

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is



netto
Jólin eru ko
frábær
BORGARNES KJÖTVÖRUR
1. flokks
Hangiframpartur
995
kr/kg
37% afsl. v/kassa
BAUTABÚRIÐ
Bayonneskinka
50%
afsláttur
749kr/kg
Jólapappír
199
kr/6m
Jólapappír
299
kr/10m
Nestlé
Limited Edition
Quality Street
Includes 4 Old Favourites
Gömlu góðu molarnir
Mackintosh 600gr
998
kr/pk
Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir
Í FYLGD MEÐ FULLORÐNU
Í fylgd með fullorðnum
30%
afsláttur
3.276kr
ÁRNI ÞÓRARINSSON
Tími nornarinnar
30%
afsláttur
3.276kr
JPV ÚTGÁFA
TOM EGELAND
Við enda hringsins
Við enda hringsins
40%
afsláttur
2.688kr
HÖFUÐLAUSN
ÓLAFUR GUNNARSSON
Höfuð
30%
afsláttur
3.27
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda 24.-27. nóv. eða á meðan birgðir endast.
Akureyri • Akranesi • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahvefi Kópavogi



min í Nettó
jólatilboð
Ódýrt
Saltkjöt
159
kr/kg
55% afsl. v/kassa
Helgarlamb m/sólþ. tómötum
32%
afsláttur
1.189kr
Jólasælgætið finnur þú í Nettó
Ferrero Rocher 200g
499
kr/pk
Celebration jóladagatal fyrir fullorðna
399
kr
Baron jóladagatal
199
kr/stk
Frábært verð
Celebration 465g
599
kr/pk
Celebration 1kg
1.299
kr/stk
Baci kassi 380g
699
kr/stk
netto

**Svona erum við**

> Vinsælustu nöfnin á drengi 0-4 ára í desember 2004.




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** HIZBOLLAH OG ÁTÖKIN VIÐ SHEBAA-BÝLIN

# *Flokkur Guðs sýnir klærnar*

Undanfarna daga hefur komið til átaka á milli ísraelskra hermanna og skæruliða Hizbollah-samtakanna. Eftir að borgarastyrjöldinni í Líbanon lauk hefur verið heldur hljótt um samtökin en þau eru langt í frá dauð úr öllum æðum.



**Eru þetta ekki bara ótíndir hryðjuverkamenn?**

20.000 manns eru enn undir vopnum Hizbollah og af og til kemur til átaka á milli þeirra og Ísraelsmanna við hin umdeildu Shebaa-býli á landamærum ríkjanna. Staða Hizbollah í líbönsku samfélagi er hins vegar önnur og flóknari. Eftir að Ísraelsmenn drógu herlið sitt frá suðurhluta Líbanons árið 2000 hefur Hizbollah einkum unnið að því að bæta hag fátækra sjía með því að reisa heilsugæslustöðvar og skóla. Jafnframt hefur þeim gengið ágætlega í hefðbundnu stjórnmálastarfi. Að mörgu leyti svipar Hizbollah því til Hamas-samtakanna í Palestínu.

**Af hverju láta samtökin að sér kveða nú?**

Þótt Hizbollah-menn hafi annað slagið velgt Ísraelum undir uggum þá eru átök síðustu daga óvenju hatrömm. Sýrlendingar hafa átt í vök að verjast í samfélagi þjóðanna eftir að óháð rannsóknarnefnd komst að þeirri niðurstöðu að þeir áttu þátt í morðinu á Hariri fyrrverandi forsætisráðherra Líbanons. Stjórnvöld í Damaskus hafa ávallt stutt Hizbollah og má leiða að því líkum að þau hafi hvatt þessa bandamenn sína til illinda því aukin spenna í Líbanon eykur um leið nauðsyn þess að alþjóðasamfélagið styrki Sýrlandsríki í stað þess að veikja þarlend stjórnvöld.

Að sama skapi falla árásir á Ísraela jafnan í frjósaman jarðveg hjá stórum hluta Líbana og ef til vill hefur Hizbollah-mönnum þótt ástæða til að hressa upp á vinsældir sínar eftir að þær dvínuðu í kjölfar morðsins á Hariri vegna sambands þeirra við Sýrlendinga.

**SPURT OG SVARAÐ**

VARNIR ÍSLANDS

## *Nánara samstarf við Evrópu*



Mikil umræða hefur átt sér stað um varnarmál Íslands að undanförnu. Baldur Þórhallsson hefur rannsakað stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu.

**Eiga Íslendingar að leita til Evrópu um varnarsamstarf?**

Ef Bandaríkjamenn eru ekki lengur tilbúnir til að vera með þann varnarviðbúnað sem hér hefur verið á undanförnum árum þá tel ég það mikilvægt fyrir íslensk stjórnvöld að skoða þann möguleika að eiga nánara samstarf um varnir við einstök Evrópuríki; já.

**Getur aðild að Evrópusambandinu komið í staðinn fyrir varnarsamninginn?**

Nei, Evrópusambandið mun aldrei koma að vörnum Íslands líkt og Bandaríkin hafa gert. Evrópusambandið hefur hvorki herafla né vilja til að taka að sér varnir tiltekinna ríkja. En það er vaxandi samvinna innan Evrópusambandsins um öryggis- og varnarmál og ég sé fyrir mér í framtíðinni aukna samvinnu ríkjanna á þessum sviðum en ekki svo að Evrópusambandið komi beint að vörnum landsins.

# Ofbeldið verst í þróunarlöndum

**Talið er að 130 milljónir kvenna um allan heim hafi verið umskornar, þar af þrjár milljónir á þessu ári. Stór hluti kvenna sem verða fyrir heimilisofbeldi telur að þær eigi það skilið. Þetta er á meðal niðurstaðna tveggja skýrslna sem út komu í gær.**

Kynbundið ofbeldi er ekki nýtt af nálinni en skýrslur sem tvær stofnanir Sameinuðu þjóðanna gáfu út í gær sýna hversu rótgróið það er og hve margháttaðar afleiðingar þess geta verið. Sú fyrri kemur frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og fjallar um heimilisofbeldi en hina setti Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna UNICEF saman um þá tegund limlestinga sem nefnd er umskurn kvenna.

**Telja sig eiga ofbeldið skilið**

Í skýrslu WHO er rætt um heimilisofbeldi við 24.000 konur í tíu löndum: Brasilíu, Eþíópíu, Japan, Namibíu, Perú, Samóa, Serbíu, Taílandi, Bangladess og Tansaníu. Þetta er fyrsta skýrsla sinnar tegundar en ekki þótti ástæða til að kanna ástandið í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku þar sem það hefur áður verið gert.

„Heimilið á að vera staður þar sem fólk nýtur friðhelgi. Reynslan sýnir hins vegar að konur eru í meiri hættu heima hjá sér en úti á götu,“ sagði Henrica Jansen, einn skýrsluhöfunda, á blaðamannafundi í Genf í gær. Þetta eru orð að sönnu því tíðni heimilisofbeldis er geigvænleg, ekki síst í svonefndum þróunarlöndum. Þannig er sjö af hverjum tíu konum í Eþíópíu misþyrmt á heimilum sínum á meðan 15 prósent japanskra kvenna lýsa slíkri upplifun. Til samanburðar má nefna að fyrri rannsóknir sýna að fimmtungur bandarískra og sænskra kvenna hefur sætt barsmíðum eða öðru ofbeldi og 23 prósent breskra og kanadískra kvenna.

Höfundar skýrslunnar telja að skýringin á þessum mun á milli fátækari og ríkari heimshluta liggi meðal annars í því að konur í iðnríkjunum eigi auðveldara með að losna úr samböndum þar sem þeim er misþyrmt en konur í þróunarlöndunum.

Í þessu sambandi er ekki síður ískyggilegt að stór hluti kvenna sem verða fyrir misþyrmingum telur slíkt ásættanlegt og eru konur í fátækari ríkjum heims frekar þessarar skoðunar. 78 prósent eþíópískra kvenna telja sig eiga ofbeldið skilið og fjórar af hverjum tíu konum frá Bangladess telja að það sé réttur eiginmannsins að lemja þær. „Maðurinn minn misþyrmir mér og nauðgar og ég verð bara að hlýða. Áður en þið tókuð við mig viðtal hafði ég ekki hugsað út í þetta, ég hélt að svona ætti þetta einfaldlega að vera, að svona hegðuðu eiginmenn sér,“ sagði ein kvennanna frá Bangladess.

Sérstaka athygli vekur að heilsufarsvandamál sem ofbeldinu fylgja, bæði andleg og líkamleg, eru þau sömu, óháð því hvar í veröldinni fórnarlömbin búa eða hver efnahagur þeirra er. Talið er að konur sem sæta misþyrmingum séu í tvöfalt meiri hættu á að missa heilsuna, þróa með sér geðsjúkdóma og jafnvel íhuga sjálfsmorð en þær sem búa við frið á heimilum sínum. „Hvort sem þú ert kona á framabraut í Sao Paolo eða býrð í sveitahéruðum Eþíópíu eru tengslin á milli ofbeldis og bágrar heilsu þau sömu,“ segir Claudia Garcia-Moreno hjá WHO.



**HRÆÐILEGAR AFLEIÐINGAR HEIMILISOFBELDIS** Í örvæntingu sinni vegna stöðugra barsmíða á heimili sínu reyndi þessi afganska kona að stytta sér aldur með því að hella yfir sig bensíni og kveikja í. Sennilega er þó hvergi verra að vera kona en í Eþíópíu því þar eru átta af hverjum tíu konum umskornar og sjö af hverjum tíu sæta heimilisofbeldi. MYND/GETTYS

**Þrjár milljónir umskornar í ár**

Myndin sem dregin er upp í UNICEF-skýrslunni er ekki mikið fegurri. Þar er talið að þrjár milljónir kvenna séu umskornar hvert einasta ár, flestar þeirra í Afríku og Mið-Austurlöndum.

Áður hafði verið áætlað að tveimur milljónum kvenna væri misþyrmt árlega með þessum hætti en skilvirkari upplýsingaöflun sýnir að fjöldinn er mun meiri. Ekki er þó unnt að meta hversu margar deyja í kjölfar þessarar lífshættulegu aðgerðar, þar sem ytri kynfæri konunnar eru hreinlega skorin í burtu.

„Í þeim 28 löndum Afríku sunnan Sahara og Mið-Austurlanda þar sem umskurn kvenna er stunduð hafa 130 milljónir kvenna orðið að gangast undir þessa aðgerð,“ segir í fréttatilkynningu UNICEF um málið. Ástandið er sérstaklega slæmt í Nílardalnum, en í Egyptalandi eru 97 prósent giftra kvenna umskornar og 80 prósent kynsystra þeirra í Eþíópíu. Í Jemen og Óman, þar sem fjöldi egypskra farandverkamanna býr, er hlutfall umskorinna kvenna jafnframt afar hátt.

Umskurn er félagsleg frekar en trúarleg athöfn og telur UNICEF erfitt að uppræta þessa tegund ofbeldis sökum þess hversu rótgróin hún er í þeim samfélögum þar sem henni er beitt. „Stúlkur verður að umskera til að vernda heiður þeirra og fjölskyldna þeirra, sérstaklega nú á dögum þegar þær fara að heiman til háskólanáms og geta því lent í alls kyns óvæntum aðstæðum,“ sagði kona frá Suður-Egyptalandi í samtali við einn höfund skýrslunnar. Því telur UNICEF að boð og bönn nægi ekki til að koma í veg fyrir umskurn kvenna heldur verði að koma á hugarfarsbreytingu hjá íbúum þessara landa.



**CLAUDIA GARCIA-MORENO** Alþjóðaheilbrigðisstofnunin kynnti skýrslu sína í gær um heimilisofbeldi. MYND/AP



FRÉTTASKÝRING
SVEINN GUÐMARSSON
sveinng@frettabladid.is



# 12 MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

333 **Nú er potturinn þrefaldur!**

**Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is – þú gætir unnið litlar 12 milljónir króna.**

**Það getur allt gerst.**

**ÁSKRIFTAR LEIKUR LOTTÓ**

**Með LOTTÓ Í ÁSKRIFT gætir þú auk þess hreppt einn af 30 glæsilegum aukavinningum.**

lotto.is

ENNEMM / SIA / NM19374



**GRÆNN REITUR** Almenningsgarður verður þar sem íþróttavöllurinn er nú og Hagkaupsmenn hafa enn augastað á lóðinni sunnan vallarins.

## Almenningsgarður: Íþróttavöllurinn mun víkja

Íbúðarbyggð og almenningsgarður verða þar sem nú er aðal íþróttavöllur bæjarins. Lágreist íbúðabyggð verður meðfram Glerárgötu en skemmtigarður á miðju íþróttavallarsvæðinu, og til vesturs, með göngutengingu að verslunarmiðstöðinni Glerártorgi.

Hagkaup hefur haft augastað á lóðinni sunnan íþróttavallarins en samkvæmt nýju skipulagi er ekki gert ráð fyrir verslun á þessu svæði. Hagkaupsmenn hafa þó enn ekki gefið upp alla von og hafa óskað eftir því að bæjaryfirvöld endurskoði afstöðu sína.

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um staðsetningu nýs íþróttavallar en segir að sú ákvörðun verði tekin fyrir sveitarstjórnarkosningarnar á næsta ári. ■

# Hjarta bæjarins glætt lífi

**Ásýnd og yfirbragð miðbæjarins á Akureyri mun taka gagngerum stakkaskiptum á næstu árum. Aðlaðandi íbúðarbyggð, fjölbreyttri menningu og iðandi mannlífi er ætlað að renna saman í eitt og sólrík og skjólgóð svæði munu veita Akureyringum og gestum þeirra tækifæri og ástæðu til að staldra við í miðbænum.**

Stýrihópur sem skipaður var í kjölfar verkefnisins Akureyri í öndvegi hefur skilað af sér tillögum um hvernig staðið skuli að uppbyggingu miðbæjarins á Akureyri og á morgun hefst í Amtsbókasafninu opin kynning á tillögu að nýju skipulagi fyrir miðbæinn.

Samkvæmt þeirri tillögu verður miðbænum umbylt á næstu árum í því augnamiði að laða fólk og fyrirtæki að hjarta bæjarins en honum er ætlað að verða þungamiðja mannlífs og menningar á Akureyri um ókomin ár.

Tillagan byggir á óskum bæjarbúa sem fram komu á fjölmennu íbúaþingi á Akureyri í fyrra og verðlaunahugmyndum í alþjóðlegri hugmyndasamkeppni á meðal arkitekta sem haldin var í kjölfar þingsins.

Helsti hvatamaður að uppbyggingu miðbæjarins var Ragnar Sverrisson, kaupmaður í JMJ á Akureyri, en ráðgjafarfyrirtækið Alta kom að verkefninu strax í upphafi og fylgir því enn eftir.

Framkvæmdin er stórhuga og um margt einstök, jafnt á innlendan sem erlendan mælikvarða. Byggð verður þétt og byggingar munu mynda aðlaðandi borgarumhverfi þar sem tekið verður tillit til minja og sögu Akureyrar, landslags og nálægðarinnar við sjóinn. Lögð verður áhersla á vistleg göturými og torg, heillega götumynd með samfelldum húsaröðum og skjólsæl og sólrík rými.

Íbúðarbyggð, verslun og þjónusta munu blandast saman í eitt í nýjum miðbæ og þar eiga Akureyringar að geta búið, starfað og fundið afþreyingu, auk þess sem miðbænum er ætlað að draga til sín ferðamenn.



**AÐLAÐANDI BORGARUMHVERFI** Sjávarsíkið verður í framtíðinni eitt helsta auðkenni Akureyrar og mun draga fólk að miðbænum.

Allar byggingar verða fremur lágreistar, flestar aðeins fjögurra til fimm hæða, en einstaka byggingar verða sex til sjö hæða. Verslanir og þjónustufyrirtæki verða almennt til húsa á jarðhæðum bygginganna en íbúðir og ýmis atvinnustarfsemi á efri hæðum.

Alls er gert ráð fyrir 335 nýjum íbúðum í miðbænum en með tilkomu þeirra mun íbúum í hjarta bæjarins fjölga um hátt í þúsund. Þrjúhundruð ný bifreiðastæði verða neðanjarðar en bifreiðastæði verða einnig við götur og innan lóða og áhersla verður lögð á góða sambúð byggðar, bifreiða og gangandi umferðar.

Við hönnun gatna, torga og opinna svæða verður tekið mið af gangi sólar og veðurfari og þess gætt að valin svæði henti til samveru og hátíðarhalda utandyra.

Samkvæmt nýju skipulagi er ekki gert ráð fyrir breyttri landnotkun á Oddeyri en til lengri tíma litið er hugsanlegt að sú atvinnustarfsemi sem þar er víki fyrir annarri byggð.

Uppbygging miðbæjarins á Akureyri mun taka mörg ár en bæjaryfirvöld leggja áherslu á að framkvæmdir hefjist sem fyrst á afmörkuðum svæðum. Strax á næsta ári hefjast framkvæmdir á ákveðnum skipulagsreitum og á sama tíma verður hafist handa við gerð sjávarsíkis sem gjörbreyta mun ásýnd miðbæjarins.



FRÉTTASKÝRING
KRISTJÁN KRISTJÁNSSON
kk@frettabladid.is

## Nýtt menningarhús rís

Menningarhús mun rísa við sjávarsíðuna, norðan síkis, og stefna bæjaryfirvöld á að fjölga menningarviðburðum í miðbænum og efla afþreyingu almennt. Samhliða þeirri uppbyggingu er þess vænst að ferðamönnum fjölgi og þar með verði fleiri stöðum skotið undir menningartengda atvinnuskópun.

Nýbyggingar munu rísa á landfyllingu við Torfunef og hugsanlegt að hár turn rísi norðan síkisins en það er samkvæt þeirri tillögu sem hlaut fyrstu verðlaun í alþjóðlegu hugmyndasamkeppninni um uppbyggingu miðbæjarins.



**NÝ ÁSÝND** Á rauðu reitina koma nýbyggingar en þeir svörtu sýna byggingar sem nú þegar eru til staðar. Menningarhús mun rísa á rauða hringlaga reitnum við sjávarsíðuna.



**SJALLAREITUR** Húsin í hægri jaðri myndarinnar munu standa áfram en byggingarnar á miðri myndinni þurfa að víkja fyrir stórmarkaði eða öðrum nýbyggingum.

## Segull sem dregur að fólk

Matvöruverslun í miðbænum mun bæði styrkja íbúðarbyggð og draga að fólk í hjarta bæjarins sem aftur mun efla aðrar verslanir og þjónustufyrirtæki á svæðinu. Samkvæmt nýju miðbæjarskipulagi eru tveir skipulagsreitir ætlaðir undir stórmarkað, Sjallareitur og Glerárgötureitur, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort báðir reitirnir verði nýttir undir stórmarkað.

Rífa þarf byggingar á Sjallareitnum og þurfa húsin á milli Sjallans og Strandgötu að víkja, að undanskildum þeim húsum sem standa næst Strandgötu. ■



**GLERÁRGÖTUREITUR** Hugsanlegt er að stórmarkaður rísi norðan Útvarpshússins, á milli Skipagötu og Glerárgötu, en þar eru nú bifreiðastæði.



**LÍFIÐ Í LITUM** Hægt verður að breyta lýsingunni og taka þá mið af árstíma eða sérstökum uppákomum í miðbænum.

## Síbreytileg umhverfislistaverk

Á íbúaþinginu í fyrra kom fram að Akureyringar vilja ekki háhýsi í miðbæinn og því er gert ráð fyrir að byggð verði fremur lágreist. Gerðar verða sérstakar kröfur um ásýnd framhliða bygginga og gefnar út leiðbeiningar um lita- og efnisval.

Frumleg og litskrúðug lýsing mun setja sterkan svip á miðbæinn en gert er ráð fyrir að hægt verði að breyta litum eftir því sem tilefnin kalla á. Lýsingin mun gera byggingar og bæjarlíf að síbreytilegum umhverfislistaverkum og miðbærinn mun á stundum fá á sig draumkennt yfirbragð.




JÓLABÆKURNAR
31-75% AFSLÁTTUR
TOM EGELAND
Við enda hringsins
33% afsláttur
JEFF LINDSAY
DEXTER Í DIMMUM DRAUMI
32% afsláttur
ZIZOU CORDER
31% afsláttur
HERRA ROKK
39% afsláttur
KAFTEINN OFURBRÓK
32% afsláttur
EOIN COLFER
ARTEMIS FOWL BLEKKINGIN
33% afsláttur
eyðimerkurdögun
waris dirie
75% afsláttur
Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM
36% afsláttur
TÍMI NORNARINNAR
ÁRNI ÞÓRARINSSON
36% afsláttur
DÆTUR HAFSINS
33% afsláttur
Hin mörgu andlit trúarbragða
33% afsláttur
ERAGON
31% afsláttur
Alltaf ódýrastur!
JÓN HALLUR STEFÁNSSON
KROSSTRÉ
32% afsláttur
Kirino Natsuo
NÆTURVAKTIN
32% afsláttur
DAN BROWN
BLEKKINGALEIKUR
32% afsláttur
GÆFUSPOR
32% afsláttur
Afgreiðslutímar verslana!
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14
Office 1 Superstore
Póstkröfusími: 550 4100 eða á pontun@office1.is



**landslag**
*fólkið í landinu*

ATVINNUREKANDINN: ÞÓRIR KJARTANSSON Í VÍKURPRJÓNI

# Gengi krónunnar er allt að drepa

Rétt áður en ekið er út úr Vík í Mýrdal til austurs er komið að reisulegu húsi sem hýsir prjónaverksmiðjuna Víkurprjón ásamt meðfylgjandi verslun. Þarna hefur Þórir Kjartansson látið prjónana eða öllu heldur prjónavélarnar ganga í aldarfjórðung og verið máttarstoð í atvinnulífi Víkurbúa.




**Lífseigt fyrirtæki**

„Ég held að þetta sé elsta prjónafyrirtæki landsins sem rekið hefur verið á sömu kennitölu frá upphafi," segir hann hógvær og gerir lítið úr þrautseigjunni. Þó má telja allt að því óðs manns æði að reyna að prjóna sokka í samkeppni við sívaxandi straum af ódýrum sokkaplöggum sem flæða yfir austan úr Asíu. „Maður gerir ekki annað en að tapa markaðshlutdeild," segir Þórir fastmæltur og nefnir sem dæmi að um 1990 framleiddi hann 240 þúsund pör af sokkum en einungis um 90 þúsund í dag.

**Hátt gengi er allt að drepa**

Og það er gengi íslensku krónunnar sem gerir Þóri hvað erfiðast fyrir nú um stundir. „Hún er bókstaflega allt að drepa, ekki síst framleiðslu og ferðamannaþjónustu," segir hann og hristir höfuðið yfir þessum hamförum krónunnar.

**Fjölbreyttari rekstur**

En í takt við minnkandi sokkasölu hefur Þórir skotið fleiri fótum undir reksturinn; ullarvinnu og verslun þar sem hann selur framleiðsluna og minjagripi aukinheldur. „Fyrirtækið lifir að stærstum hluta orðið af túristum sem koma hingað á sumrin," segir hann með hægð.

## STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



*Vík í Mýrdal*

| | |
|---|---|
| **Íbúafjöldi 1. desember 2004:** | 291 |
| **Íbúafjöldi 1. desember 2000:** | 297 |
| **Íbúafjöldi 1. desember 1988:** | 372 |

**Sveitarfélag:**
Mýrdalshreppur

**Sveitarstjóri:**
Sveinn Jónsson

**Helstu atvinnufyrirtæki:**
Mýrdalshreppur
Hjallatún
Víkurprjón
KB Banki
Hótel Höfðabrekka
Víkurskáli G. Elíasson

**Skólar**
Grunnskóli Mýrdalshrepps
Leikskólinn Suður-Vík

**Vegalengd frá Reykjavík**
186 km

# Við rætur eldfjallsins

**Vík í Mýrdal er syðsti byggðakjarni landsins. Og um leið ein syðsta byggðin; það verður vart sunnar komist því bærinn stendur bókstaflega á fjörukambinum þar sem öldur Atlantshafsins lemja landið uppstyttulítið dag og nótt.**



**VÍK Í MÝRDAL** Skúraskýin hanga yfir Vík og Hjörleifshöfða í fjarska. Finnur Bjarnason fær sér heilsubótargöngu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það er sunnanátt og gengur á með skúrahryðjum þegar Sigurður Þór Salvarsson og Valgarður Gíslason aka veginn yfir Reynisfjallið niður í Víkina þar sem þorpið stendur beggja vegna þjóðvegarins, sem heitir Austurvegur rétt á meðan hann rennur gegnum bæinn.

Brimið svarrar við ströndina og sunnan undan Reynisfjallinu gnæfa tignarlegir Reynisdrangarnir, dulúðlegir á að líta í móskunni. Í fjarska til austurs grillir í Hjörleifshöfða gegnum mistrið úti á söndunum, sem teygja sig alla leið austur í Öræfi.

**Þvottur á snúru**

Hér er frekar berangurslegt yfir að líta en þorpið er friðsælt að sjá, hreint og snyrtilegt. Húsin eru litrík og lágreist en samt ákveðin reisn yfir öllu og uppi á hæð ofan við þorpið stendur falleg kirkja með gamla laginu; vakir þar yfir mönnum og skepnum og turninn ber við himinn.

Á einum stað blaktir þvottur á snúru; hætt við að hann þorni seint þennan daginn.

Við eigum stefnumót við Reyni Ragnarsson flugkappa, fyrrum lögregluþjón hér um slóðir um tuttugu ára skeið. Hann býr í einlyftu húsi við Suðurvíkurveg ásamt færeyskri konu sinni Edith Dam, sem býður uppá kaffi og með því að íslenskum sið; gómsæta jólaköku, vínber og osta. Vesgú.

**Bóndinn fljúgandi**

Reynir man tímana tvenna í Vík; kom hingað níu ára gamall 1943 og hefur verið hér nánast óslitið síðan. Foreldrar hans bjuggu á höfðubólinu Höfðabrekku skammt austan þorpsins og þar gerði hann sér vonir um að geta sameinað búskap og flug en flugpróf tók hann 1955.

„Ég hef alltaf verið með mikla loftkastala," segir hann og hlær dátt. „Ég sá fyrir mér að hægt væri að rækta upp Mýrdalssandinn og ætlaði að sá í þetta allt saman með flugvél," bætir hann við og er greinilega skemmt yfir þessum draumum sem aldrei urðu að veruleika.

**Áhugamaður um Kötlu**

Flugvélin varð þó að veruleika en ekki fyrr en um 1980, um líkt leyti og Reynir hóf störf í lögreglunni. Og hann hefur átt flugvél allar götur síðan; núna er það lítil eins hreyfils vél sem hann notar til að fylgjast með Mýrdalsjökli og Kötlu gömlu, sem er sérstakt áhugamál Reynis.

„Mest er þetta spenna fyrir því að sjá og upplifa gos," segir hann en viðurkennir eftir nokkra umhugsun að vera áhugasamur um náttúruvísindi almennt. Hann fylgist til dæmis líka með rennsli jökulvatna í nágrenni Víkur fyrir Raunvísindastofnun og var næstum lentur í hamfarahlaupinu mikla í Skeiðará 1996. En það er önnur saga ...



**REYNIR RAGNARSSON** Reynir í þriðja veldi. Reynir Ragnarsson við Reynisfjall með Reynisdranga í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Gos kemur varla á óvart**

Katla hefur verið að bæra örlítið á sér undanfarin misseri og jarðvísindamenn spá því að hún fari senn að létta á sér enda búin að halda í sér síðan 1918, sem er lengri tími en dæmi eru um í síðari tíma sögu Kötlugosa. Líklegt er að gos og sér í lagi hlaup hafi áhrif á líf íbúa í Vík en Reynir telur samt ólíklegt að þetta sé ofarlega í huga fólks dags daglega.

„Fólk er auðvitað meðvitað um þetta en ég held að það sé engin hræðsla eða neitt slíkt á ferðinni, menn treysta alveg á að þetta hafi einhvern aðdraganda og nánast óhugsandi að þetta komi mönnum að óvörum," segir hann alvarlegur í bragði enda Kötlugos og hlaupin sem því fylgja ekkert til að henda gaman að. „Sumt eldra fólk hér talar nánast um það sem guðlast að maður skuli vonast eftir að fá að sjá þetta, þó ég sé ekki beint að óska eftir gosi," bætir hann við og kímir góðlátlega.

**Reynir ríkasti afinn**

Við förum með Reyni niður í fjöru til myndatöku. Það er viðeigandi að hafa Reynisdrangana og Reynisfjallið í baksýn. Þetta er fjallið hans Reynis.

„Einn afastrákurinn minn var einu sinni að metast við vin sinn um hvor afa þeirra væri ríkari og hann yfirtrompaði hinn þegar hann sagði að afi sinn ætti fjallið," segir Reynir Ragnarsson og hlær upp í vindinn. ■



# UNITED TILBOÐ




**UNITED** LTV27

27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x768 upplausn (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan, 2x7w SRS Surround hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, Component (YPbPr) og DVI tengi, AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd - 2 tunerar, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 99.990




**UNITED** LTV32

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) upplausn og Progressive Scan, HDTV Ready (styður 720p og 1080i), 800:1 skerpu og 550 cd/m2 birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsviði, 2x10w hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengi, Component (YPbPr) PC tengi (DVI-D og VGA), AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd - 2 tunerar, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990

ÖRÞUNNT LCD




**UNITED** PTV42

42" PLASMA BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd - 2 tunerar, textavarpi og fjarstýringu.

ÖRÞUNNT PLASMA

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Þristur, Ísafirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. SR vélaverkstæði, Siglufirði. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.



30–90%
ARNALDUR INDRIÐASON
VETRARBORGIN
3.280kr
30%* afsláttur
1. sæti** Skáldverk
ÚTKALL
HERNAÐARLEYNDARMÁL Í VIÐEY
3.143kr
Bókatíðindaverð 4.490
30%* afsláttur
5. sæti** Almennt
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
ÞRIÐJA TÁKNIÐ
3.283kr
30%* afsláttur
2. sæti** Skáldverk
2.793kr
2. sæti** Ævisögur
30%* afsláttur
TOM EGELAND
Við enda hringsins
3.136kr
Bókatíðindaverð 4.480,
30%* afsláttur
REYNIR TRAUSTASON
Skuggabörn
3.493kr
Bókatíðindaverð 4.990
30%* afsláttur
1. sæti** Ævisögur
4.193kr
30%* afsláttur
KRISTJÁN HREINSSON
PÉTUR POPPARI
3.486kr
30%* afsláttur
6-7. sæti** Ævisögur
Kristján Hreinsson áritar
Föstudag kl. 16-18 í Kringlunni
Laugardag kl. 14-16 í Smáralind
Sunnudag kl. 14-16 í Kringlunni
Formúla 1
490kr
Bókatíðindaverð 4.490
90%* afsláttur
JÓLASVEINASAGA
1.736kr
30%* afsláttur
7. sæti** Barna
STEIN HJARTA
35%* afsláttur
* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði.
** Samkvæmt sölulista Morgunblaðsins 15.-21. nóvember 2005.
Gildir til 28. nóvember eða á meðan birgðir endast.

# afsláttur af vinsælum bókum

## Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 400 titlar




3.493kr
Bókatíðindaverð 4.

30%* afsláttur




2.980kr
Bókatíðindaverð 4.690

37%* afsláttur




3.276kr
Bókatíðindaverð 4.680

30%* afsláttur




30%* afsláttur

2.793kr
Bókatíðindaverð 3.990

3. sæti**
Ævisögur




3.276kr
Bókatíðindaverð 4.680

4. sæti**
Skáldverk

30%* afsláttur



4.990kr
Bókatíðindaverð 1

62%* afsláttur




2. sæti
Metsölulisti Hagkaupa

1.999kr

"Bókin með lífið að láni hvetur lesendur til að staldra við og meta stöðuna í lífinu. Hún byggir á langri reynslu höfunda við að hlusta á og aðstoða fólk sem vill öðlast betri skilning og færni til að takast á við verkefni lífsins. Bókin vísar á uppbyggilegar leiðir til að íhuga afstöðu okkar, efla samskipti við aðra, auka færni á ýmsum sviðum mannlífsins og leiðrétta stefnuna sem við höfum tekið ef með þarf."

Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor, Háskólinn í Reykjavík

"Þessi bók hittir í mark. Hún talar til manns á þægilegan hátt. Hún gefur góð ráð varðandi ákvarðanatöku og markmiðasetningu sem ég get tekið undir heilshugar, að kunna að setja sér markmið er forsenda velgengni á öllum sviðum."

Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari í knattspyrnu

9-10. sæti**
Barna




2.086kr
Bókatíðindaverð 2.980

30%* afsláttur

943kr
averð 2.990




2.996kr
Bókatíðindaverð 4.280

30%* afsláttur




3.276kr
Bókatíðindaverð 4.

30%* afsláttur

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMIÐ
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

Einelti er alvarleg meinsemd sem mikilvægt er að samfélagið sameinist um að uppræta.

## Uppalendur bera mikla ábyrgð

Í Kópavogi býr drengur sem varð átta ára um daginn. Eins og gengur með drengi á hans aldri vaknaði hann snemma daginn sem afmælisveislan skyldi haldin og skein eftirvæntingin úr augum hans. Hann undirbjó veisluna með foreldrum sínum; tók til, lagði á borð og aðstoðaði við að skreyta kökuna. Þegar veislan var að hefjast fór hann í sparifötin. Klukkan sló þrjú og von var á gestunum á hverri stundu. Hann hafði boðið strákunum í bekknum sínum og beið spenntur eftir að þeir tíndust í hús. Hann hlakkaði til að sýna þeim herbergið sitt, leyfa þeim að leika með dótið sitt og gefa þeim af kökunni. Og auðvitað hlakkaði hann til að fá frá þeim gjafir. En tíminn leið og aldrei gall bjallan. Saman furðuðu hann og foreldrar hans sig á þessu og gengu þau meðal annars úr skugga um að rétt dag- og tímasetning hefði verið á boðskortunum og eins að heimilisfangið hefði ekki skolast til.

Þegar klukkustund var liðin frá því að afmælisveislan átti að hefjast var kökunni stungið inn í ísskáp. Og smátt og smátt, án þess að um það væri talað, var gengið frá öllu öðru. Það kæmi enginn úr þessu. Það sem vera átti gleðidagur í lífi drengsins unga breyttist í martröð. Og þetta var ekki fyrsta martröðin sem hann upplifði glaðvakandi um hábjartan dag. Þær hafa verið margar; óteljandi, og alltaf jafn hræðilegar. Og hann bara nýorðinn átta ára.

Afleiðingar eineltis geta verið hrikalegar. Djúp ör eru mörkuð í hjörtu þeirra sem fyrir verða og mörg dæmi eru um að fólk sem orðið hefur fyrir einelti í æsku bíði þess ekki bætur og glími við margs konar erfiðleika síðar á lífsleiðinni.

Mennirnir hafa í gegnum árin og aldirnar búið sér til fullt af vandamálum og verja svo tíma og peningum í að reyna að leysa þau. Segja má að einelti sé af þeim toga enda er það ekki náttúrulögmál að börn gangi svo hart og grimmilega fram gegn öðrum börnum að sálarástand þolenda sé eins og eftir hamfarir.

Samtökin Regnbogabörn standa í markvissri baráttu gegn einelti. Regnbogabörn voru stofnuð fyrir þremur árum að undirlagi Stefáns Karls Stefánssonar leikara, sem þá hafði um nokkurt skeið vakið athygli á því mikla vandamáli sem einelti er. Hann hafði sjálfur orðið fyrir barðinu á því og ræddi opinskátt um þá lífsraun sína.

Olweusaráætlunin gegn einelti er rekin í fjölda grunnskóla undir forystu Þorláks Helgasonar. Áætlunin er skipulögð í þaula og nær til þúsunda nemenda á öllu landinu. Bæði þessi verkefni hafa gengið vel og forvígismenn þeirra eiga þakkir skildar.

En hvað sem áætlunum og félagasamtökum líður hlýtur sjálft vandamálið að hvíla í kollum þeirra sem leggja aðra í einelti. Og um leið hlýtur ábyrgðin að vera hjá uppalendum viðkomandi. Ekki er þar með sagt að uppalendur hafi með einhverjum hætti búið svo um hnúta að börnin hafi gaman af að leggja aðra í einelti en það er þeirra að taka á málum. Vitaskuld er sárt að viðurkenna fyrir sjálfum sér að barnið manns meiði aðra en án slíkrar viðurkenningar breytist ekki neitt. Og augljóslega þarf þetta að breytast.

Með viljann að vopni er hægt að forða fjölda barna frá stöðugri vanlíðan á bernskuárunum og margs konar sálarglímum síðar á lífsleiðinni.

Látum það ekki gerast að kakan verði tekin ósnert af borðinu í níu ára afmæli drengsins í Kópavogi með öllum þeim ömurleika sem því fylgir. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Veriði bara jafnaðarmenn

Á bloggi sínu vitnar Mörður Árnason gjarnan í ummæli konu sinnar, Lindu Vilhjálmsdóttur, sem oft eru skemmtileg. Í gær mátti þar lesa eftirfarandi:



„Á eldhúsborðinu lágu blöð með fréttum af einhverjum skoðanakönnunum sem sýndu Samfylkinguna neðar en sómasamlegt er. Linda segir: Ég veit alveg hvað er að. Þið eruð sum alltaf eitthvað að elta frjálshyggjumennina og aðrir að hafa áhyggjur af miðjunni. En fólk hefur engan áhuga á ykkur þannig. Veriði bara jafnaðarmenn. Þá trúir fólk á ykkur og vill að þið séuð í forystu." Kannski eitthvað fyrir Ingibjörgu Sólrúnu til að hugsa um?

### Sjálfsöryggi

Svanfríður Jónasdóttir gerir sjálfsöryggi Björns Inga Hrafnssonar, frambjóðanda í oddvitasæti Framsóknar í Reykjavík, að umtaslefni í nýjum pistli á vefsíðu sinni. „Þarna er ekki vanmáttarkenndinni fyrir að fara. Nei, það er sóknarhugur. Eða öllu heldur fífldirfska. Svona gera sjálfumglaðir strákar en voða sjaldan stelpur, og ná stundum árangri. Mér sýnist reyndar að þeir félagar Egill Helgason og Össur Skarphéðinsson séu líka búnir að munstra umræddan Björn Inga vel inn í borgarpólitíkina; hafa hjálpað til við að búa hann til. Og hann er svo öruggur með sig drengurinn að hann virðist þess fullviss að bara með því að ryðja Alfreð úr vegi og komast að sjálfur þá muni blómin spretta úr hverju spori Framsóknar í borginni og hann orðinn borgarstjóraefni. Ég endurtek, það er ekki vanmáttarkenndinni fyrir að fara; ekkert „ef mig skyldi kalla" dæmi hér. Og líklega mun þetta virka fyrir hann þó ýmsum finnist þetta absúrd og aðallega hlægilegt."

### Hangið á hurðarhúni

Jón Magnússon lögmaður er virkur þátttakandi í þjóðmálaumræðunni og heldur úti vefsíðu. Í vikunni fjallaði hann um varnarliðið, sem hann telur tímabært að fari á brott. „Hvers vegna á sjálfstæð þjóð að hanga á hurðarhúninum í varnarmálaráðuneytinu hjá Rumsfeld til að biðja hann um að taka ekki þá fáu dáta og þær fáu herflugvélar sem enn eru hér. Afstaða Bandaríkjamanna til varnarliðsins hér hefur verið ljós í mörg ár en vegna annars vegar frekju og hins vegar undirlægjuháttar okkar þá er herinn ekki farinn," skrifar Jón.

gm@frettabladid.is

# Hnattvæðingarflensa?

Í DAG
HNATTVÆÐING



BIRGIR TJÖRVI PÉTURSSON

*Efnahagslegt frelsi í heiminum (hnattvæðingin eða hvað sem fólk vill kalla fyrirbærið) er ekki sjúkdómur, heldur tækifæri. Það bætir ekki hag okkar að berjast við það með ávanabindandi meðulum ríkisins eins og um sé að ræða faraldur, eins og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir leggur til.*

Greint var frá því í fjölmiðlum í byrjun vikunnar að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir teldi að flest einkenni hnattvæðingar væru fyrir hendi á Íslandi. Mistekist hefði að hamla gegn ójöfnuði og misskiptingu hér á landi, sem væru kunnuglegir fylgikvillar frjálsra alþjóðlegra viðskipta. Það var engu líkara en þekktur vírus hefði tekið hér bólfestu, sem leiddi til hnattvæðingarflensu. Farfuglar alþjóðaviðskiptanna væru búnir að smita Ísland. Ingibjörg lýsti því að nú dygðu ekki önnur meðul en jöfnunaraðgerðir í gegnum skattaog bótakerfi.

Í nýlegri skýrslu Fraser-stofnunarinnar í Kanada um efnahagslegt frelsi í heiminum er að finna meira en bara vísbendingar um þýðingu frelsis fyrir lífskjör venjulegs fólks. Í fimmtungi þeirra ríkja sem rannsóknin náði til og mest frelsi hafa í efnahagsmálum eru tekjur á mann hærri, kaupmáttur meiri, atvinnuleysi minna, lífslíkur við fæðingu meiri, ungbarnadauði minni, atvinnuþátttaka barna minni, spilling minni, stjórnmálalegur stöðugleiki meiri og fátækt minni heldur en hjá öðrum einangraðri og ófrjálsari þjóðum. Séndurteknar fullyrðingar um að einkavæðing, skattalækkanir, frelsi á mörkuðum fyrir vörur, þjónustu, fjármagn og vinnuafl, stuðli ekki að almennri velmegun eiga ekki við rök að styðjast.

Það er auðvitað mjög gagnlegt að bera saman stöðuna í ólíkum ríkjum, eins og Fraser stofnunin hefur gert frá árinu 1985 með eigin rannsóknum í samstarfi við fjölda stofnanna víða um heim og með notkun gagna frá t.d. Alþjóðabankanum, IMD stofnuninni í Sviss (sem rannsakar samkeppnishæfni þjóða), Transparancy International (sem rannsakar spillingu ríkja), þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (þar sem gerð er úttekt á fátækt í heiminum) o.fl.

Eitt af því sem kemur fram í samanburðinum er að hlutdeild fátækustu 10 prósent íbúa í heildartekjum er ekki minni hjá frjálsasta fimmtungi þjóða en hjá hinum ófrjálsasta fimmtungi. Það er reyndar svo að hlutdeild hinna fátækustu í heildartekjum, þegar litið er yfir þær þjóðir sem falla í 2. og 3. frjálsustu fimmtunga, er minni en hlutdeild þeirra fátækustu í frjálsasta fimmtungnum. Með öðrum orðum: Fátækustu íbúar frjálsustu þjóðanna fá jafnstóran eða stærri hlut af kökunni en fátækustu íbúar allra annarra ófrjálsari þjóða. Það þarf svo varla að taka fram, hversu miklu stærri kakan er hjá frjálsu þjóðunum. Fátækustu íbúar frjálsustu þjóðanna hafa a.m.k. fjórfaldar tekjur fátækustu íbúa annarra þjóða (miðað við kaupmátt).

Í niðurstöðum Fraser Institute kemur í ljós að það eru engin sérstök tengsl á milli ójöfnuðar og efnahagslegs frelsis. Hvorki til né frá. Þannig hefur ríkasta fólk (hæstu 20 prósentin) frjálsustu þjóðanna minni hlutdeild í heildartekjunum en ríkasta fólk allra annarra ófrjálsari þjóða. Almennar fullyrðingar um að hinir ríku verði ríkari og hinir fátæku fátækari standast ekki. Það sem gerist auðvitað við aukið frelsi í efnahagsmálum, þrátt fyrir allt tal um óeðlilega samþjöppun og einstaka dæmi um mikla ógæfu og gífurlega auðsöfnun, er að hagur fólksins vænkast almennt.

Sem þýðir að sjálfsögðu ekki að allir hafi það gott. Því miður er það staðreynd að vandamálum verður aldrei alveg útrýmt. Fullkomnar lausnir í mannlegu samfélagi eru bara ekki til. Það sem stendur helst í vegi fyrir því að hægt sé nálgast markmiðið um bættan hag flestra eru skyndilausnir sem horfa til skamms tíma. Svo sem jöfnunaraðgerðir í gegnum skatta- og bótakerfi eins og formaður Samfylkingarinnar leggur til.

Slíkar hugmyndir eiga samt gjarnan hljómgrunn. Staðreyndin er sú að umræðan litast af vandamálunum, sem eru yfirleitt freistandi fréttamatur. Nóg er af frásögnum af ógæfu þjóðfélagshópa í köldu markaðshagkerfinu og því þegar stjórnmálamenn ylja með skammgóðum skyndilausnum. Minna er sagt frá hversdagslífi þorra venjulegs fólks sem gengur alla jafna vel.

Ef til vill skýrir allt þetta hversu furðulega auðvelt hefur reynst að selja þá hugmynd hér á landi að fátækt hafi verið að aukast. Að misskipting og ójöfnuður dafni á Íslandi í krafti hnattvæðingar frjálsra viðskipta. Vandaðar rannsóknir á áhrifum efnahagslegs frelsis á lífskjör ólíkra tekjuhópa meðal þjóða heims benda til annarrar niðurstöðu.

Efnahagslegt frelsi í heiminum (hnattvæðingin eða hvað sem fólk vill kalla fyrirbærið) er ekki sjúkdómur, heldur tækifæri. Það bætir ekki hag okkar að berjast við það með ávanabindandi meðulum ríkisins eins og um sé að ræða faraldur, eins og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir leggur til. Við eigum að taka breyttum veruleika fagnandi og laga okkur að honum. ■


www.lyfja.is

LYFJA
- Lífið heil

Líttu eftir húðinni!



FEDTCREME®
• Á þurra og sprungna húð
• Inniheldur ekki ilm- eða litarefni

REPAIR®
• Á mjög þurra og illa farna húð
• Inniheldur ekki rotvarnar-, ilm- eða litarefni

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Sólarupprás Hádegi Sólarlag
Reykjavík 10.28 13.15 16.01
Akureyri 11.03 12.59 15.26
Heimild: Almanak Háskólans

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!
Í dag er föstudagur 25. nóvember
329. dagur ársins 2005

tilboð o.fl.
**STÓRVERSLANIR**
Tafla yfir öll bestu tilboð helgarinnar bls. 2

**JÓLAGARDÍNUR**
Jólagardínur setja svip á heimilið bls. 4

matur o.fl.
**SÍLD**
Setur svip á jólahlaðborðið bls. 6






SMÁAUGLÝSINGAR
Flokkar
Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000
ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is
vísir



Óttar á lítið og snoturt eldhús og þar leikur hann sér að því að útbúa framandlega rétti sem flestir eru saðsamari en sá sem hér sést. Uppskrift frá honum er að finna á næstu opnu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skemmtir sér við að skálda og elda

**Heimspekingurinn og skáldið Óttar Martin Norðfjörð hefur gaman af eldamennsku þegar hann fær einhvern til að njóta framleiðslunnar með sér.**

„Ég hef rosalega gaman af góðum mat og kann eitthvað fyrir mér í eldamennsku,“ segir Óttar Martin brosandi þegar hann er spurður. Hann kveðst reyndar hafa verið mun meira gefinn fyrir matseldina meðan hann átti kærustu enda hafi þá verið meira gaman að búa til eitthvað gott. „Þegar flosnaði upp úr sambandinu fór maður út í aðeins aulalegri mat,“ segir hann og hlær við. Óttar kveðst nota matreiðslubækur til að styðjast við en skáldskapurinn sé aldrei langt undan og hann kveðst gjarnan breyta uppskriftum eftir sínu höfði, sleppa einu og bæta öðru við. Hann á það alveg til að lesa matreiðslubækur sér til skemmtunar. „Ég hef gaman af metnaðarfullum kokkabókum sem útskýra sögu matarins. Þar vitrast manni ýmislegt sem forfeður okkar fundu upp fyrir þúsund árum. Þá er maturinn orðinn sagnfræðilegur sem gefur honum aukna vídd. Maður er kannski að taka þátt í aldalangri hefð með því að kaupa sér Chicago Town pizzu! Það gefur henni auka glans. Óttar er einn af Nýhil-skáldunum góðkunnu sem standa í útgáfu á ljóðabókaseríu undir yfirskriftinni Norrænar bókmenntir og er í lokin spurður út í það fyrirbæri. „Þetta verða níu bækur í allt og þegar þær koma saman verður komin kjalarmynd. Fjórar þeirra eru að koma glóðvolgar í bókabúðirnar. Fimm koma svo til viðbótar út í vor og fullkomna púsluspilið,“ segir skáldið sem er höfundur einnar nýju bókarinnar, Norrænar bókmenntir nr. 3 sem heitir Gleði og glötun.






Verið velkomin í stórglæsilegan sýningarsal Mörkinni 1, 108 Reykjavík.
Upplifið það nýjasta í innréttingum.

Opnunartími.
Virka daga 9-18
Laugardaga 11-15

JKE DESIGN
Sími 515 0700
Óteljandi möguleikar

# allt tilboð o.fl.

**65%** Topptilboðið þessa viku er frá Nettó, sem býður suðræna og safaríka Pomeló ávexti á 65 prósenta afslætti. Kílóið lækkar úr 299 krónum í 99 krónur.





Gallery Freydís
ÍSLENSK HÖNNUN & FRAMLEIÐSLA
Laugavegi 59 • 3. hæð Kjörgarði • 561 5588


allt tilboð
Alla föstudaga




Náttföt
15% afsláttur á náttfötum til mánaðarmóta
Diza
Ingólfsstræti 6 • www.diza.is
opið 11-18 virka daga • 12-16 laugardaga










SÓMABAKKAR
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*



*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.
SÓMI
Nánari upplýsingar á **somi.is**


**BÓNUS** — Tilboðin gilda til 27. nóvember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Einingа-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ungnautalundir frosnar | 2.299 | 3.998 | 2.299 | 40 |
| Amerískar pizzur 820-900 g | 599 | 899 | 665 | 35 |
| Mccain pie tvær teg. 680 g | 499 | nýtt | 733 | |
| Mackintosh 2,5 kg | 1.999 | 2.599 | 800 | 25 |
| Gillette mach 3 power rakvél | 998 | 1.198 | 998 | 15 |
| Gillette mach 3 power rakblöð 8 stk. | 1.599 | 1.999 | 1.599 | 20 |
| Nóa konfekt „besti molinn" 650 g | 1.499 | Nýtt | 2.306 | |
| Frón smákökudeig 350 g | 199 | Nýtt | 568 | |
| Spelthveiti lífrænt 1 kg | 299 | Nýtt | 299 | |
| Myllu marensbotnar 140 g | 219 | 259 | 1.564 | 15 |
| Ferskt salat friseblanda 200 g | 199 | 299 | 995 | 35 |
| Kasjúhnetur 200 g | 199 | 259 | 995 | 25 |
| Pekingönd íslensk | 899 | 1.299 | 899 | 30 |

**FK FJARÐARKAUP** — Tilboðin gilda til 26. nóvember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Merlo rækja 1 kg | 595 | nýtt | 595 | |
| Kalkúnn | 598 | 798 | 598 | 25 |
| FK Bayonneskinka | 998 | 1.398 | 998 | 30 |
| 4 hamborgarar 80 g | 298 | 298 | 298 | |
| FK jurtakryddað lambalæri | 998 | 1.858 | 998 | 45 |
| Fjallalambs ofnsteik | 1.198 | 1.648 | 1.198 | |
| Fjallalambs hangiframpartur úrb. | 1.298 | 1.776 | 1.298 | 25 |
| Gular melónur | 99 | 139 | 99 | 30 |
| Vatnsmelónur | 99 | 139 | 99 | 30 |
| Cheerios 992 g | 298 | 439 | 298 | 30 |
| FK wc pappír 12 rúllur | 199 | 328 | 199 | 40 |

**HAGKAUP** — Skemmtilegast að versla — Tilboðin gilda til 27. nóvember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| JK Kalkúnn 1/1 frosinn | 599 | 899 | 599 | 35 |
| Holta kjúklingur ferskur | 389 | 598 | 389 | 35 |
| Freschetta pizzur 400 g 3 teg. | 339 | 449 | 399 | 25 |
| Nautafille úr kjötborði | 1.995 | 2.649 | 1.995 | 25 |
| Lambalæri úr kjötborði | 898 | 1.298 | 898 | 30 |

**KRÓNAN** — Tilboðin gilda til 29. nóvember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Búrfells kryddlegið lambalæri | 979 | 1.398 | 979 | 30 |
| Móa veislufugl m/fyllingu | 679 | 799 | 679 | 15 |
| Lambalæri frosið í poka | 799 | 1.098 | 799 | 20 |
| Krónu grísakótilettur | 998 | 1.198 | 998 | 15 |
| Búrfells kjötbúðingur | 197 | 329 | 197 | 40 |
| Búrfells pönnubúðingur | 197 | 329 | 197 | 40 |
| Sambands hangiframpartur úrb. | 1,359 | 1.699 | 1.359 | 20 |
| Goða súpukjöt í poka | 399 | 499 | 399 | 20 |

**nettó** — Tilboðin gilda til 27. nóvember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Hangiframpartur úrbeinaður | 995 | 1.579 | 995 | 35 |
| Helgarlamb m/sólþ.tómötum og basil | 1.189 | 1.748 | 1.189 | 30 |
| Saltkjöt blandað vakumpakkað | 583 | 833 | 583 | 30 |
| Saltkjöt ódýrt vakumpakkað | 159 | 344 | 159 | 55 |
| Bayonneskinka | 749 | 1.499 | 749 | 50 |
| Dönsk sælkerasteik | 899 | 1,299 | 899 | 30 |
| Pomelo ávöxtur | 99 | 299 | 99 | 65 |
| Sweetie ávöxtur | 99 | 259 | 99 | 60 |
| Hveiti Náttúra 2 kg | 49 | 67 | 49 | 25 |
| Strásykur | 59 | 79 | 59 | 25 |

**NÓATÚN** — Tilboðin gilda til 30. nóvember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bautab. hamborgarhryggur | 1.049 | 1.498 | 1.049 | 30 |
| Júmbó samlokur | 149 | 239 | 149 | 35 |
| Freschetta Roma pizza salami/royale 400 g | 299 | 489 | 748 | 40 |
| Líf ferskur appelsínusafi | 169 | 219 | 169 | 20 |
| Pasfrost hindber frosin 300 g | 199 | 289 | 663 | 30 |
| Pasfrost jarðarber frosin 750 g | 199 | 389 | 265 | 50 |
| Pepsi/Pepsi Max 4x2 l 4 stk. | 499 | 698 | 125 | 30 |
| Bergen kex 3 teg. 200 g | 79 | Nýtt | 395 | |
| Wasa Knackis sesam/m. hvítlauk 150 g | 149 | 199 | 993 | 25 |

**SPAR** — Tilboðin gilda til 1. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| BK hangiframpartar úrb. | 1.381 | 1.726 | 1.381 | 20 |
| BK helgarlamb | 1.398 | 1.748 | 1.398 | 20 |
| Sveitapaté í dós 200 g | 348 | 435 | 1.740 | 20 |
| SS Grand Orange helgarsteik framp. | 1.334 | 1.668 | 1.334 | 20 |
| Gevalia kaffi 500 g | 329 | 389 | 658 | 15 |
| Grillaður kjúklingur + Coca Cola 2 l | 898 | 1.098 | 898 | 20 |

**Þín verslun** — Tilboðin gilda til 1. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bk hangiframpartur úrb. | 1.381 | 1.726 | 1.381 | 20 |
| BK helgarlamb m/sérvöldu kryddi | 1.398 | 1.748 | 1.398 | 20 |
| BK Sveitapaté | 348 | 435 | 435 | 20 |
| SS Grand Orange helgarsteik framp. | 1.334 | 1.668 | 1.334 | 20 |
| SS spægipylsa í sneiðum | 1.998 | 2.498 | 335 | 20 |
| Gevalia kaffi 500 g | 329 | 359 | 658 | 30 |

# Kaupir loksins heilt brauð

***Ingvar Hreinsson starfar sem útsendingar- og tæknistjóri hjá Sjónvarpinu. Ingvar er ekki harðtrúuð aurasál en kann að spara á réttum stöðum. Svo lengi sem sá staður selur ekki rafmagnstæki eða tól.***

„Ég get ekki sagt að ég hafi neina sparnaðarstefnu í heimilisrekstrinum,“ segir Ingvar. „Heimilishaldið hjá mér hefur hingað til verið svona týpískt piparsveinaheimilishald, þar sem innkaupin ráðast mikið af því hvað mig langar að borða á þeim tíma þegar ég finn til svengdar. Þetta hefur þýtt að 11-11 hefur átt fastan kúnna í mér þar sem verslunin er sú eina sem er opin á þeim tímum þegar ég eru búnir að vinna. Úrvalið hefur stórbatnað af matvælum sem eru í umbúðum hugsaðar fyrir einn í heimili. Það er ekki svo langt síðan að ekki var hægt að kaupa neitt annað en til dæmis heilt brauð. Sem þýddi að helmingurinn fór í ruslið,“ segir Ingvar sem er að hefja búskap með kærustunni sinni og þarf því ekki lengur að kaupa matarumbúðir fyrir einn. „Íbúðakaupin eru komin skammt á veg hjá okkur en það kemur okkur sífellt á óvart hvaða verðhugmyndir fólk gefur upp á íbúðunum sínum. Minnstu holur eru fara á fúlgu fjár.“ Ingvar leggur fyrir í varasjóð sem hann segir í sögulegu lágmarki vegna óvæntra útgjalda samfara íbúðakaupum. „Sjóðurinn hefur þó forðað mér frá því að stækka þann vítahring sem að yfirdráttarlánin geta verið,“ segir Ingvar stoltur.

Fatakaupin segir Ingvar vera eins praktísk og hægt sé að hafa þau. Hann reynir sitt besta til að stýra gjöfum til hans í þann farveg að þær dekki fataþörfina. „Ekki er svo langt síðan að ég þurfti að komast af á nánast engum launum og þá var það mjög einfalt. Hver flík var notuð þangað til að hún leystist upp í þvottavélinni. Þá tók við Kolaportið og annar mjög misheppnaður fatnaður sem hægt var að kalla kannski avant garde eða eitthvað í þeim dúr,“ segir Ingvar og hlær.

Ingvar á sér þó einn eyðsluveikleika. „Ég er veikur fyrir tækjum og tólum. Enda ekki kallaður tæknimaður fyrir ekki neitt,“ segir Ingvar. „Ég er mjög veikur fyrir flottri hönnun og dýrum tækjum, sem er sparnaður í sjálfu sér þar sem dýru tækin hafa þann kost að endast betur, í flestum tilfellum. Þetta er dýrasti útgjaldaliðurinn á mínu heimili.“

**johannas@frettabladid.is**



Ingvar Hreinsson, tækni- og útsendingarstjóri hjá Fréttastofu Sjónvarpsins, sparar með því að kaupa dýrasta tækið í búðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Föt til eignar

***Fimmtán prósenta afsláttur í dag í Bianca á Nýbýlavegi 12 í Kópavogi.***

„Bianca er með þýskar vörur fyrir vandlátar konur, 25 ára og eldri. Þetta er klassískur gæðafatnaður fyrir þær sem finnst gaman að fara út úr húsi í einhverju sem þær vita að er fallegt, án þess að vera áberandi. Þetta er heldur ekkert sem þær fara einu sinni til tvisvar í heldur það sem þær nota aftur og aftur og aftur. Þær eiga flíkurnar sem þær kaupa með þessu merki,“ segir Sigrún Vilhjálmsdóttir, verslunareigandi í Bianca. ■



Gott tækifæri fyrir skóunnendur.

# Skór, skór skór

***Verslunin Euroskór bæði í Kringlunni og Firði hefur sérstakt tilboð í gangi til 27. þessa mánaðar.***

Þeir sem hyggja á skókaup fyrir jólin ættu að kíkja við í verslunum Euroskó því þar geta menn fengið þriðja parið frítt ef þeir kaupa tvenna skó í einu. Það er ódýrasta parið af þremur sem er ókeypis og nú gildir að velja vel. Þetta tilboð gildir eins og fyrr segir til 27. nóvember. ■





# Jólatilboð á GravityZero stillanlegum rúmum

## með Tempur Pedic heilsudýnunni



Að sofa er eitt, að hvílast er annað. Við bjóðum Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og kodda á frábæru tilboði. Yfir 30 þúsund læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur. Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarksslökun, hvíld og svefni sem er lykillinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

- **Heilsudýnur**
- **Heilsukoddar**
- **Sessur og bakstoðir**

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG SKJALFEST AF GEIMFERÐASTOFNUN BANDARÍKJANNA

www.design.is @ 2005

Betra BAK

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477**
**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**



**Jólatré** eru ómissandi á jólunum. Hjá mörgum er það fastur liður í jólaundirbúningnum að fara og velja lifandi jólatré. Aðrir vilja heldur gervijólatré og nota sama tréð ár eftir ár.









Álnabær. Rautt er litur jólanna. Við faldinn eru gylltar jólastjörnur.

# Gardínur fyrir jólin

***Þegar jólin ganga í garð viljum við fegra heimili okkar með fallegum hlutum sem draga fram skemmtilega jólastemningu.***

Þegar jólin ganga í garð skal góða veislu gjöra og heimilið fegra. Margir draga lítið eitt rykfallið jólaskraut upp úr kössum en aðrir láta nægja seríur og greni. Jólaárstíðin er tíminn sem leyfilegt er að tapa sér í gleðinni og skreyta umhverfið sitt frá a til ö. Tilvalið er að kaupa sér sérstakar jólagardínur sem hægt er að hengja í jólaskreytta glugga eða fyrir frostbitnar rúður. Gardínur sem gleðja og skapa stemmningu. Svo er þeim pakkað niður og dregnar aftur upp að ári.



Álnabær. Hvítar jólagardínur með fallegu mynstri.



Álnabær. Rauðar og hvítar gardínur með skemmtilegu formi.



Z-brautir og gluggatjöld. Þrjár tegundir af skemmtilegum jólagardínum með myndum af íslensku jólasveinunum.







PORSCHE
Notaður lúxusbíll
PORSCHE

Cayenne S

Vel með farin
Ameríku týpa

- Nýskráður 9.2003
- Ekinn 39 þús.
- Titanium metalic litur
- Tiptronic 6 þrepa sjálfskipting
- Bose hljómkerfi
- Cruise Control
- Sóllúga
- Dráttarbeisli

Verð kr. 5.690.000,-




Bílahöll Benna



# Mín skoðun

JÓLAKÖTTURINN TEKUR TIL MJÁLMS

## Jólin eru þrotin og lifi þau vel...

Góðir hálsar,
skreytum hús með grænum baunum, falalalafel og svo framvegis. Eru þessi jól ekki löngu búin, annars? Samkvæmt mínu tímatali byrjuðu þau fyrir meira en mánuði, um miðjan október, í Litlu-Svíþjóð en þangað fer ég stundum til að sníkja kjötbollur. Ég hafði frétt af gómsætum fiskrétti í hlaðborðinu og fór til að kanna málin. Og viti kettir og menn, það voru bara komin jól! Ég fór auðvitað alveg í panikk, ég meina, jólin eru mín vertíð og þá ætti ég ekki að hafa undan að sinna skyldum mínum, liggja í leyni fyrir utan Mæðrastyrksnefnd og klóra í söfnunarbaukana hjá Hjálpræðishernum. Ég var ekki byrjaður að brýna klærnar og datt einna helst í hug að miðdegislúrinn hefði reynst aðeins of langur. En svo reyndist ekki vera. Jólin voru bara komin - MIKLU fyrr en venjulega. Og ég verð að segja að ég er FÚLL! Þessi jólaaukning um meira en mánuð felur í sér gríðarlegt aukavinnuálag fyrir mig og Spillikötturinn sem stundum hefur komið mér til hjálpar á álagstímum er í prófum fram í miðjan desember. Jólalýðsfélagið lyftir ekki loppu til að verja réttindi vor og passa að vér fáum þá greitt fyrir þetta aukaálag. Ég sá meira að segja einn jólasveininn fremja alvarlegt verkalýðsbrot á dögunum þegar hann kveikti á jólaljósum utan hefðbundins og umsamins vinnutíma. Ég meina - hvað er að gerast? Ég veit allavega hvað ég ætla að gera. Ég mun krefjast þess að kjötbollurnar í Ikea verði fiskibollur - að minnsta kosti fram að jólum! Lifið heil!

# Jólakort Svalanna

***Svölurnar hafa gefið út sitt árlega jólakort. Ágóði af sölu kortanna mun renna til MS-félagsins og endurhæfingarstöðvarinnar að Reykjalundi.***

Svölurnar, félag fyrrverandi og núverandi flugfreyja, hefur gefið út jólakortið sitt fyrir árið 2005. Aðalfjáröflun félagsins er sala jólakortanna og eru þau seld fimm saman í pakka og kosta fimm hundruð krónur. Ágóðinn mun meðal annars renna til styrktar MS-félaginu og endurhæfingarstöðinni að Reykjalundi í tilefni af sextíu ára afmæli stofnunarinnar auk annarra tilfallandi verkefna.

Erna Guðmundsdóttir, myndlistarkona og félagi í Svölunum, myndskreytti kortið. Jólakortin eru til sölu hjá félagskonum. Hægt er að panta þau á netfangi Svalanna svolurnar@simnet.is og einnig fást þau í verslunum víða á höfuðborgarsvæðinu. ■



Erna Guðmundsdóttir myndlistarkona myndskreytti jólakort Svalanna í ár.

## líður að jólum }



### Alls konar tónlist

EINS OG ALLTAF FYRIR JÓLIN ER MIKIÐ FRAMBOÐ AF TÓNLEIKUM OG ÖÐRUM HÁTÍÐLEGUM OG SKEMMTILEGUM UPPÁKOMUM UM ALLT LAND.

**FÖSTUDAGURINN 25. NÓVEMBER**

**18.00** Tónlistardeild Listaháskóla Íslands heldur jólatónleika í Skemmtihúsinu við Laufásveg 22.

**LAUGARDAGURINN 26. NÓVEMBER**

**12.00** Jólaþorpið í Hafnarfirði verður formlega opnað með pompi og prakt.

**13.00** Jólamarkaður verður í Bjarkarási hæfingarstöð í Stjörnugróf 9 í Reykjavík til klukkan 16. Þar verða til sölu listmunir úr Smiðjunni. Fulltrúar frá Ási vinnustofu verða einnig með sinn varning og léttar veitingar verða til sölu.

**17.00** Útgáfutónleikar Guðrúnar Gunnarsdóttur og Friðriks Ómars ásamt níu manna stórhljómsveit undir stjórn Ólafs Gauks í Salnum í Kópavogi. Verða einnig á sama tíma á sunnudag.

**18.00** Tíðagjörð í Selfosskirkju vegna aðfangadags aðventu í umsjá séra Gunnars Björnssonar.

**SUNNUDAGURINN 27. NÓVEMBER**

Fyrsti sunnudagur í aðventu. Fjölbreytt dagskrá í flestum kirkjum landsins.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofnunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

OPNUNARHÁTÍÐ
við nýjan og betri Laugaveg
Á morgun laugardaginn 26.nóvember opnar nýtt bílahús við Laugaveg og einnig verður opnaður nýr og endurbættur kafli Laugavegarins milli Barónstígs og Snorrabrautar
Nýtt bílahús - Frítt í stæði
Nýr og endurbættur kafli
Laugavegur
Barónstígur
Snorrabraut
P
FRÍTT verður í nýja bílahúsið til áramóta
Skemmtidagskrá milli kl. 12:00 og 13:00
Formleg opnun
Sýning úr barnaleikriti Þjóðleikhússins
Guðjón Friðriksson segir sögu Laugavegar
Davíð Ólafsson og Valgerður Guðnadóttir syngja gömul revíulög
Blásarasveit Svansins
Harmonikuleikur
Jólasveinar
Heitt kakó og annað góðgæti
Verslanir og þjónustuaðilar
Hitt Hornið
4 Dots
Tony & Guy
Hjá Berthu
Helgi Guðmundsson - úrsmiður
Halla Boga - gullsmiður
Cher
Reykjavík Pizza Company
B-Young
Tamten
Dún og fiður
Kultur menn
Eva
Galleri Sautján
Vero Moda
Seating Concept
Intrum Justitia
ÍSTAK
Reykjavíkurborg



**Piparkökur** eru komnar í allar verslanir. Þeir sem eru ekki búnir að baka fyrir jólin geta tekið forskot á sæluna og keypt sér poka af piparkökum. Ekki spillir fyrir að kaupa líka malt og appelsín til þess að drekka með kökunum.

## BEAR CROSSING:

### *Kóalabjörninn í kassa*

Bear Crossing er heiti á vínlínu frá ástralska vínfyrirtækinu Angove´s. Flöskurnar bera merki Australian Koala Foundation, samtaka til verndar kóalabjörnum en þessi smávöxnu og vinalegu pokadýr eru í mikilli útrýmingarhættu. Hluti andvirðis af hverri seldri flösku rennur til sjóðsins og hefur þetta framtak vakið mikla athygli náttúruunnenda. Miðinn á flöskunni líkist varnaðarskiltunum sem eru sett upp við þjóðvegi sem kóalabirnir eru gjarnir á að þramma yfir. Angove´s Bear Crossing Cabernet/Merlot vínið hefur vakið athygli og þykir þessi þrúgnasamsetning mjög fersk. Má drekka með flestum kjötréttum, pitsu og mismunandi ostum, einnig mjög gott eitt og sér. Vínið verður á sérstöku tilboðsverði fram að jólum.




*Verð í Vínbúðum 3.890 kr. í 3l kössum.*

Kynningartilboð
á 23 L vínþrúgum
áman
Skeifunni 11d
Sími 533 1020

allt heimili
Alla fimmtudaga

# Síldin setur svip á jólahlaðborðið

***Hótel Loftleiðir er meðal þeirra sem bjóða upp á jólahlaðborð. Við báðum yfirkokkinn að gefa okkur nasasjón af herlegheitunum.***

„Jólahlaðborðið okkar er með dönsku sniði enda hefur ein þekktasta smurbrauðsjómfrú Danmerkur, Ida Davidsen, hjálpað okkur undanfarin tíu ár,“ segir Reynir Magnússon, matreiðslumeistari á Hótel Loftleiðum. Hann kveðst að sjálfsögðu vera með alla þá rétti sem prýtt geta gott jólahlaðborð og sem sýnishorn velur hann síld enda telur hann fjölbreytileikann í síldarréttunum eitt af því sem geri jólahlaðborðin á Loftleiðum frábrugðin öðrum. „Þetta er hluti af því úrvali sem Ida býður upp á í sínu veitingahúsi í Kaupmannahöfn,“ segir hann.

Marentza Poulsen hefur verið gestgjafi við jólahlaðborðin á Hótel Loftleiðum í tíu ár. Reynir segir hennar hlutverk vera að kenna fólki hvernig eigi að raða á diskana af hlaðborði. „Maturinn verður miklu lystugri ef rétt er raðað,“ segir hann og mælir með að fólk taki síldarréttina fyrst og fái sér síðan nýjan disk og fari í næsta hluta borðsins. „Það er um að gera að setja ekki of mikið og of ólíkar tegundir á diskinn í einu,“ tekur hann fram.

Reynir og hans fólk eru með níu tegundir af síld á borðinu, hverja annarri girnilegri enda unnar af mikilli nákvæmni. „Við búum til alla síldarréttina alveg frá grunni og leggjum mikið upp úr því að það sé gert tímanlega, þannig að bragðið njóti sín sem best,“ segir Reynir og gefur landsmönnum uppskrift til að spreyta sig á. ■

**STEIKT FERSK SÍLD:**
Ferskum síldarflökum er velt upp úr blöndu af rúgmjöli og hveiti (helmingur af hvoru). Síldin er kæld niður og sett í síldarlög. Síldin er best ef hún fær að liggja í 3-4 vikur í leginum inn í kæli. Síldin er skorin í bita og sett á fat með smávegis af legi og skreytt með laukhringum og lárviðarlaufi.

**SÍLDARLÖGUR**
**300 ml kryddedik**
**200 ml vatn**
**1 laukur gróft skorinn**
**1 rauðlaukur gróft skorinn**
**1/2 tsk. svört piparkorn heil**
**1/2 stk. lárviðarlauf**
**240 ml sykur**
**2 msk. Worchester sósa**
**1 tsk. nautakraftur**

Allt soðið saman og látið sjóða í tíu mínútur við vægan hita.
Lögurinn er sigtaður áður en honum er hellt yfir síldina.



Síldarréttirnir eru litríkir og girnilegir.



Kalkúnn er ómissandi hluti af þakkargjörð Bandaríkjamanna.

# Takk fyrir allt gamalt og gott!

***Þakkargjörðarhátíðin stendur nú sem hæst í Bandaríkjunum.***

Síðasti fimmtudagur nóvembermánaðar er dagur þakkargjörðarhátíðar Bandaríkjamanna. Þakkargjörðarhátíðin er í raun eina hátíðin sem allir Bandaríkjamenn fagna óháð trúarbrögðum eða litarhætti og er að því leyti stærri en jólin og páskarnir. Þá er fjögurra daga helgi frá fimmtudegi til sunnudags, skrúðgöngur og skemmtiatriði og fjölskyldur koma saman og snæða hátíðamat.

Uppskeruhátíðir hafa í einhverri mynd verið liður í menningu síðan mannfólkið hóf að yrkja jörðina sér til viðurværis. Frá Grikkjum til forna má sjá þann sið að fagna góðri uppskeru þróast og aðlagast siðvenjum þjóða víðs vegar um heiminn. Þakkargjörðarhátíð Bandaríkjamanna á rætur sínar að rekja til uppskeruhátíðar er haldin var árið 1621. Þjóðsagan hermir að indíánarnir hafi kennt landnemum þessa tíma að sá að vori og þannig tryggt þeim næga uppskeru um haustið til að halda í þeim lífinu yfir veturinn sem var að ganga í garð.

Í dag er litið á þakkargjörðarhátíðina fyrst og fremst sem tækifæri fyrir vini og vandamenn til að safnast saman yfir ríkulegri máltíð og glaðri kvöldstund. Algengt er að hver manneskja við matarborðið nefni þá hluti sem þeir eru þakklátir fyrir, og taki svo hraustlega til matar síns.

Hefðbundin þakkargjörðarmáltíð samanstendur af kalkúni með brauðfyllingu, kartöflumús, rjómalöguðu grænmeti (rófum, gulrótum eða spínati) og að sjálfsögðu eplapæ að hætti mömmunnar í eftirrétt.

## Uppskrift }



### Kjötréttur með ávöxtum

**UPPSKRIFT FRÁ ÓTTARI MARTINI NORÐFJÖRÐ HEIMSPEKINGI.**

**1 kg lambakjöt, beinlaust**
**1-2 laukar**
**1 hvítlauksrif**
**olía til að steikja upp úr**
**1 dós tómatmauk milt**
**1 og 1/2 dl vatn**
**2 msk. púðursykur**
**2 tsk. karrý sterkt**
**1 tsk. salt**
**1 kjúklingateningur**
**3 epli**
**2 appelsínur**

Kjötið er skorið niður í bita og laukurinn í sneiðar. Hvítlaukurinn er pressaður. Þetta er brúnað um stund í olíunni á pönnu eða í djúpum potti. Eplin eru skræld og skorin í bita og appelsínurnar í sneiðar með börkinn á (þetta með börkinn er mikilvægt). Þegar kjötið er orðið brúnað er öllu hinu bætt á pönnuna eða í pottinn, suðan látin koma upp og rétturinn látinn malla við vægan hita í 40-45 mínútur. Borðað með hrísgrjónum eða kartöflumús, nanbrauði og gjarnan ávaxtasalati.





Á Íslandi eru ekki beint kjöraðstæður til þess að rækta mandarínur og þess vegna koma flestar mandarínur sem við Íslendingar neytum frá Spáni.

# Jólamandarínur í tonnavís



***Jólin eru tími mandarínanna. Magn þeirra í matvöruverslunum eykst til muna og á heimilum berst mandarínukeimur um öll herbergi.***

Það er eitthvað við mandarínur sem kemur fólki í jólaskap. Mandarínur eru sætir og bragðgóðir ávextir sem fara fallega í skál. Mandarínur eru líka vinsælt skreytiefni á jólunum og því geta margir ekki sætt sig við jól án mandarína. Lyktin frá mandarínunum minnir marga á jólin og vekur upp ákveðnar tilfinningar. Þess vegna fagna því margir að jólamandarínurnar skuli loksins vera komnar í verslanir.

Trausti Reynisson, verslunarstjóri Hagkaupa í Smáralind, segir að jólamandarínurnar hafi verið að detta inn á síðustu dögum. Hann segir að magn mandarína í verslunum Hagkaupa tífaldist að minnsta kosti í jólamánuðinum. „Við erum að fá fleiri hundruð kassa og hver kassi er um 2,3 kíló þannig að bara hjá mér erum við að fá um tonn,“ segir Trausti og bætir við að allar þessar mandarínur seljist auðveldlega. Trausti segir að mandarínurnar séu ræktaðar á Spáni en komi þó hingað frá Hollandi.

Aðspurður segir Trausti að ástæða þessara vinsælda mandarínanna sé hversu bragðgóðar þær séu. „Svo er það bara stemningin. Menn eru með jólaeplin og jólamandarínurnar, það er enginn með jólaagúrkur. Maður fær líka fátt betra en steinlausar mandarínur.“ ■

# Hentugt fyrir jólabaksturinn

***Piparkökumix er nýjasta afurð matvælafyrirtækisins Kötlu.***

Aldrei hefur verið auðveldara eða fljótlegra að baka piparkökur en nú. Þar sem fólk verður sífellt tímanaumara á aðventunni ákvað Katla að létta undir í jólaundirbúningnum með piparkökumixi. Mixið er í skrautlegum 600 gramma jólasekk og aðeins er eftir að bæta mjólk og eggjum við svo úr verði deig. Það kallar því aðeins á örfá handtök, kökukefli og heitan ofn. Þá eru komnar ilmandi kökur, mátulega kryddaðar og stökkar og það sem meira er: næstum fyrirhafnarlaust.

Piparkökumixið er fjórða afurðin af þessum toga í framleiðslulínu Kötlu en áður er komið pönnukökumix, súkkulaðikökumix og vöfflumix, sem að sögn Arnbjörns Þórarinssonar framleiðslustjóra hafa notið hafa mikilla vinsælda. „Þetta er þróunin,“ segir Arnbjörn. „Mjög margar fjölskyldur vilja gjarnan halda í skemmtilegar hefðir á borð við „drekkutíma“ og kvöldkaffi en þar sem tíminn er oft af skornum skammti kallar það á tilbúnar lausnir. Mixin okkar gera fólki kleift að bjóða upp á heimabakað á stuttum tíma, halda í gamlar hefðir og gefa fjölskyldum tækifæri til þess að gera eitthvað saman. Ekki er vanþörf á nú þegar aðventan er að byrja.“ ■




Kötlumixið er í skrautlegum og skemmtilegum pokum.

## MONTES:

# Smökkun fyrir almenning í Grillinu

Í tilefni af heimsókn víngerðarmannsins heimskunna Aurelio Montes til Íslands verður smökkun fyrir almenning á vínum frá Montes mánudagskvöldið 28. nóvember kl. 18 í Grillinu á Hótel Sögu. Þar verða öll helstu vín Montes kynnt. Smökkunin er öllum opin meðan húsrúm leyfir. Einnig má geta þess að fram yfir helgina býður Grillið upp á fjögurra rétta veislumatseðil sniðinn að sérvöldum vínum frá Montes.

Vínin frá Montes hafa lengi verið einhver vinsælustu vínin frá Chile hérlendis og þar með í hópi allra mest seldu vínanna. Frá engu landi er flutt inn meira vín til Íslands en Chile. Suður-amerísk vín virðast hitta okkur í hjartastað líkt og töfraraunsæið í skáldskapnum úr álfunni. Einföldustu vínin nefnast Villa Montes en millilína fyrirtækisins heitir einfaldlega Montes.



**Montes Chardonnay Reserve**
Þetta Chardonnay-vín hefur að hluta verið geymt á amerískri eik. Höfugt, mjúkt vín sem einkennist af hitabeltisávöxtum, sítrus, perum og ananas, kryddum, hnetu og eik.
*Verð í Vínbúðum kr. 1.160.*

**Montes Cabernet Sauvignon Resverve**
Þyngra og flóknara vín en Villa Montes, hefur verið geymt um nokkurt skeið í amerískum eikartunnum. Vín sem batnar og batnar með árunum.
*Kynningarverð á hátíðardögum í Vínbúðum kr. 1.090.*

**Montes Cabernet Sauvignon - Carmenére Special Selection**
Eitt vinsælasta vínið í dag frá Montes. Kraftmikið vín þar sem carmenére-þrúgan gefur víninu meiri kryddflóru og bjartari og flóknari ávöxt sem gerir það aðgengilegra og mýkra en ef um hreint cabernet sauvignon væri að ræða. Lygilega gott verð á jafn stóru víni.
*Verð í vínbúðum kr. 1.190.*


allt
bílar
Alla laugardaga













Vönduð þjónusta og sælkeramatur



Eftir áratuga þjónustu við okkar góðu viðskiptavini sem koma ár eftir ár og njóta vandaðrar þjónustu og sælkeramatar viljum við bjóða þig velkomin í þann hóp.

Nýr matseðill, Barnamatseðill, Súpu og salatbar
Hádegisverðartilboð

POTTURINN OG PANNAN
Vandaður veitingastaður
Opið 11:30-22:00
Brautarholt 22, 105 Reykjavík,
Sími 551-1690
www.potturinnog pannan.is

## Réttir kvöldsins

Fordrykkur í boði hússins
M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

| Forréttur | verð f/ einrétta | verð f/ þriggja rétta máltíð |
|---|---|---|
| **Humarsúpa** m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði | kr. 850 | |
| **Aðalréttir** | | |
| **Smjörsteiktur skötuselur** m/ hvítvínssósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.950 | kr. 3.890 |
| **Lambafillet** m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.980 | kr. 3.890 |
| **Nautalundir** m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 3.150 | kr. 3.990 |
| **Eftirréttur** | | |
| Súkkulaðifrauð | kr. 690 | |

Tilboðin gilda öll kvöld
Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27 / www.madonna.is






Hjónin Bogi og Nok í sólstofunni sinni þar sem þau framreiða dýrindis máltíðir fyrir hópa fjögur kvöld í viku. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Veitingahús í sólstofunni

***6-12 manna hópar geta farið í taílenska veislu fjögur kvöld vikunnar.***

Hjónin Bogi Jónsson og Narumon Sawangjaitham, eða Nok eins og hún er oftast kölluð, reka í sameiningu býsna sérstakt veitingahús á Álftanesinu. Veitingahúsið er aðeins opnað fyrir hópa sem panta fyrir fram en það auki sitja gestir til borðs í sólstofu á heimili þeirra hjóna.

„Svona heimaveitingahús eru aðallega til að skapa notalega stemningu,“ segir Bogi. „Gestunum líður eins og þeir séu í matarboði eða veislu hjá einum þeirra en það þarf enginn að hafa áhyggjur af undirbúningi eða uppvaski. Salurinn er 25 fermetrar og við tökum við 6-12 manna hópum.“

Bogi og Nok bjóða dýrindis taílenskan mat og yfirleitt er matseðillinn sá sami. „Nema einhver hafi komið oft áður eða sé með ofnæmi fyrir einhverju,“ segir Bogi. „Í forrétt er Tom Yam Ka sítrussúpa með risarækjum og kókoshnetumjólk. Í aðalrétt er hlaðborð þar sem fólk velur úr kjúklingi með engifer, svínakjöti í massaman karrý og Pat Thai núðlum með eggjum, hrásalati og jasmín grjónum. Í eftirrétt er svo kaffi og te ásamt kökuslikkeríi.



Veitingastaðurinn Gullna hliðið er á bænum Hlíð. Á vefsíðunni www.1960.is má finna leiðbeiningar um staðsetningu veitingastaðarins.

Gestirnir koma með drykki sjálfir, hvort sem það er léttvín, bjór eða eitthvað annað.“

Eins og fyrr segir er veitingastaðurinn á heimili þeirra hjóna, sem er Hlíð á Álftanesi. Bogi segir að veitingastaðurinn sé kallaður Gullna hliðið í höfuðið á bænum. „Við byrjuðum fyrir rúmu ári síðan og þetta hefur gengið framar vonum. Það sem átti að vera áhugamál er orðið að aðalstarfi. Getir verða að panta með einhverjum fyrirvara. Við opnum bara fjögur kvöld í viku en fólk getur valið hvaða kvöld sem er.“

Bogi og Nok eru þó engir nýgræðingar í matseld eða veitingarekstri því áður ráku þau staðinn Thailandi á Laugaveginum. Þar var skyndibitastaður á jarðhæð og betri veitingastaður á efri hæð. „Við vorum meira að segja veitingahús mánaðarins í flugriti Thai Air,“ segir Bogi.

Til að kóróna glæsilega máltíð er útsýnið úr sólstofunni einstakt. „Það er hálfur kílómetri í næsta hús og umhverfis okkur er friðaður fólkvangur. Við sjáum til dæmis Bláfjöll, Reykjanesskagann, Snæfellsjökul og upp á Hellisheiði,“ segir Bogi að lokum. ■


Ertu með partý í kvöld?

VOGABÆR
Sími 424 6525 www.vogabaer.is

með krydd-blöndu
með papriku - blöndu
með lauk




Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



# Sérblað um mat og vín

*- fylgir Fréttablaðinu á morgun*




*Í Lostæti er að finna úrval bestu uppskrifta af síðunum Matur o.fl. undanfarið ár. Þetta er eigulegt blað sem mun sóma sér vel meðal uppáhalds-matreiðslubókanna*



allt tíska
Alla fimmtudaga



## Selfoss jafnast á við franska þorpið

DRAUMUR STEINUNNAR ER AÐ GETA BÚIÐ JAFNFÆTIS Á SELFOSSI OG Í FRAKKLANDI.

SJÁ BLS. 12

[ SÉRBLAÐ UM SUÐURLAND – FÖSTUDAGUR 25. NÓVEMBER 2005 ]

# Blómleg byggð



## Efnisyfirlit


Kyrkislönguskinn og krókódíll
Afró boutique
Bls. 2

Alltaf vinsæl
Garðyrkjan í Hveragerði
Bls. 4

Girnilegur humar
Veitingastaðir á Suðurlandi
Bls. 6





Gull, reykelsi og myrra
Verslunin Alvara
Bls. 7

Íslensk gæðavara
Pönnur frá Alpan
Bls. 8

Skemmtilegast að gefa
Kvenfélag Eyrarbakka
Bls. 9

Suðurland í öllu sínu veldi
Í máli og myndum
Bls. 10

Skipulegðu skemmtilega helgi
Hótel Örk í Hveragerði
Bls. 11





Ekki elta þín eigin epli
Fyrsta breiðskífa Nilfisk
Bls. 12

Klæddist karlmannsfötum
Fékk leyfi hjá sýslumanni
Bls. 14




list }


Listasafn Árnesinga, Hveragerði, séð utan frá að vetrarlagi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Opið örlítið lengur

LISTASAFN ÁRNESINGA ER METNAÐARFULLT LISTASAFN.

Listasafn Árnesinga er opið bæði vor og haust um helgar en á sumrin alla daga vikunnar. Safnið er nálægt Eden að Austurmörk 21. Stefna safnsins er að hafa opið lengur, en til þess vantar fjármagn. Birna Kristjánsdóttir, forstöðumaður safnsins, segir að starfsemin sé mjög teygjanleg eftir því sem takist að fá frekara fjármagn. Þetta árið hafi til dæmis verið ákveðið að hafa opið örlítið lengur, út nóvembermánuð.

Á þessu ári voru settar upp þrjár sýningar í listasafninu. Ein sýningin var á verkum í eigu safnsins, sem samanstandur af ýmsum listamönnum. Einnig var sett upp sýning í tengslum við Listahátíð í Reykjavík á verkum Jonathan Meese, og önnur sýning sem bar nafnið Tívolí með verkum eftir fjölda manns. Búið er að ákveða lauslega dagskrá fyrir næsta ár sem verður spennandi að sjá enda greinilegt að metnaður er í starfi safnsins.


Gestir Töfragarðsins geta átt von á því að sjá þar hreindýr næsta sumar.

# Hreindýr í Töfragarðinn

TÖFRAGARÐURINN LEITAST VIÐ AÐ AUKA DÝRAFLÓRUNA.

Töfragarðurinn á Stokkseyri er stórskemmtilegur staður þar sem fjölskyldan getur staldrað við á ferðalagi og skoðað dýrin eða hoppað á risastóru trampólíni, klifrað í kastala og fengið sér vöfflur í fallegu umhverfi. Fjöldi dýrategunda í garðinum en mest er þar af húsdýrum. Nú á dögunum var sótt um leyfi fyrir hreindýrum til að bæta í hóp þeirra dýra sem fyrir eru í Töfragarðinum. Vona aðstandendur garðsins að hægt verði að ganga frá öllum lausum endum varðandi hreindýramál áður en garðurinn verður opnaður í maí á næsta ári en beðið er eftir svari frá umhverfisráðuneytinu.

Í könnun á vefsíðu garðsins kemur fram að um 25 prósent þeirra sem svöruðu hafa áhuga á að fá hreindýr í garðinn, en athygli vekur að 47 prósent hafa áhuga að fá strút í garðinn. Á síðunni kemur einnig fram að von sé á spennandi viðbótum í garðinn og er aldrei að vita


Dorcas Omane og dóttir hennar, Anna María Eiríksdóttir, í verslun Dorcas, Afró butique á Selfossi.

# Afrísk verslun á Selfossi

Alþjóðabragur Selfyssinga jókst til muna þegar Dorcas Omane opnaði þar verslun sína, Afró butique. Dorcas er frá Gana og flytur þaðan inn vörur fyrir verslun sína.

„Maðurinn minn var mjög hrifinn af ganverskum vörum þegar hann kom að heimsækja mig þar og eftir að ég flutti til Íslands fyrir þremur árum datt mér í hug að það gæti verið sniðugt að selja þessa hluti á Íslandi," segir Dorcas Omane, sem býr á Stokkseyri ásamt eiginmanni sínum og þremur börnum.

Dorcas opnaði Afró butique í október á þessu ári.

„Ég flutti inn heilan gám af vörum og nú er það allt að verða búið, svo nýr gámur kom í þessari viku, í tæka tíð fyrir jólaösina," segir Dorcas, hlær og hossar Önnu Maríu, ársgamalli yngstu dóttur sinni, á mjöðminni. „Fólk hefur tekið versluninni ákaflega vel, ég er eiginlega hissa á því hvað þetta hefur gengið vel."

Dorcas selur allt á milli himins og jarðar í versluninni: föt, skartgripi, skó, hárlengingar, snyrtivörur, afrísk eldunaráhöld, þar á meðal potta, styttur, trommur, skraut- og galdragrímur, sápur, belti og ótal margt fleira. Hún er sérstaklega stolt af hlébarðaskinninu sínu, kyrkislönguskinninu og útskornum krókódíl sem skreyta verslunina.

Verslunin er opin frá 11-18 alla virka daga og á laugardögum frá 12-16.


Í Afró butique finnst allt á milli himins og jarðar frá Gana: föt, skór, skartgripir, trommur, snyrtivörur og fleira. Þetta er vúdúgríma.

Verslunin ÍRIS

Skemmtu þér ... }

... á Vík, en þar er fjöldinn allur af mögulegum skemmtunum fyrir hresst fólk. Helst er að nefna vélsleðaferðir á Mýrdalsjökul, sem fyrirtækið Acranum í Vík býður upp á. Hjólabátsferðir til Dyrhólaeyjar hafa einnig notið vinsælda, en umgjörðin um Dyrhólaey og Vík er stórfengleg og náttúrufegurðin yfirþyrmandi.

... á Stokkseyri þar sem veitingastaðinn vinsæla Við fjöruborðið er að finna, en eins og nafnið gefur til kynna er staðurinn einmitt við fjöruborðið. Veitingastaðurinn er rómaður fyrir gómsætan humar og notalegt andrúmsloft. Eftir mat er svo kannski hægt að fá sér göngu í fjöruborðinu og skoða fuglalífið við Stokkseyri.



# Selfoss og Árborg

*Höfuðborgin færist nær ...*




**Heimilstæki** óskar **Fossraf** til hamingju með nýja og stórglæsilega raf- og heimilistækjaverslun **Fossraf / Heimilistæki** að Eyrarvegi 21 á Selfossi




Meðal fjölda JÓLATILBOÐA eru ...

**United 27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP** **Aðeins kr. 79.995**

**Melissa MultiMixer** **Aðeins kr. 4.995**

**Ideline SÚKKULAÐIPOTTUR** **Aðeins kr. 3.995**

**Philips Senseo KAFFIKANNA** **Aðeins kr. 7.995 með kaupauka**



**ALLT Í EINU**

Multi Mixer - All in One



MELISSA

Undratæki sem leysir öll hin smátækin í eldhúsinu af hólmi!



ide line

Bræðir súkkulaði – brennir ekki.
Fjöldi aukahluta.



Senseo

Merrild PHILIPS

Veldu Senseo pakkningu með eftirlætis bragðinu.

Settu einn eða tvo kaffipúða í vélina.

Þrýstu á hnapp fyrir einn eða tvo bolla.

KAUPAUKI / 4 KAFFIGLÖS

**FOSSRAF**

EYRARVEGI 21 Selfossi • Sími 480-3700 • www.fossraf.is

**Heimilistæki**

www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

samgöngur }



Nýi vegurinn mun fylgja rauðu línunni frá Þorlákshöfn að þeirri gulu og svo þeirri gulu yfir að þeirri rauðu til Grindavíkur.
Mynd/Línuhönnun

# Vegur á milli Þorlákshafnar og Grindavíkur

Vegurinn verður með bundnu slitlagi en byrjað var á honum vestantil, við Grindavík.

„Ekki er að efa að tilkoma hins nýja Suðurstrandarvegar mun stórbæta samgöngur á milli Suðurnesja og Suðurlands," segir Rögnvaldur Gunnarsson hjá Vegagerðinni.

Núverandi vegur, sem er mjög lélegur burðarlítill mjór og hæðóttur malarvegur, lokast oft að vetri til og er seinfarinn við góðar aðstæður. Suðurstrandarvegur mun hins vegar liggja talsvert lægra en núverandi vegir um Þrengsli og Hellisheiði og ætti að vera auðvelt að halda honum opnum jafnvel í verstu vetrarveðrum.

Kostnaður við framkvæmdina verður um 1.500 milljónir króna, en leiðin á milli Grindavíkur og Þorlákshafnar mun styttast um þrettán kílómetra við tilkomu nýja vegarins.






Tilraunagróðurhús Landbúnaðarháskólans að Reykjum í Ölfusi er hlýtt og notalegt í vetrarnepjunni. Holgeir Hansen sinnir hér plöntunum. Fréttablaðið/Heiða

# Garðyrkjan alltaf vinsæl

Ótal margir Íslendingar hafa lært garðyrkju að Reykjum skammt frá Hveragerði, og fer áhugi landsmanna á þeirri starfsgrein síður en svo minnkandi.

Þegar Landbúnaðarháskóli Íslands tók til starfa í janúar á þessu ári voru Garðyrkjuskóli ríkisins, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins sameinuð undir einum hatti. Aðalaðsetur skólans er á Hvanneyri í Borgarfirði en þó heldur garðyrkjunámið áfram á Reykjum í Ölfusi, bæði á framhalds- og háskólastigi.

„Hjá okkur eru 46 nemendur í fullu starfmenntanámi og síðan eru átján í diplómanámi í garðyrkju," segir Björn Gunnlaugsson, forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar skólans. „Einnig fer fram öflugt endurmenntunarstarf og árlega koma á annað þúsund manns á endurmenntunarnámskeið, aðallega fagfólk."

Meðalaldur nemenda er hár og



hafa margir þeirra lokið stúdentsprófi áður en þeir hefja nám við skólann.

Nám við Garðyrkjuskólann er starfstengt og á sex námsbrautum, þar sem einungis skrúðgarðyrkja er löggilt iðngrein. Hinar brautirnar eru blómaskreytingabraut, umhverfisbraut og ylræktarbraut en auk þess er í boði nám á garðplöntubraut og skógræktarbraut. Á háskólastigi er boðið upp á þrjátíu eininga diplómanám í garðyrkju-, skógræktar- og skrúðgarðyrkjutækni. Kennslan fer fram í fjarnámi með staðbundnum námslotum og nýtist þetta nám sem viðbót við starfsmenntanámið eða sem grunnur að frekara námi.

Starfsvettvangur er mjög ólíkur eftir námsbrautum en atvinnumöguleikar útskrifaðra nemenda eru mjög góðir og mikil eftirspurn er eftir faglærðu fólki á öllum sviðum garðyrkjunnar.




# Mikið um að vera í fasteignaviðskiptum á Suðurlandi

Fasteignasalar á Suðurlandi hafa líkt og aðrir fundið fyrir stórauknum fasteignaviðskiptum þar. Helst er uppsveiflan á Selfossi, Hveragerði, Stokkseyri og Eyrarbakka en minna er um að vera á Hellu og Hvolsvelli.

„Það hefur streymt hingað fólk, sérstaklega af höfuðborgarsvæðinu. Selfoss og nágrannasvæðin eru orðin góður kostur því það er orðið svo mikið stress og umferð í Reykjavík og fólk vill losna við það," segir Þröstur Árnason, einn eigenda fasteignasölunnar Bakka og jafnframt sölumaður þar.

„Það er til dæmis mikið verið að byggja hér á Selfossi og mikill skortur er á fasteignum á Stokkseyri og Eyrarbakka," segir Þröstur.



Þröstur Árnason, sölumaður og einn af eigendum fasteignasölunnar Bakka á Selfossi.

Eins er verið að byggja á Hellu, þó minna sé um að vera þar en á vestanverðu Suðurlandi, að sögn Þrastar.

Fasteignasalan Bakki var stofnuð árið 1981 og eru höfuðstöðvar hennar á Selfossi. Jafnframt eru sölumenn frá Bakka á Þorlákshöfn og Hellu. Hjá Bakka starfa tveir löggiltir fasteignasalar og er annar þeirra jafnframt lögfræðingur að mennt. Auk þeirra starfa þar að jafnaði fjórir sölumenn.




# …þá lögum við okkur að **þínum** þörfum!

**Vildarþjónusta Sparisjóðsins**

er ný persónuleg fjármálaþjónusta sem er sérsniðin að þínum þörfum og tryggir þér framúrskarandi þjónustu og meiri ávinning. Kynntu þér málið í næsta Sparisjóði eða á **www.spar.is.**

- Lán án ábyrgðarmanna og afsláttur af lántökugjöldum
- Frítt debetkort
- 200 fríar debetkortafærslur á ári*
- Afsláttur af árgjaldi kreditkorts
- Sérkjör hjá Verðbréfaþjónustu Sparisjóðsins
- Endurgreiðsla persónutrygginga
- Frábær tilboð hjá Og Vodafone, Plúsferðum og Úrval Útsýn

SPARISJÓÐURINN
*– fyrir þig og þína*

*Gildir í Gull- og Eðalþjónustu

**Sexfaldur sigurvegari** | ánægðustu viðskiptavinirnir í bankakerfinu síðastliðin 6 ár | **spar.is**

# Girnilegir kvöldverðir á Suðurlandi

Fréttablaðið heimsótti þrjá eðalveitingastaði á Suðurlandi sem allir hafa sinn sjarma, þó mjög ólíkir séu. Ekki er hægt að gera upp á milli þeirra þegar kemur að matseldinni en allir sérhæfa sig í humarréttum, eins og sést af myndunum.



Fiskréttur dagsins er breytilegur á Rauða húsinu eftir því hvaða fiskur er girnilegastur í boði hjá sjómönnum á Suðurlandi. Þessi gufusoðni lax, sem er borinn fram með gljáðu grænmeti og greipaldin-saffran sósu, kostar 2.200 krónur á kvöldin en 1.690 í hádeginu.

## Rauða húsið, Eyrarbakka

Í skemmtilegu húsi á Eyrarbakka, sem áður hýsti verslun og síðar röraverksmiðju, er afar notalegur veitingastaður, Rauða húsið. Upphaflega var veitingahúsið opnað árið 2001 í mun minna húsi sem áður þjónaði sem barnaskóli Eyrbekkinga, en í vor flutti staðurinn sig um set.

„Það hús var einfaldlega of lítið, ekki nema 200 fermetrar, en þetta hús er 730 fermetrar og tekur rúmlega 200 manns í sæti," segir Pétur Andrésson, annar af tveimur eigendum hússins, og bætir við að salirnir séu þrír og enginn þeirra því yfirþyrmandi að stærð. Aðalsalurinn á miðhæð hússins er ákaflega notalegur, gerður upp í gamaldags stíl með viðargólfum, listum í lofti og jólastjörnum í gluggum. Hann minnir helst á stofu á heimili efnafólks á fjórða áratugnum enda löguðu eigendurnir sig eftir þeim stíl og fóru meðal annars á antíksölu í Danmörku til að útvega ljósin í þennan sal.

Auk hefðbundins matseðils, þar sem fiskréttir skipa heiðurssess, býður staðurinn þessa dagana upp á jólahlaðborð um helgar þar sem Nanna Rögnvaldardóttir, matgæðingur og ritstjóri gestgjafans. is, hefur lagt hönd að hönnun matseðilsins.

Humarinn hjá Rauða húsinu kostar 5.400 krónur sem aðalréttur en 3.200 krónur ef minni skammtur er pantaður. Myndin sýnir stærri skammtinn.





Halldór Halldórsson, yfirkokkur á Riverside, leggur hér lokahönd á gómsætan sesamristaðan kjúkling á salati. Sem aðalréttur kostar kjúklingasalatið 2.050 krónur.

## Riverside, Hótel Selfossi

Veitingastaðurinn Riverside, sem þýða mætti sem Við árbakkann, á Hótel Selfossi, er sá nýtískulegasti af þeim sem við fórum á. Hér er útsýnið yfir Ölfusána stórkostlegt, enda gluggarnir margir og stórir, og á þessum tíma árs sér fólk oft norðurljósin dansa yfir Ingólfsfjallinu, að sögn Óla Guðmundssonar sölustjóra.

Riverside, sem var opnaður fyrir rúmu ári síðan, er stílhreinn og skemmtilegur veitingastaður sem tekur 250 manns í sæti í einum ílöngum sal. Beinhvítir leðurklæddir stólar og hvítir borðdúkarnir stinga skemmtilega í stúf við kóngablátt teppið á gólfinu og við barinn eru beinhvítir leðursófar, þar sem gott er að fá sér koníak eftir matinn.

Á föstudögum er boðið upp á jólahlaðborð á veitingastaðnum og leikur Lis Gammon þá á pianó og syngur undir borðhaldi. Á laugardagskvöldum er jólahlaðborð annars staðar í hótelinu, en veitingastaðurinn er samt sem áður opinn og býður upp á rétti af matseðlinum.




Kveikt á jólatré.

**Kveikt verður á jólatré bæjarins á miðbæjartorginu, Breiðumörk, sunnudaginn 4. desember og hefst dagskráin kl. 17:00.**

Fulltrúi bæjarstjórnar flytur ávarp og heyrst hefur að jólasveinar séu á leið til byggða ofan úr Reykjafjalli. Hveragerðisbær óskar Hvergerðingum og öllum landsmönnum gleðilegra jóla og gæfu á komandi ári.

**Bæjarstjórinn í Hveragerði.**


## Við fjöruborðið, Stokkseyri

Veitingastaðurinn Við fjöruborðið á Stokkseyri hefur lengi verið þekktur bæði fyrir humarréttina sína og skemmtilegt andrúmsloft. Þar er boðið upp á meira en magafylli; staðurinn er samtvinnaður fjöruborðinu sem húsið stendur við og bera innréttingarnar vott um það, en fiskinet eru notuð til skreytinga.

„Þetta er afar kósí hjá okkur og staðurinn er sérstaklega rómantískur á veturna," segir annar af tveimur eigendum, Jón Tryggvi Jónsson.

Staðurinn byrjaði sem kaffihús árið 1996 en tveimur árum síðar var tekið að elda humar, fyrst undir berum himni. Svo var tekið að bæta við húsið og nú tekur staðurinn mest 230 manns í sæti í þremur sölum sem bera nöfnin Himinninn, Hafið og Tjaldið.

„Humarinn stendur alltaf fyrir sínu. Hann er pönnusteiktur í hvítlauk og smjöri, kemur í skelinni og við berum hann fram með kúskús, salati og kartöflum úr Þykkvabænum. Við leggjum mikið upp úr því að hafa hráefnið alltaf ferskt og flott," segir Jón Tryggvi.



Humar og fleiri gómsætir réttir sem fást á veitingastaðnum Við fjöruborðið á Stokkseyri.



Humar veitingastaðarins Við fjöruborðið á Stokkseyri er vel þekktur. Humarinn kostar á bilinu 2.600 krónur til 3.900 krónur, eftir því hvaða réttur er valinn.



Alda Sigurðardóttir er eigandi Alvörubúðarinnar. Fréttablaðið/Heiða

# Gull, reykelsi og myrra

Á Selfossi er að finna lítið ævintýralegt handverksverkstæði og verslun sem kallast Alvörubúðin og má þar finna heilmikið af bæði íslensku og indversku handverki.

„Fyrir jólin er þetta ein af fáum verslunum sem selja gull, reykelsi og myrru," segir Alda Sigurðardóttir myndlistarkona, eigandi Alvörubúðarinnar. „Ég er með margs konar reykelsi, það er mikið gull í indverskum vörum og myrra er efni sem borið er á fíðluboga."

Alda hannar gamaldags handavinnu, sem fólk getur keypt og saumað út sjálft, og vinnur hún mynstrin mikið upp úr gömlum íslenskum handritum og hefðum. Einnig selur hún handverk ýmissa Sunnlendinga, mest ullarvinnu, þar á meðal handverk frá Þingborg. Auk þess er hún með heilmikið af handverki og heimilisiðnaði frá Indlandi til sölu sem hún flytur inn sjálf og fer að hennar sögn mjög vel við íslensku vörurnar.



Alda Sigurðardóttir býr til handavinnu samkvæmt íslenskum hefðum. Fólk getur svo saumað púðana út sjálft eftir mynstrunum og hér sjást tveir fullunnir púðar. Fréttablaðið/Heiða

„Indverskt handverk er gamalt áhugamál hjá mér og hef ég farið nokkrum sinnum til Indlands. Ég hef komið mér upp sambandi við mann á Indlandi sem kaupir fyrir mig ekta handverk eftir minni forskrift," segir Alda.

Verslunin hefur því á sér mjög ævintýranlegan brag og kennir ýmissa grasa. Má þar finna litskrúðuga dúka, sjöl, veggteppi, rúmteppi, dúkkur, leðurvörur og dansbjöllur svo fátt eitt sé nefnt. Einnig eru þarna föt á börn og fullorðna. Allt er handunnið og eru engir tveir hlutir eins.

Fleiri upplýsingar er að finna á vefsíðu Öldu, www.alvara.is.

Veiðisport
Eyravegi 15 - Selfossi - sími 482 1506

LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA - FASTEIGNASALA
LÖGMENN SUÐURLANDI
MIÐSTÖÐ FASTEIGNAVIÐSKIPTA Á SUÐURLANDI
Austurvegi 3, Selfossi - Sími 480 2900 - Fax 482 2801 - www.log.is




Árborgarbúar
Verslum í heimabyggð
Sveitarfélagið ÁRBORG

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

**Gröfuþjónusta Steins ehf.**
Rauðholti 11, 800 Selfoss - sími 8991770
Er með traktorsgröfu fleyg, kapalplóg, snjótönn og flestar gerðir af skóflum.

**Upplýsingaþjónusta Vegagerðarinnar**
opin alla daga kl. 07:00 – 22:00 í vetur
Færð og veður 1777
Textavarp síður 470–490
Talvél sími 1779
Engin gjöld eru tekin fyrir að leita upplýsinga hjá Vegagerðinni
VEGAGERÐIN
www.vegagerdin.is

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið
Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!
Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á vísir.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Alpan-verksmiðjan á Eyrarbakka framleiðir 140.000 stykki af hágæðapottum og -pönnum á ári hverju og sendir 95 prósent þeirra út um allan heim.

# Íslenskar pönnur um allan heim

Alpan-pönnurnar og -pottarnir, sem framleidd eru á Eyrarbakka, eru afar vinsæl hjá fagmönnum um allan heim. Fyrirtækið sendir vörur til yfir tuttugu landa, allt frá Danmörku til Dubai.

„Við framleiðum potta og pönnur úr áli og allar okkar vörur eru með viðloðunarfrírri húð,“ segir Þórður Bachmann, framkvæmdastjóri Alpans. „Þessar vörur eru með þeim bestu á þessum eldunaráhaldamarkaði, en það er framleiðsluaðferðinni að þakka. Við steypum pönnurnar úr fljótandi áli og það leiðir af sér alveg einstaka eldunareiginleika í þessum vörum. Menn ná mun meiri hita í pönnurnar, öll hitadreifing verður betri og formið á þeim helst einstaklega vel. Þær verpast ekki.“

Íslenska kokkalandsliðið notar eingöngu Alpan-potta og -pönnur, enda hafa þau reynst þeim ákaflega vel, og það sama má segja um kanadíska kokkalandsliðið.

Allar pönnur og pottar fyrirtækisins eru framleidd á Eyrarbakka, en 25 manns starfa í verksmiðjunni, sem framleiðir um 140.000 stykki á ári. Alpan kaupir álið frá útlöndum, og fara 95 prósent af vörum Alpans á erlendan markað. Fyrirtækið selur mikið til Danmerkur, auk fjölda annarra landa í Evrópu, Afríku og Norður-Ameríku.

Alpan hefur starfað á Íslandi síðan árið 1984, en var áður í Danmörku frá árinu 1949.



Alpan-pönnurnar og -pottarnir, sem framleidd eru á Eyrarbakka, eru afar vinsæl eldhúsáhöld um allan heim.



Tuttugu og fimm manns vinna hjá Alpanverksmiðjunni á Eyrarbakka.

# Stoltar að gefa

Kvenfélag Eyrarbakka er elsta kvenfélag landsins, stofnað 1888. Við slógum á þráðinn til formannsins, Rannveigar Önnu Jónsdóttur, og forvitnuðumst um starfsemi félagsins.

„Okkar starf felst í því að afla fjár sem við veitum svo til leikskóla, skóla, elliheimila, björgunarsveita, sjúkrahúsa og svo framvegis," segir Rannveig Anna Jónsdóttir, formaður Kvenfélags Eyrarbakka.

Hún segir félagið einnig sjá um jólaball fyrir börnin, gefa gjafir, hátíðarhöld á 17. júní og heilmargt fleira. „Einnig gerum við hluti sérstaklega fyrir okkur, við förum til útlanda og höldum námskeið," segir Rannveig. Helstu fjáröflunarleiðirnar eru basar, erfidrykkjur og bingó. Basar er haldinn á hverju ári í kringum jólin og eru konurnar í næstum tvo mánuði að búa til hluti á basarinn.

Félagsmenn eru í kringum fimmtíu og eru konur frá þrítugu og upp úr. Flestar eru frá Eyrarbakka en nokkrar eru fluttar úr bænum en taka samt sem áður þátt í starfseminni.

Rannveig viðurkennir að heilmikið starf fylgi því að vera í kvenfélaginu en það sé afskaplega gefandi og á síðasta ári hafi félagið náð að gefa fyrir fimm milljónir.

„Við fyllumst miklu stolti þegar við gefum og það er alltaf gott að sjá árangur erfiðis síns," segir Rannveig Anna.



Á myndinni eru meðlimir kvenfélagsins með brúður sem þær bjuggu til í samstarfi við Unicef.



## Kaffi Krús skiptir um eigendur

Eigendur Rauða hússins á Eyrarbakka, auk Guðmundar Annas Árnasonar, matreiðslu- og afgreiðslumanns þar, hafa keypt rekstur veitingahússins Kaffi Krúsar á Selfossi.

„Við ætlum að opna bistró, auka svolítið við það sem hefur hingað til verið í boði þar," segir Pétur Andrésson, sem á Rauða húsið ásamt Inga Þór Jónssyni og fjölskyldum beggja. Auk þess eiga félagarnir fyrirtækið Þrjá bolla ásamt Guðmundi, en það fyrirtæki mun standa fyrir rekstri Kaffi Krúsar.

„Matseðillinn verður bæði ítarlegri og fjölbreyttari," bætir Guðmundur við.

Guðbjörg Anna Árnadóttir hefur rekið Kaffi Krús í rúman áratug, og bauð gestum upp á súpu og brauð og fleiri léttar veitingar.





Starfsfólk okkar vítt um Suðurland er sterk liðsheild sem leggur metnað sinn í að vera til staðar fyrir viðskiptavini með vörur og þjónustu sem veita bæði farartækjum og viðskiptavinum hressandi kraft og öryggi. **Við gerum betur.**

**Shell - með þér alla leið**





NÝTT KORTATÍMABIL
GLÆSILEG VERSLUN MEÐ MERKJAVÖRU FRÁ
ricco vero
falleg hönnun, gæði og stíll!

falleg hönnun, gæði og stíll! falleg hönnun, gæði og stíll! falleg hönnun, gæði og stíll! falleg hönnun, gæði og stíll! falleg hönnun, gæði og stíll! falleg hönnun, gæði og stíll!

Stílistinn, tíska og stíll.
Sunnumörk, Hveragerði Sími 483-4121

stílistinn
Ráðgjöf ásamt þjónustu. Fatastíll og litgreining

Allt í jólapakka hestamannsins
Hestavöruverslun
Söðlasmíðaverkstæði
Viðgerðir og nýsmíði
BALDVIN OG ÞORVALDUR SELFOSSI
Baldvin og Þorvaldur
Austurvegi 56 • 800 Selfoss
Sími 482 1900 • Fax 482 1907
www.baldvinogthorvaldur.is



Hestar í litlum haga rétt fyrir utan Eyrarbakka.

# Suðurland í máli og myndum

Suðurland skartaði sínum fegursta vetrarbúningi þegar ljósmyndarinn Heiða Helgadóttir lagði leið sína þar um fyrr í vikunni. Þó rigning væri og hráslagalegt braust sólin öðru hvoru fram úr skýjaþykkninu og varpaði einstaklega fallegri birtu yfir landið, sem Heiða festi snarlega á filmu.



Hverir fyrir ofan Hveragerði.



Ekki er óalgengt að sjá dráttarvélar á ferli á Eyrabakka.



Útsýnisskífan á Stokkseyri sem sýnir helstu örnefni í kring var einkar falleg á þessum gráa degi.



Brúin yfir Ölfusá á Selfossi er komin í jólabúninginn.



Við Hveragerði eru nokkur gömul og ónýt gróðurhús þar sem arfinn lifir góðu lífi.


Ný sending af húsgögnum

SIA og Bröste vörur

Jolaskreytingar og Aðventukransar
Jólastjörnur á tilboði
BLÓMABORG HVERAGERÐI
Sími 483 4225

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



Hótel Örk er afar glæsilegt hótel í Hveragerði og vinsæll kostur þeirra sem vilja slaka á yfir helgi í jólaösinni. Fréttablaðið/Heiða

# Hugmynd að helgi

Hótel Örk býður upp á sértilboð í skammdeginu og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi, sama á hvaða aldri þeir eru.

Hótel Örk í Hveragerði þekkja flestir og tilboðin sem þar er að finna þessa dagana eru sérstaklega löguð að óskum bæði barna og eldri borgara.

Dagana 29. nóvember til 4. desember býður hótelið upp á sparidaga með jólaívafi, sem ætlaðir eru eldri borgurum. Verð á mann, fyrir tvo í herbergi, er 26.800 krónur. Innifalin er öll tómstundaaðstaða hótelsins, gönguferðir, bingó og félagsvist, ferðalag, leiksýning, danskennsla og kvöldskemmtanir með söng og dansi á hverju kvöldi. Að auki er morgunverður af hlaðborði og þriggja rétta kvöldverður á hverjum degi.

Fyrir yngstu kynslóðina býður hótelið upp á jólahlaðborð barnanna með Birtu og Bárði úr Stundinni okkar alla sunnudaga fram til 18. desember. Verð á mann, bæði fyrir börn og fullorðna, er 1.600 krónur og er matseðillinn afar fjölbreyttur svo bæði krakkarnir og mamma og pabbi eða afi og amma ættu að finna eitthvað gómsætt, allt frá frönskum upp í reyktan lax. Dagskráin stendur á milli 15 og 17, búist er við jólasveinum í heimsókn á hverjum sunnudegi og dansað verður í kringum jólatré.

Þar fyrir utan býður hótelið upp á sælulyklana sívinsælu, sem og jólahlaðborð fyrir fullorðna alla föstudaga og laugardaga fram að jólum.

# Opinn sjö mánuði á ári

Golfklúbbur Vestamanneyja þykir heitur golfvöllur en vegna umhverfisaðstæðna er hægt að spila þar lengur en á öðrum völlum landsins.

Golfklúbbur Vestmanneyja er svo heppinn að búa að heitum golfvelli ef svo má segja en hann hefur þá sérstöðu að hægt er að spila á honum nokkuð lengur en á mörgum öðrum völlum, um sjö mánuði á hverju ári.

„Það er aðallega nálægðin við sjóinn en svo er hér líka minni snjókoma en gengur og gerist. Það fer auðvitað eftir tíð en almennt er snjólétt hérna,“ segir Helgi Bragason, formaður GV.

„Við erum yfirleitt einna fyrstir út á veturna og getum haft völlinn opinn í kringum sjö mánuði á ári, þó ekki alltaf allar átján holurnar,“ segir Helgi. Vestmanneyjavöllurinn þykir prýðisgolfvöllur, hann er átján holur og er með þeim betri á landinu. Hann hefur hýst Íslandsmeistarmót í höggleik og er einn af golfvöllunum sem spilað er á í Toyota-mótaröðinni.



Umhverfi golfvallarins er einstaklega fagurt.


ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF TV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á vísir.is





Okkar metnaður...
þinn styrkur
EAS

**Body Balance**

*Kennari: Guðfinna Tryggvadóttir*
Body Balance er blanda af því besta úr yoga og tai chi með nýjum æfingum eins og pilates og feldenkrais. Æfingarnar henta öllum, eru styrkjandi og losa um stífa vöðva og minnka streitu. Virk öndun, einbeiting og vandlega útfærðar teygjur, hreyfingar og stöður framkalla aukið jafnvægi líkama og sálar.

**Hjólatímar í hádeginu**

*Kennari: Berglind Magnúsdóttir*
Notaðu hádegið í brennslu. Hörkutímar, hámarks fitubrennsla og styrktaræfingar.

Tímar: mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl 12:15 -12:55

**Spinning – morguntímar**

*Kennarar:*
*Guðmundur Sigmarsson og Bragi Bjarnason*
Upphitun á hjólum í u.þ.b. 15 mín. Ýmist efri eða neðri hluti æfður í takt við músík eða þrekhringir. Kviður ásamt því að hjóla í lokin.
Frábær þolþjálfun, sem hentar öllum.

**Líkamsrækt**

*Kennari: Jóna Örlygsdóttir*

Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 14:30 -Líkamsrækt
Þessi gamla góða almenna leikfimi.

Þriðjudaga kl. 17:15
- Líkamsrækt
Upphitun á gólfi ásamt æfingum fyrir allan líkamann. Þol og styrkur.

Fimmtudaga kl: 17:15
- Pallar og stöðvar.
Ekki flókin upphitun á pöllum ásamt æfingum á stöðvum.

styrkur HEILSURÆKT
Gagnheiði 43 • Selfossi • sími 482 3220 • www.topsport.is

Klár í jólin
Mánaðarkort, 10 ljósatímar og 10 næringarmáltíðir frá EAS
Verð 15.690
Jólatilboð kr. 6.990


Náttúruparadísin Dyrhólaey.

# Nýtt deiliskipulag í Dyrhólaey

Nýverið tók deiliskipulag Dyrhólaeyjar í Mýrdalshreppi gildi með birtingu auglýsingar í Stjórnartíðindum. Deiliskipulagið tekur til friðlandsins Dyrhólaeyjar utan Mávadrangs og Lundadrangs.

Sveitarfélagið vonast til að þar með geti Umhverfisstofnun farið að vinna að úrbótum á svæðinu, en brýn nauðsyn er á að koma upp salernisaðstöðu og að stýra umferð ferðamanna með gerð göngustíga. Greinargerð og uppdrættir verða væntanlega aðgengileg á www.vik.is innan tíðar.

## Láttu það eftir þér ....

... að koma við í Eden í Hveragerði og fá þér ís. Einnig er gaman að kíkja á veitingahúsið Cafe Kidda Rót, sem hefur vakið athygli margra með auglýsingum við þjóðveginn um að þar sé hægt að fá rómantíska hamborgara. Tilvalið fyrir fólk í svoleiðis hugleiðingum, þó svo engum sögum fari af því hvað geri hamborgarana rómantískari en aðra hamborgara.

... að koma við á Selfossi og fara í bíó, en Selfoss-Bíó var opnað í desember á síðasta ári og á því bráðum árs afmæli. Kvikmyndahúsið er afar glæsilegt, með tveim sýningarsölum og gefur kvikmyndahúsum höfuðborgarsvæðisins ekkert eftir. Svo er tilvalið að kíkja í sund á Selfossi, enda frábær sundlaug á staðnum.



ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á vísir.is

Ljósmyndaþjónustan Ísmyndir



Myndatökur • Passamyndir
Lagfæringar á gömlum myndum
Stafræn myndvinnsla
Innskönnun • Útprentanir
Stækkanir eftir S/H filmum

Eyraveg 37 800 Selfoss
Símar: 483 3114, 692 3114 og heima 483 3113
netfang: ismyndir@ismyndir.is
vefur: www.ismyndir.is



FASTEIGNASALAN
ÁRBORGIR

www.arborgir.is
482-3800
Austurvegi 38
800 Selfoss


Hljómsveitin Nilfisk stefnir á heimsreisu á næsta ári.

# Ekki hlaupa á eftir þínum eigin eplum

Allt frá því að hljómsveitin Nilfisk sló eftirminnilega í gegn þegar Foo Fighters uppgötvaði hana á Stokkseyri og bauð henni að hita upp fyrir tónleika sína í Laugardalshöllinni hefur verið beðið eftir plötunni. Nú er biðin á enda og platan að koma.

„Það er von á henni eftir tvær vikur eða svo," segir Víðir Björnsson, einn af meðlimum Nilfisk, spurður hvenær von sé á fyrstu breiðskífunni. Hún ber titilinn Don't Run After Your Own Apples, og á henni verður að finna lög sem bandið hefur unnið á síðustu tveimur árum, allt frá því að hljómsveitin var stofnuð hinn 10. mars 2003. Víðir viðurkennir að titillinn sé dálítið sérstakur, en hann hafi komið til í hálfgerðu gríni. Fólki sé hins vegar velkomið að leggja dýpri merkingu í nafnið. „Við fengum fyrst hugmyndina á íslensku, ekki hlaupa á eftir þínum eigin eplum, og þýddum það svo yfir á ensku. Þá kom þetta svona skemmtilega asnalega út," segir Víðir.

Hefur umhverfi Suðurlands haft áhrif á tónlistina ykkar?

„Ég veit það nú ekki, við erum kannski einangraðri og verðum minna fyrir áhrifum. Við gerum bara það sem við viljum gera," segir Víðir.

Hann segir bandið semja lögin í sameiningu en Jói söngvari sjái um textasmíð og laglínu. Öll lögin eru sungin á ensku, enda ætlar hljómsveitin að fara í tónleikaferð um heiminn á næsta ári.

„Útgáfutónleikarnir verða í Reykjavík í desember en á næsta ári verðum við með helling af tónleikum, bæði hér heima og erlendis. Við förum meðal annars til Danmerkur, Bandaríkjanna og Rússlands næsta sumar," segir Víðir. Hann viðurkennir að vera orðinn ansi spenntur að fá plötuna í hendurnar, eins og sennilega fleiri. 12 Tónar munu sjá um að dreifa plötunni, en þeir sem geta ekki beðið geta tekið forskot á sæluna með því að fara inn á vefsíðuna rokk.is og hlusta þar á lagið Sometimes (in the Summer), sem er þar á topp tíu listanum yfir heitustu lögin.

# Selfoss jafnast á við franska þorpið

DRAUMUR RITHÖFUNDARINS STEINUNNAR SIGURÐARDÓTTUR ER AÐ GETA BÚIÐ JAFNFÆTIS Á SELFOSSI OG Í FRAKKLANDI. ÞÓ FRANSKA SVEITAÞORPIÐ SEM HÚN BÝR Í NÚ SÉ BÆÐI RÓMANTÍSKT OG HEILLANDI TELUR STEINUNN SELFOSS EKKI SÍÐRI.

„Við tímum bara ekki að selja húsið okkar á Selfossi, við leigjum það út þessa stundina og bíðum eftir tækifæri til þess að geta verið þar í um fjóra mánuði á hverju ári," segir Steinunn.

Steinunn og maður hennar, Þorsteinn Hauksson tónskáld, keyptu hús sitt á Selfossi árið 1997 og hafa búið þar meðfram dvöl sinni í Frakklandi.

„Við festum góðar rætur á Selfossi þann tíma sem við bjuggum þar, enda er þetta dásamlega rólegt og gott samfélag þar og stressið er áberandi minna en í Reykjavík," segir Steinunn og bætir við að greiðvikni fólks á Selfossi sé nokkuð sem hún hafi sérstaklega tekið eftir. „Fólk er svo hjálpsamt þar," segir hún.


Steinunn Sigurðardóttir býr í Frakklandi en segist sakna Selfoss og hlakkar til þess að flytja þangað aftur.

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20–40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

allt - atvinna



*20–40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.


# Lýsir áhyggjum fjárfesta af fjármögnun KB banka

**Royal Bank of Scotland segir erlenda fjárfesta hafa áhyggjur af nokkrum þáttum sem auka rekstraráhættu KB banka. Bankinn sé meðal annars mjög svo háður lánsfjármörkuðum við fjármögnun starfseminnar.**



**ROYAL BANK OF SCOTLAND** Segir fjármögnun KB banka enn til of skamms tíma.

Í umsögn Royal Bank of Scotland, sem er einn af stærstu bönkum heims, um KB banka er bent á að bankinn sé mjög háður lánsfjármörkuðum um fjármögnun. Innlán séu lítill hluti af fjármögnun KB banka þó sameiningin við breska bankann Singer & Friedlander hafi bætt þar úr. Á þriðja ársfjórðungi hafi 65 prósent af heildareignum verið fjármagnaðar að miklu leyti með skammtímalánum og verðbréfaútgáfu. Þetta hafi áhrif á rekstraráhættu bankans.

Royal Bank of Scotland (RBS) segir ástæðu til að hafa áhyggjur af þrennu: áhættu vegna vægi einstakra markaðsverðbréfa í eigu KB banka þótt henni hafi verið dreift með kaupum á öðrum fjármálafyrirtækjum, áhættu vegna þess hve háður bankinn er fjármögnun á lánsfjármarkaði, og áhættu vegna stærðar bankans en því eigi íslensk stjórnvöld erfitt með að grípa til fullnægjandi aðgerða lendi bankinn í alvarlegum vandræðum.

Umsögn RBS kemur í kjölfar annarrar umsagnar bankans frá 17. nóvember síðastliðnum en Morgunblaðið greindi frá þeirri fyrrnefndu í gær. Taldi RBS þá fjárfesta hafa miklar áhyggjur af stöðu KB banka, meðal annars vegna fjárfestinga hans í áhættusömum eignum, þátttöku í skuldsettum kaupum, vægi einstakra eigna í veltubók og stærðar miðað við íslenskt efnahagslíf.

Stjórnendur KB banka komu leiðréttingum á framfæri og var þá ný umsögn gefin út í fyrradag. Þar segir að greitt hafi verið úr áhyggjum varðandi nokkur atriði, meðal annars hvað varði hlutdeild í fjárfestingum Baugs, lán og stöðutöku í skuldsettum kaupum og liði utan efnahagsreiknings sem voru óútskýrðir. Voru veigamiklir þættir í gagnrýninni leiðréttir.

„Það er enginn vafi á því að mörgum fjárfestum finnst íslenskt efnahagslíf vera mjög skuldsett og rekstur bankanna sé auðvitað viðkvæmari fyrir því en annar rekstur," segir í umsögninni. Auk þess valdi það áhyggjum að íslenskt hagkerfi sé lítið miðað við stærð bankanna og ákvarðanir séu teknar af fáum aðilum.

RBS varar fjárfesta við að taka mark á öllum þeim kjaftasögum sem heyrast en hvetur stjórnendur íslensku bankanna til að efla miðlun upplýsinga og bæta samskipti við markaðsaðila. ■

# Krefst betri kynningar á viðskiptamódeli bankans

**Forstjóri KB banka segir umræðuna óþægilega og bankann þurfa að kynna stefnu sína betur fyrir fjárfestum.**

„Það er erfitt fyrir okkur að átta okkur á því hvað kveikir þessa umræðu," segir Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka. „Það er hins vegar að bæði við og íslensku bankarnir höfum gefið út mikið af skuldabréfum á Evrópumarkaði á árinu. Þannig að framboðið hefur verið mjög mikið. Það er örugglega ein ástæða þess að vaxtaálag á bréfum bankanna hefur verið að hækka, þó að menn leiti skýringa í greiningum einstakra banka, þá held ég að ástæðan sé fremur þessi að framboðið hefur verið mikið."

Það sem hratt umræðunni af stað var orðrómur um að bankinn hygðist kaupa fyrirtækið Compass. Stjórnendur bankans voru spurðir út í þennan orðróm og tjáðu sig ekki um hann frekar en annan orðróm um einstök viðskipti. Bankinn hefur hins vegar aldrei keypt að fullu neitt annað en önnur fjármálafyrirtæki og miðað við þá sögu er ólíklegt að orðrómurinn sé á rökum reistur. Hreiðar Már segir að hins vegar þurfi bankinn líkast til að skýra sín sjónarmið betur. „Við erum alla daga að reyna að skýra út viðskiptamódel okkar, en það er ljóst að við þurfum að gera betur í því og ætlum okkur að gera það á næstu vikum."

Hreiðar Már segist eiga von á því að álag á skuldabréfum bankans geti haldist hærra fram að áramótum, en á von á því að upp úr því fari álagið að lækka aftur. Meðal þess sem talið er til áhættuauka í starfsemi bankans er hversu hátt hlutfall fjármögnunar er sótt á markað fremur en með innlánum. „Þetta er ein ástæðan fyrir því að við keyptum Singer og Friedlander, en með því tvöfölduðum við innlán bankans. Við sjáum að bankar beita mismunandi viðskiptamódelum og það eru stórir bankar sem sækja allt sitt fé á heildsölumarkað og aðrir sem byggja á innlánum. Almennt sjáum við hins vegar þá þróun að meirihluti fjármögnunar sé að koma af markaði. Innlán á mörkuðum eru í fæstum tilvikum að vaxa." Hann segir að uppspretta sparnaðar sé í lífeyrissjóðum og tryggingafélögum sem ávaxta peninga sína á markaði frekar en í innlánum banka.



**HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON** Segir mikið framboð bréfa skýra að mestu hækkaða ávöxtunarkröfu á skuldabréfum bankans í Evrópu. Hann segir bankann þurfa að skýra starfsemi sína betur fyrir fjárfestum.

Hreiðar segir þessa umræðu auðvitað ekki þægilega fyrir bankann. „Verkefni okkar er þá að kynna fyrir mönnum hvað við erum að gera." ■

# Of lágt verð fyrir Jarðboranir

Greiningardeild KB banka telur að tilboð til hluthafa Jarðborana, sem Atorka Group hyggst leggja fram á næstunni, sé of lágt. Þetta kemur fram í Viðskiptablaði Morgunblaðsins.

Samkvæmt því skipta eigendur í Jarðborunum hlutum sínum út á genginu 25 í staðinn fyrir ný hlutabréf í Atorku á genginu sex.

KB banki telur að verðmæti bréfa í Jarðborunum sé um 31,1 króna á hlut eða um fjórðungi hærra en tilboð Atorku. Það gefur markaðsverðmætið tólf milljarðar króna.

Atorka Group heldur utan um 56 prósenta eignarhlut í félaginu og mun leggja fram yfirtökutilboð sem miðast við hæsta verð sem félagið hefur greitt fyrir bréf í Jarðborunum undanfarna sex mánuði.

- eþa



**JARÐBORANIR** Atorka mun bjóða hluthöfum í Jarðborunum um 25 krónur fyrir hvern hlut sem er vel undir verðmati KB banka.

# Bandaríkjamaður stærstur í Scribona

Bandaríski fjárfestirinn David Marcus er orðinn stærsti hluthafinn í sænska fyrirtækinu Scribona. M2 Capital Management, sem er fjárfestingarfélag í hans eigu, keypti um nítján prósenta hlut af Bure fyrir rúman einn milljarð.

Straumur-Burðarás hefur átt um sautján prósenta hlut í félaginu frá því í vor. „Við töldum fyrirtækið lágt metið," sagði Friðrik Jóhannsson, fyrrum framkvæmdastjóri Burðaráss, um kaupin.

Scribona er alhliða upplýsingatæknifyrirtæki sem selur bæði vélbúnað og hugbúnað. Vélbúnaðurinn er þó stærri hluti rekstrarins. Afkoma félagsins hefur verið slök undanfarin ár en ráðist hefur verið í hagræðingu sem á að skila sér í bættum rekstri.

Scribona er með fjórtán prósenta markaðshlutdeild í sölu á tölvubúnaði á Norðurlöndunum. Tap varð á rekstri félagsins á fyrstu níu mánuðum þessa árs samkvæmt uppgjöri félagsins..

Gengi hlutabréfa í Scribona hækkaði nokkuð eftir viðskiptin eða um tæp fimm prósent.

- eþa




**ÍSLANDSBANKI HEFUR FEST KAUP Á NORSKA VERÐBRÉFAFYRIRTÆKINU NORSE SECURITIES.**

## Kaupin á Norse frágengin

Íslandsbanki hefur fest kaup á öllum hlutabréfum í norska verðbréfafyrirtækinu Norse Securities ASA eins og greint var frá í Markaðinum á miðvikudag.

Íslandsbanki skilgreinir Noreg sem heimamarkað fyrirtækisins og hefur bankinn þegar keypt bankana Kredittbanken og BNbank. Forsvarsmenn Íslandsbanka segja að kaupin á Norse séu liður í uppbyggingu bankans í Noregi.

Norska blaðið Dagens Nyheter segir að fleiri hafi verið áhugasamir um Norse og þannig hafi Bank2 reynt að sölsa félagið til sín auk annarra norskra fjárfesta.

- hb

## Aðgengi bankans gott

„Sú umræða sem hefur verið um KB banka hefur vissulega áhrif á Íslandsbanka. Ég vil þó leggja áherslu á að það er ekki neikvæð umræða um Íslandsbanka, þvert á móti hefur sérstaklega verið tekið fram í umræðunni að Íslandsbanki hafi sérstöðu meðal íslenskra banka hvað varðar áhættutöku, hún sé minni en annarra íslenskra banka," segir Bjarni Ármannsson forstjóri Íslandsbanka.



**BJARNI ÁRMANNSSON**

Hann segir ekki forsendur til að meta hversu miklar breytingar hafi orðið á kjörum eða aðgengi bankanna á skuldabréfamarkaði.

„Vissulega hefur skuldabréfaútgáfa íslenskra banka aukist mikið á liðnum árum samhliða vexti í starfsemi erlendis. Við höfum haft mjög gott aðgengi að skuldabréfamarkaði og höfum haft forystu um það að sækja inn á nýja markaði til þess að dreifa áhættu, til dæmis með útgáfum í Ástralíu og Bandaríkjunum á þessu ári. Fjárfestar þekkja vel til fjárhagslegrar uppbyggingar og stefnu bankans og við höfum ekki orðið varir við efasemdir um okkar starfsemi. Varðandi þörf okkar fyrir fjármagn þá höfum við góða stöðu í innlánum bæði hér á landi og í Noregi. Aukin starfsemi erlendis kallar hins vegar á aukna fjárþörf og það þekkja fjárfestar. Við höfum ekki ástæðu til að ætla annað en að aðgengi íslenskra banka að þessum markaði verði áfram gott þrátt fyrir að kjör á markaði kunni að breytast."




CHARLES KETTERING (1876-1958) LÉST ÞENNAN DAG.



*„Ef þú vilt drepa niður einhverja hugmynd, láttu þá nefnd fjalla um hana.“*

***Charles Kettering var bandarískur uppfinningamaður. Hann fann meðal annars upp sjálfvirku kveikjuna í bíla.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 25. NÓVEMBER 1970

# *Rithöfundur fremur sjálfsmorð*

Á þessum degi árið 1970 framdi hinn heimsþekkti japanski rithöfundur Yukio Mishima sjálfsmorð eftir að hann fékk ekki hljómgrunn hjá almenningi fyrir oft á tíðum öfgakenndar pólitískar skoðanir sínar.

Mishima fæddist árið 1925. Hann var heltekinn af því sem hann áleit andlegt íburðarleysi nútímalífs. Hann hefði heldur kosið Japan líkt og það var fyrir heimsstyrjöld þar sem ströng þjóðernishyggja og hefðir réðu ríkjum en ekki vestræn efnishyggja.

Hann stofnaði mjög umdeildan einkaher, byggðan upp af hundrað stúdentum sem áttu að verja keisarann ef til uppreisnar vinstrisinna kæmi.

Þann 25. nóvember skilaði hann útgáfustjóra sínum síðasta handriti að fjögurra binda verki um líf Japana á 20. öldinni. Þá hélt hann ásamt nokkrum fylgismönnum sínum og hertók skrifstofur hershöfðingja í hernaðarlegri byggingu í Tókýó. Hann hélt stutta ræðu af svölum yfir um þúsund hermönnum þar sem hann hvatti þá til vopna. Hermennirnir tóku ræðunni fálega og sá Mishima sér þá einu leið færa að fremja seppuku, sjálfsmorð samkvæmt japanskri hefð, þar sem hann stakk sjálfan sig á hol með sverði.



YUKIO MISHIMA

## MERKISATBURÐIR

**1783** Síðustu bresku hermennirnir yfirgefa New York-borg.

**1897** Púertó Ríkó fær sjálfstæði frá Spáni.

**1940** Breska herstjórnin á Íslandi lýsir allt hafsvæði milli Vestfjarða og Grænlands hættusvæði.

**1952** Leikritið Músagildran eftir Agöthu Christie er frumsýnd í London.

**1963** Forseti Bandaríkjanna, John F. Kennedy, er jarðsunginn í Washington.

**1973** Gríska forsetanum George Papadopoulos er steypt af stóli.

**1982** Þyrla rekst í loftnetsvír og brotlendir skammt frá Sjónvarpshúsinu við Laugaveg í Reykjavík.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson
Þegar andlát ber að
Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990



*Ástkær móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristrún Jóhannsdóttir**
frá Skálum á Langanesi, Dalbraut 27, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 22. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

**María Vilhjálmsdóttir**
**Helga A. Vilhjálmsdóttir**
**Friðrik J. Vilhjálmsson**
**Selma Vilhjálmsdóttir** **Þorgils Harðarson**
**Dagur Vilhjálmsson** **Stella S. Vilhjálmsson**
**Oddný Vilhjálmsdóttir**
**Kolbrún H. Sigurjónsdóttir** **Garðar I. Tryggvason**
**Valgerður Briem** **Sigurður R. Gíslason**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Herbert Tryggvason**
áður til heimilis að Norðurbyggð 18, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Skjaldarvík 28. október. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til starfsfólks í Kjarnalundi og Skjaldarvík fyrir góða umönnun.

**Kristbjörg Ingvarsdóttir**
**Ingólfur Herbertsson**
**Ívar Herbertsson** **Þórey Friðfinnsdóttir**
**Brynja Herbertsdóttir**
**og afabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Pétursdóttir**
Dvalarheimilinu Skjaldarvík, áður Tjarnarlundi 6a, Akureyri,

lést laugardaginn 19. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 28. nóvember kl. 13.30.

**Þórir Sigurbjörnsson** **Sigrún María Gísladóttir**
**Pétur Sigurbjörnsson** **Elín Hafdal**
**Anna Fríða Kristinsdóttir** **Gunnar Anton Jóhannsson**
**Baldur Hólm Kristinsson**
**Gullveig Ósk Kristinsdóttir** **Kristján Sveinsson**
**Snorri Viðar Kristinsson** **Ágústa Kristín Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**VAKNAR VIÐ AFMÆLISSÖNGINN** Þórey með forláta spiladós sem hún fékk að gjöf frá ömmu sinni og afa þegar hún var lítil stúlka. Allir á heimilinu eru vaktir á afmælisdegi sínum með afmælissöngnum sem dósin spilar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ÞÓREY SIGÞÓRSDÓTTIR LEIKKONA: ER FERTUG Í DAG

# Hlakkar alltaf til

„Ég er voða mikið afmælisbarn og held yfirleitt eitthvað upp á það en nú verður þetta stórafmæli og mikið fjör,“ segir Þórey Sigþórsdóttir leikkona, sem býður stórum hópi vina og kunningja til veislu á morgun. „Ég hlakka mikið til enda nánast engin afföll af fólki,“ segir Þórey glaðlega en hún hefur ekki alltaf verið svo heppin í afmælisundirbúningnum.

Þegar hún var nýlega útskrifuð úr leiklistarskóla og var að leika í einni af sínum fyrstu leiksýningum lenti hún í því að missa röddina. Henni var fyrirlagt að þegja í heila viku og varð meira að segja að aflýsa einni sýningu sem Þóreyju þótti að vonum sárt en afmælið bar upp á sama tíma. „Ég hélt því samt til streitu að halda boðið og komst að því að það skiptir engu máli hvort afmælisbarnið geti talað við gestina eða ekki,“ segir Þórey hlæjandi og bætir við að fólki hafi þótt þetta nokkuð dæmigert fyrir hana.

Þórey kvíðir því síður en svo að verða fertug. „Ég hlakka ekkert minna til og finnst aldurinn alls ekki yfirþyrmandi,“ áréttar hún en segir þetta auðvitað nokkur tímamót.

Þórey starfar sjálfstætt og veit því aldrei hvað bíður hennar handan við hornið. „Ég er í þannig vinnu að ég er alltaf á krossgötum,“ segir Þórey kímin en í augnablikinu starfar hún sem stundakennari við Listaháskólann þar sem hún kennir hópi nemenda, sem eru í listakennaranámi, raddbeitingu með aðferðum leiklistarinnar.

Eftir áramót ætlar hún að kenna þriðja bekk í leiklistarskólanum raddbeitingu. Þess utan kennir hún á ýmsum námskeiðum auk þess sem hún vinnur í Maður lifandi enda segist hún vera dottin í matarpælingar upp á síðkastið. „Fertugsárið hefur einkennst af nýju mataræði og góðum lífsstíl,“ upplýsir Þórey glaðlega. Hún hefur lítið leikið síðustu ár en fór síðast með hlutverk í kvikmyndinni Kaldaljós.

Það er hefð hjá Þóreyju að kveikja á gamalli spiladós á afmæli allra á heimilinu. Dósina, sem spilar afmælissönginn, fékk hún að gjöf frá ömmu sinni og afa þegar hún var lítil stúlka og verður ekki brugðið út af hefðinni í dag frekar en aðra afmælisdaga síðustu áratugi. ■

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



*Móðir mín,*

**Sigríður Þórðardóttir**
Tryggvagötu 30, Selfossi,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands mánudaginn 21. nóvember.

**Hafsteinn Kristjánsson.**



Ljósakross
Fást um land allt!
Búrek
Sími 460 1760
johann@isi.is

## ANDLÁT

**Guðríður Konráðsdóttir**, Framnesvegi 28, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 16. nóvember.

**Pálína Kristín Þorbjörnsdóttir Waage**, Austurvegi 15, Seyðisfirði, andaðist á Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar fimmtudaginn 17. nóvember.

**Hólmfríður Hanna Magnúsdóttir** hjúkrunarfræðingur, Tryggvagötu 26, Selfossi, andaðist laugardaginn 19. nóvember.

**Margrét Pétursdóttir**, dvalarheimilinu Skjaldarvík, áður Tjarnarlundi 6a, Akureyri, lést laugardaginn 19. nóvember.

**Sigríður Þórðardóttir**, Tryggvagötu 30, Selfossi, andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands mánudaginn 21. nóvember.

**Svanur Ingi Kristjánsson** húsasmíðameistari, lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þriðjudaginn 22. nóvember.

## JARÐARFARIR

11.00 **Ingibjörg H. Agnars**, Austurbrún 4, Reykjavík, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju.

11.00 **Róbert Þór Ragnarsson**, Hveralind 6, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.00 **Anna Sigríður Finnsdóttir**, Hraunbæ 122, Reykjavík, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.

13.00 **Guðmundur Guðmundsson**, húsasmiður, Hraunbæ 176, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju.

13.00 **Gyða Erlingsdóttir**, Þórðarsveigi 1, áður Framnesvegi 55, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Ingibjörg Jónsdóttir** Kolka verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Valgerður Marteinsdóttir**, Gullengi 21, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju.

14.00 **Ívar Magnússon**, fyrrverandi verkstjóri, Lyngbraut 9, Garði, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.

14.00 **Jóhanna Ólafsdóttir**, frá Beitistöðum, Garðabraut 22, Akranesi, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.

14.00 **Þrúður Helgadóttir**, Freyvangi 17, Hellu, verður jarðsungin frá Oddakirkju.

15.00 **Guðríður Guðleifsdóttir**, Markarflöt 28, áður búsett í Ólafsvík, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju í Garðabæ.

15.00 **Petra Mogensen**, Miðleiti 5, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.

15.00 **Þorbjörg Sveinsdóttir**, frá Vík í Mýrdal, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

## AFMÆLI



Inga María Valdimarsdóttir leikkona er 34 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1835** Andrew Carnegie góðgerðarmaður.

**1881** Angelo Roncalli, Jóhannes páfi XXIII.

**1914** Joe DiMaggio hafnaboltakappi.

**1960** John F. Kennedy yngri.


JÓLATILBOÐIN
19.995
SCOTT DPXi77
Ferða DVD spilari með 7” LCD skjá Spilar: MP4/Divx Pro/Xvid/DVD+RW DVD+R/DVD-RW/DVD-R/JPEG/S-VCD MP-3. Dolby Digital-DTS. A/V útgangur S-Video útgangur. A/V inngangur Taska og fjarstýring fylgja
34.995
SCOTT CRXi908
Ferða DVD spilari með tveim 7” LCD skjám. Spilar: MP4/Divx Pro/Xvid/DVD+RW DVD+R/DVD-RW/DVD-R/JPEG/S-VCD/MP-3. Dolby Digital-DTS. A/V útgangur. S-Video útgangur. A/V inngangur Coaxial Digital útgangur. Festingar fyrir hnakkapúða í bíl. Taska og fjarstýring fylgja. Rétt verð kr. 59.995
34.995
SCOTT DPXi102
Ferða DVD spilari með 10” LCD skjá. Spilar: MP4/Divx Pro/Xvid/DVD+RW DVD+R/DVD-RW/DVD-R/JPEG/S-VCD/MP-3. Dolby Digital-DTS. A/V útgangur. S-Video útgangur. A/V inngangur Coaxial Digital útgangur. Taska og fjarstýring fylgja
3.995
ROADSTAR HRA1005
Útvarp í viðarkassa
4.495
SCOTT SX22DB
Ferðatæki með geislaspilara og útvarpi
5.995
SCOTT SWM7
MP-3 ferðatæki með geislaspilara, segulbandi og útvarpi. Spilar MP-3
21”
16.995
ROADSTAR CTV2134
21” Sjónvarp með textavarpi
15” LCD
39.995
ROADSTAR LCD-1520KLTN
15” LCD sjónvarp. Scart tengi. S-Video tengi A/V tengi inn og út. Heyrnatólatengi. PC tengi Fullkomin fjarstýring. 12 og 220 Volt
2 HLJÓÐNEMAR OG KARAOKE DISKUR FYLGJA
KARAOKE PAKKI
8.995
MRENTERTAINMENT G065CL
KARAOKE DVD spilari sem spilar: DVD / VCD / CDG. Tengi fyrir 2 hljóðnema Hraðastillir. Fjarstýring. Allar aðgerðir á skjá
4.995
ROADSTAR DVD3620
DVD spilari sem spilar öll svæði
28”
27.995
GOODMANS TVG282
28” Sjónvarp. Nicam stereo og textavarp
29” REAL FLAT
34.995
ROADSTAR CTV2981
29” Sjónvarp með REAL FLAT myndlampa Nicam stereo og textavarp
3.995
ROADSTAR BBQ1900
Heilsugrill. 1800 Wött. Viðloðunarfríar plötur. Öll fita rennur frá matnum
ROADSTAR SB5220
Stálblandari 500 wött 1,5 L glerkanna
3.995
ROADSTAR EC9015
Espresso kaffivél 15 bar þrýstingur
7.995
995
ROADSTAR PT7520C
Brauðrist
19.995
H&B HT-6500
MPEG4 Heimabíókerfi. 5X50 wött + 100 wött. Spilar : DVD-R/RW / DVD+R/RW / HDCD / SACD / CD-G DVD / VCD / SVCD / MPEG-4 / JPEG / MP3 /WMA. Progressive Scan. RGB scart tengi. S-Video tengi 2 X Coaxial inngangar. Stafrænt RDS útvarp.
www.radio.is
RADÍÓBÆR
ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133











# STUÐ MILLI STRÍÐA Raddleysi, dugleysi og dáðleysi

**SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR** ER ORÐLAUS.



Engin veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur segir máltækið. Og ég reyni það svo sannarlega á eigin skinni þessa dagana. Er nefnilega raddlaus með öllu, meinleysisleg hálsbólga gerðist ógnvaldur skyndilega og rændi mig röddinni. Þessu nauðsynlega tæki til samskipta. Í sömu mund varð smávægileg kvefpest alvarlegri, hiti gaus upp og ég neyddist til að halda mig þegjandi heima við hús.

Þetta er svosem varla í frásögur færandi. Kvef, hálsbólga og slíkir kvillar eru fylgifiskar íslenska vetrarins. Örugglega alveg ótrúlega margir sem missa úr vinnudag eða tvo yfir veturinn vegna slíkra pesta. Það sem mér finnst eiginlega ótrúlegra er hve ráðin eru fá við pestinni. Eiginlega bara að drekka te og halda sig inni. Ráðin til að forðast þessa sömu kvilla eru líkast til þau sömu, drekka te og halda sig inni, en hver heldur það út endalaust?

Miðað við hvað umræddar pestir eru algengar og það tjón sem þær valda til dæmis í vinnutapi er eiginlega skrítið að ráðin séu ekki fleiri. Listinn sem ég las einhvers staðar um ráð til að forðast fuglaflensu var til dæmis langur og ítarlegur og þó er sú pest varla komin á kreik, er ungbarn í sjúkdómsfjölskyldu á meðan vetrarpestir eru aldurhnigin gamalmenni. En ungviðið er meira spennandi en ellismellirnir og miðað við fréttir af fuglaflensu nú í haust mætti halda að þar væri mesti vágestur heimsbyggðarinnar á ferð.

Váin felst líkast til í því að okkur stríðöldu Vesturlandabúunum getur stafað hætta af henni breiðist hún út. Það hlýtur að vera skýringin, ekki getur það verið áhugi okkar á lífshættulegum sjúkdómum því sjaldgæfar eru fréttirnar af malaríu sem árlega leggur á aðra milljón manns í valinn í þróunarlöndum svonefndu, 3.000 smábörn dag hvern. Um áhrif alnæmi í þessum sömu löndum þarf vart að fjölyrða.

Þar til röddin kemur aftur ætla ég að sötra te og þakka fyrir það hversu gott ég hef það, búandi í landi þar sem allt er til, nema kveflyf auðvitað.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | | | 7 | | | 8 | 3 |
| | 3 | | | | 1 | | 7 | |
| | | | | | | | | 6 |
| | | | 3 | | | 8 | | |
| 5 | | 3 | | | | 2 | | 9 |
| | | 8 | | | 4 | | | |
| 8 | | | | | | | | |
| | 1 | | 4 | | | | 6 | |
| 6 | 7 | | | 5 | | | 2 | 1 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 4 | 6 | 2 | 3 | 8 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 8 | 7 | 4 | 9 | 6 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 5 | 8 | 1 | 4 | 9 | 7 |
| 3 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 | 5 | 1 | 9 |
| 8 | 6 | 7 | 9 | 1 | 5 | 2 | 3 | 4 |
| 1 | 9 | 5 | 2 | 3 | 4 | 7 | 6 | 8 |
| 7 | 5 | 1 | 4 | 9 | 2 | 3 | 8 | 6 |
| 6 | 2 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 4 | 5 |
| 4 | 8 | 3 | 1 | 5 | 6 | 9 | 7 | 2 |



## Leiðin liggur í Bílanaust

# Opnunarveisla

## Laugardaginn 26. nóvember kl. 10:00-16:00

Formleg opnun á stórverslun **Bílanausts** að Bíldshöfða 9 og mótorhjólaverslunin **Nítró** boðin velkomin. Þekktir listamenn koma fram og mikið um að vera.













Blöðrukarl • Andlitsmálning • Leikur með góðum vinningum • Veitingar í boði hússins

## NITRO opnar í Bílanausti!

Sími: 557 4848
www.nitro.is

**Laugardaginn 26. nóv. bjóða Bílanaust og Nítró upp á glæsileg tilboð meðan birgðir endast**
















Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl

Bílanaust

**Bíldshöfða 9 • 110 Reykjavík**
**Sími: 535 9000 • Fax: 535 9090 • www.bilanaust.is**

**!** **Kl. 18.00**
*Hljómsveitin **Dikta** heldur stuttan síðdegiskonsert í Gallerí Humar eða frægð, Laugavegi 59. Hljómsveitin sendi í síðustu viku frá sér sína aðra breiðskífu og heitir hún „Hunting for Happiness“.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sextán daga átak UNIFEM

Árlegur morgunverðarfundur UNIFEM á Íslandi, sem haldinn er í dag, markar upphafið að nýju sextán daga átaki félagsins gegn kynbundnu ofbeldi. Fundurinn er haldinn á Hótel Loftleiðum á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi gegn konum. Fundurinn er haldið á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi gegn konum og markar upphafið að 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi sem nú er haldið hér á landi í annað sinn. Í ár eru það UNIFEM á Íslandi og Kvennaathvarfið sem hafa forgöngu um verkefnið.
Alþjóðleg yfirskrift átaksins í ár er: Heilsa kvenna, heilsa mannkyns: Stöðvum ofbeldið. Eins og fyrir ári tekur fjöldi samtaka og stofnana þátt í átakinu og mun standa fyrir fundum, málþingum, greinaskrifum, gjörningum, kvikmyndasýningum og öðrum viðburðum þá daga sem átakið varir. Myndin hér að ofan var tekin á einni af uppákomum átaksins í fyrra.
Á morgunverðarfundinum mun Edda Jónsdóttir flytja ávarp fyrir hönd stjórnar UNIFEM á Íslandi.



Þá mun utanríkisráðherra Geir H. Haarde ávarpa fundinn og flutt verða minningarorð um Erlu Halldórsdóttur, stofnanda Candle Light Foundation í Úganda.

### > Ekki missa af ...

... útgáfutónleikum **Guðrúnar Gunnarsdóttur** og **Friðriks Ómars Hjörleifssonar** í Salnum í Kópavogi á sunnudaginn. Uppselt var á tónleika þeirra um síðustu helgi.



... sýningu **Snorra Ásmundssonar** í Nýlistasafninu þar sem hann gerir upp verkefni síðustu ára.

... skyndikynnum við listamann Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, núna í hádeginu þar sem **Birgir Snæbjörn Birgisson** fer með gestum yfir sýningu safnsins á aðföngum síðustu ára.

# Sérvitur Kundera

Það hefur vakið nokkra athygli að á upplýsingasíðu skáldsögunnar Lífið er annars staðar, sem nýkomin er út á íslensku, kemur fram að blátt bann er lagt við hvers kyns aðlögun á skáldsögunni, svo sem kvikmyndun eða leikgerð. Þetta er afar óvenjuleg klausa í bókum, en á sér vitaskuld sínar skýringar.

Kvikmyndagerðarmenn hafa ítrekað leitað til rithöfundarins Milan Kundera í gegnum árin og falast eftir leyfi til þess að kvikmynda skáldsögurnar hans. Hann hefur hafnað öllum þessum beiðnum síðustu tuttugu árin og eru tvær meginástæður fyrir því.

Annars vegar hafa tvær bóka hans verið kvikmyndaðar og hann var fremur óánægður með þær báðar. Skáldsagan Brandarinn var færð í kvikmyndabúning í Prag um miðjan sjöunda áratuginn og Philip Kaufmann gerði vinsæla mynd eftir Óbærilegum léttleika tilverunnar árið 1988.



MILAN KUNDERA

Hin ástæðan tengist metnaði hans sem skáldsagnahöfundar og þeirri skoðun hans að í rauninni sé ekki hægt að kvikmynda nema söguþráð góðrar skáldsögu, og söguþráðurinn sé í rauninni bara lítill hluti skáldsögu sem stendur undir því nafni.

Kundera hefur þó síður en svo neitt á móti kvikmyndum sem síkum þótt hans skoðanir gangi þvert á tilhneigingu flestra rithöfunda sem vilja ólmir fá verk sín kvikmynduð. Hann er mikill unnandi góðra kvikmynda og kenndi kvikmyndahandritagerð á sínum tíma við Kvikmyndaakademíuna í Prag.



**ÚR BLEIKA VERKINU** Áður en yfir lýkur birtist ástin sem bleikur vökvi upp úr vitum dansaranna.

# Lét dansara spúa ástinni

**Jóhann Freyr Björgvinsson danshöfundur er nýkominn frá Finnlandi þar sem sýnt var eftir hann verk á danshátíð í Helsinki. Hann hefur verið óhemju afkastamikill undanfarið ár, en ætlar að taka sér listræna pásu fram yfir áramót.**



**JÓHANN FREYR BJÖRGVINSSON** Fimm dansverk eftir hann hafa verið sett á svið víðs vegar um heim undanfarið ár.

„Það er svo gaman að taka smá áhættu stundum, skella því á sviðið og sjá hvað gerist,“ segir Jóhann Freyr Björgvinsson danshöfundur, sem hélt til Finnlands í síðasta mánuði til þess að semja þar dansverk fyrir alþjóðlega danshátíð.

Jóhann Freyr var einn fimm höfunda sem fengnir voru til Finnlands til þess að semja verk fyrir hátíðina, sem haldin var á vegum Ismo Dance Company.

„Þema kvöldsins var ást, sem var mjög opið því það getur verið ást á öllu,“ segir Jóhann, sem fékk fjórar vikur til þess að semja „Bleika verkið“, eins og hann nefndi það, og var staddur í Finnlandi fram yfir frumsýninguna núna í nóvember.

„Ég hef verið að vinna svolítið með vökva í verkum minum og hélt þarna áfram að þróa þá hugmynd. Í þetta skiptið notaði ég bleikan vökva og lét þau æla og spúa hvert á annað. Þetta var mín útfærsla á ástinni, að maka henni út og spýta henni á hvort annað, þannig að þetta varð sannkallað ástarbað.“

Þessi útfærsla á ástinni kom áhorfendum í opna skjöldu, því vökvaspýjurnar komu ekki fyrr en undir lok verksins. Fram að því hafði fegurðin ráðið ríkjum í dansinum.

„Ég hafði kóreógrafíuna mjög fallega. Dansararnir voru búnir að æfa ofsalega fallegt verk, en svo sagði ég bara: nú skulið þið byrja að gubba.“

Með þessu tók Jóhann óneitanlega áhættu, en þarna gekk allt upp. Áhorfendur hrifust með, en Jóhann segist hafa haft óskaplega gaman af að virða fyrir sér viðbrögðin í salnum.

„Sumir fengu hláturskast, en svo virtist þeim líða hálf illa yfir því að hlæja því þetta var svo fallegt.“

Ismo Danse Company, sem stóð fyrir danshátíðinni, er stjórnað af finnska danshöfundinum Ismo-Pekka Heikinheimo, sem er þekktur í dansheiminum fyrir að rjúfa múra danslistarinnar. Verk eftir hann hafa verið sýnd víða um heim, meðal annars hér á landi.

„Hann sá Græna verkið sem ég samdi fyrir ári og pantaði svipað verk frá mér. Hann langaði að opna augu finnskra áhorfenda fyrir nýjungum, sem mér finnst mikill heiður. Þess vegna vildi hann fá vökvaverk frá mér sem væri sambland af fegurð, dansi og ljótleika.“

Úti í Helsinki komst Jóhann Freyr að því að þar er danslistin í hávegum höfð. Allt upp í fjögur eða fimm dansverk geta verið á fjölunum víðs vegar um borgina sama kvöldið, þannig að samkeppnin í dansheiminum er að sama skapi gífurleg.

„Ég vann þetta verk með finnskum dönsurum og það var virkilega gaman. Það er svo gott að vinna þarna, móttökurnar voru frábærar og það kom mér mjög á óvart hvað þeir eru opnir fyrir þessu formi.“

Jóhann Freyr hefur haft óskaplega mikið að gera undanfarið ár. Fimm ný verk eftir hann hafa verið frumsýnd, bæði hér á Íslandi, í New York og nú síðast á Finnlandi. Aðeins fáeinar vikur eru síðan Íslenski dansflokkurinn frumsýndi eftir hann dansverkið Wonderland, sem flokkurinn hélt síðan með í sýningarferð til Danmerkur ásamt tveimur öðrum dansverkum.

„Núna er ég bara í listrænni pásu,“ segir hann þegar hann er spurður hvað taki við næst. „Ég er búin að setja upp fimm verk á árinu og það er orðið alveg fínt í bili. Eftir að ég kom heim fór ég bara að mála íbúðina, en svo held ég áfram að semja dansverk eftir áramótin.“ ■



**SPRÆKIR BRÚÐULEIKARAR** Þau eru að frumsýna brúðuleiksýningu um selinn Snorra á morgun í Gerðubergi.

# Selurinn Snorri syndir af stað

„Þetta hefur verið minn draumur í mörg mörg herrans ár, að gera brúðuleiksýningu um selinn Snorra,“ segir Helga Steffensen brúðuleikari, sem nú hefur látið þennan draum sinn rætast. Á morgun verður frumsýnd í Gerðubergi brúðuleiksýningin Vetrarævintýrið um selinn Snorra í leikgerð Helgu og Arnar Árnasonar.

Örn Árnason sér um leikraddir á sýningunni ásamt Sigrúnu Eddu Björnsdóttur og Pálma Gestssyni, en brúðuhreyfingum stjórna þær Helga Steffensen og Aldís Davíðsdóttir.

Sýningin er unnin upp úr sögunni um selinn Snorra, sem kom fyrst út í Noregi á hernámsárum Þjóðverja haustið 1941 og kom fyrst út í íslenskri þýðingu árið 1950.

„Mér finnst þessi bók yndisleg,“ segir Helga. „Þetta er svo falleg saga og samt er svo mikið í þessu undir niðri. Í dag verður enginn var við neina ádeilu í sögunni, en Þjóðverjar sáu samt ástæðu til þess að banna hana á sínum tíma.“

Sagan gerist langt norður í Íshafinu og er um selinn Snorra, sem lendir í mörgum ævintýrum á ísbreiðunni. Ýmsar persónur koma við sögu, þar á meðal verstu óvinir Snorra sem eins gott er að vara sig á, því þeim finnst selir góðir á bragðið.

Bókin er í raun öflug ádeila á ófrið og stríð, þótt ádeilunni sé svo haganlega fyrir komið að henni verður varla vart.

„Við pössum okkur samt á að fara aldrei yfir mörkin, að hræða ekki börnin. Þetta er líka svo fallegt vetrarævintýri og við höfum vandað sérstaklega til með brúður og leiktjöldin,“ segir Helga sem hefur í 35 ár fengist við brúðuleikhús fyrir börn.

„Það er alltaf jafn yndislegt að fá að vinna svona mikið með börnum.“

Sýningin er ferðasýning og tekur hálfa klukkustund í flutningi.

„Við ætlum að sýna þetta í leikskólum og svo bara öllum sem vilja fá okkur.“ ■



TIL HAMINGJU BJÖRGVIN!
Mest selda platan á Íslandi í dag*
* samkvæmt Tónlistanum
Björgvin Halldórsson
Ár og öld
SÖNGBÓK BJÖRGVINS HALLDÓRSSONAR 1970-2005
ÁR & ÖLD
SÖNGBÓK BJÖRGVINS HALLDÓRSSONAR
Stórkostleg þreföld safnplata með ástsælasta söngvara þjóðarinnar.
SKYLDUEIGN Í SAFNIÐ!
Söngkabarettinn
Nína og Geiri
BROADWAY
Nína og Geiri - söngbók Björgvins Halldórssonar 1970 - 2005 - hefur svo sannarlega slegið í gegn. Uppselt er á allar sýningar til jóla. Ógreiddar miðapantanir seldar hálfum mánuði fyrir viðburð.
Sérstök fjölskyldusýning 4. des.!
Komdu á skemmtilegustu sýningu vetrarins með alla fjölskylduna! Jólahlaðborð klukkan 18:00 og Nína og Geiri klukkan 21:00. Börn 10 ára og yngri fá frítt inn í fylgd með foreldrum.
Sími: 533 1100 broadway@broadway.is
Miðasala hafin á sýningar eftir áramót.
fm 98,9 BYLGJAN
Allir eru að hlusta!
BROADWAY
góða skemmtun ►
sena

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

22 23 24 **25** 26 27 28

### Föstudagur

#### TÓNLEIKAR

- 17.00 Hljómsveitin **Úlpa** spilar fyrir gesti plötubúðarinnar 12 Tónar.
- 18.00 Hljómsveitin **Dikta** heldur stuttan síðdegiskonsert í Gallerí Humar eða frægð, Laugavegi 59. Hljómsveitin sendi í síðustu viku frá sér sína aðra breiðskífu og heitir hún „Hunting for Happiness“.
- 21.00 **Helgi Jónsson** heldur útgáfutónleika á Gauknum ásamt hljómsveit sinni. **Pétur Ben** kyndir kofann á undan þeim tónleikum.
- 22.00 Hljómsveitin **Noise** verður með rokktónleika á Paddys í Keflavík þar sem hún leikur lög af væntanlegum disk.
- 23.00 Hljómsveitirnar **Dr.Spock** og **Dikta** spila á Dillon.

#### SKEMMTANIR

- **Geirmundur Valtýsson** skemmtir ásamt hljómsveit sinni á Kringlukránni.

#### FUNDIR

- 12.10 **Birna Þórarinsdóttir**, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi, segir frá UNIFEM og verkefnum sem Ofbeldissjóður UNIFEM styrkir víða um heim á **hádegisfundi Norðanhóps UNIFEM** á Akureyri, sem haldinn verður í stofu L101 á Sólborg við Norðurslóð. Einnig segir **Amal Tamini** frá verkefni Bisan rannsóknarsetursins í Palestínu.

#### SÝNINGAR

- 12.10 Listasafn Reykjavíkur býður upp á skyndikynni við listamann og léttan hádegisverð í Hafnarhúsinu. **Birgir Snæbjörn Birgisson** fer með gesti um sýninguna, Aðföng Listasafns Reykjavíkur 2002 - 2005, þar sem getur að líta fjölbreytt úrval verka sem Listasasafnið hefur keypt eða fengið að gjöf síðastliðin fjögur ár.
- Sýning á verkum **Bjargar Þorsteinsdóttur** myndlistarmanns hefur verið opnuð á 1. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15. Sýningin er sjötta í röð sýninga á verkum listamanna sem eiga listaverk í Artóteki - listhlöðu í Borgarbókasafni.

#### OPIÐ HÚS

- 14.00 Opið hús verður í **Lækjarási**, Stjörnugróf 7, og **Húsinu**, Blesugróf 31, frá kl. 14-16.Tilvalið tækifæri til að koma og kynnast spennandi starfsemi Lækjaráss og Hússins.


GERÐUBERG



Vetrarævintýrið um selinn Snorra
Frumsýning laugard. 26. nóv. kl. 13:00
Leikgerð: Helga Steffensen og Örn Árnason.
Næstu sýningar 2. og 3. nóvember.
Aðgangseyrir 600 kr.

Söngur og sund á sunnudegi
Sunnudaginn 27. nóvember kl. 13:00
Lög eftir KK og KK kemur í heimsókn.
Aðgangseyrir 500 kr.

Eggert Magnússon
"Ungur undir silfurhærum".
Sýning á olíumálverkum.

Þetta vilja börnin sjá!
Sýning á myndskreytingum úr íslenskum barnabókum 2005

Sólveig Eggerz Pétursdóttir
„Áhrif hins liðna og dagsins í dag". Hið smáa og stóra, draumar og vaka. Vatnslitamyndir

Sýningarnar eru opnar:
virka daga 11-17, miðvikudaga 11-21 og um helgar 13-16.

Sjá nánar á gerduberg.is


# Jan Mayen og Spock á útitónleikum

Hljómsveitirnar Jan Mayen og Dr. Spock halda útitónleika á Lækjartorgi frá 22.00 til 24.00 í kvöld. Tónleikarnir eru hluti af Aygo Blast-tónleikaröðinni þar sem aðgangur er ókeypis og boðið er upp á kaffi, kakó og bakkelsi í Aygo-hjólhýsinu. Jan Mayen er ein efnilegasta rokksveit Íslands og Dr. Spock er að fylgja eftir plötu sinni Dr. Phil. ■



**JAN MAYEN** Rokksveitin Jan Mayen verður á Lækjartorgi í kvöld ásamt Dr. Spock.














## > Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

Írafár: Írafár, Svala: Bird of Freedom, Heiða: Hluti af mér, Lummurnar: Heitar lummur, System of a Down: Hypnotize og Kings of Leon: Aha Shake Heartbreak.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Waters vill meira

Roger Waters, fyrrum forsprakki hljómsveitarinnar Pink Floyd, segist vera tilbúinn til að gera eitthvað með sveitinni á nýjan leik.

Pink Floyd átti frábæra endurkomu á Live 8 í sumar eftir að lítið hafði farið fyrir sveitinni. „Ég væri virkilega til í að gera eitthvað meira," sagði Waters í spjalli við BBC. „Það var svo gaman á Live 8. Við mættum og tókum nokkrar æfingar. Um leið og við stungum í samband fyrir fyrstu æfinguna leið mér eins og ég væri að klæða mig í gamlan skó," sagði hann.

Waters hætti í Pink Floyd árið 1981 en kom fram með sveitinni í fyrsta sinn síðan þá á Live 8. Pink Floyd sló í gegn árið 1973 með plötunni Dark Side of the Moon, sem er fyrir löngu orðin klassík í rokksögunni. Sex árum síðar gaf hún út plötuna The Wall sem jók enn á vinsældir hennar. Waters samdi öll lögin á plötunni og var hugsjónarmaðurinn á bak við verkið.

Pink Floyd var nýlega vígð inn í frægðarhöll rokksins ásamt m.a. The Kinks, The Who og John Peel. Kæmi sveitin saman á ný í upphaflegri mynd yrðu það frábær tíðindi fyrir fjölmarga tónlistarunnendur um heim allan.



## > Plata vikunnar



**GARÐAR THÓR CORTES: CORTES**

*„Platan er vel heppnuð blanda af klassískum perlum og popplögum. Garðar getur gengið stolt-ur frá sinni fyrstu einsöngsplötu."*

FGG

## > Popptextinn

*„Time goes by so slowly for those who wait,*
*no time to hesitate.*
*Those who run seem to have all the fun,*
*I´m caught up and don´t know what to do."*

**HIN SÍUNGA MADONNA ER Á MILLI TVEGGJA ELDA Í DISKÓLAGINU HUNG UP AF PLÖTUNNI CONFESSIONS ON A DANCEFLOOR.**



**SYSTEM OF A DOWN** Rokksveitin ógurlega er komin á topp X-Dómínóslistans með lagið Hypnotize.

## X-DÓMÍNÓSLISTINN

**TOPP 10 LISTI X-FM**

1. **SYSTEM OF A DOWN** HYPNOTIZE
2. **WEEZER** PERFECT SITUATION
3. **THE DARKNESS** ONE WAY TICKET
4. **AMPOP** MY DELUSIONS
5. **THE STROKES** JUICEBOX
6. **JAKOBÍNARÍNA** I'VE GOT A DATE WITH MY TELEVISION
7. **BLOC PARTY** TWO MORE YEARS
8. **DEATH CAB FOR CUTIE** SOUL MEETS BODY
9. **SUPERGRASS** LOW C
10. **ARCADE FIRE** WAKE UP

## TÓNLIST

**SMS UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### Orri Harðarson: Trú

„Orri Harðarson hefur gert vandaða og þægilega plötu sem á eftir að koma að góðum notum á köldum vetrardögum. Dúett hans með KK í laginu Listin að lifa stendur upp úr."

FB

### The Dead 60´s: The Dead 60´s

„The Dead 60´s er ný bresk sveit sem hljómar nákvæmlega eins og helmingsblanda The Specials og The Clash. Fín plata en sveitin á eflaust eftir að eiga erfitt með að fóta sig vegna þess hversu mikið þeir minna á áhrifavalda sína."

BÖS

### Nylon: Góðir hlutir

„**Nylon** verður að setja meiri þokka í tónlistina ef þær vilja selja þessa „þroskuðu" ímynd."

FGG

### Þórir: Anarchists Are Hopeless Romantics

„**Með** annarri plötu sinni festir Þórir sig í sessi sem einn áhugaverðasti tónlistarmaður þjóðarinnar af ungu kynslóðinni."

FB

### Skítamórall: Má ég sjá

„**Fyrir** aðdáendur Skítamórals er Má ég sjá prýðileg viðbót í safnið. Sveitin kann að trylla lýðinn sinn og gerir það eflaust með þessari plötu."

FGG

### Rammstein: Rosenrot

„**Fimmta** plata Rammstein er nákvæmlega eins og hinar fjórar. Nema hvað að núna bíta þeir ekki einu sinni á vöfflur. Varist Rosenrot eins og heitan eldinn."

BÖS



**SUMAR Á SÝRLANDI** Platan Sumar á Sýrlandi er fyrir löngu orðin klassísk dægurperla.

# Plötu Pharrells frestað

Útgáfa á fyrstu sólóplötu Pharrells Williams, fyrrum meðlims N.E.R.D. og The Neptunes, hefur verið frestað þangað til í febrúar á næsta ári.

Platan, sem heitir In My Mind, átti upphaflega að koma út í þessum mánuði en síðan var útgáfudeginum frestað til 13. desember. Engin ástæða hefur verið gefin fyrir frestuninni. Fyrsta smáskífulag plötunnar nefnist Can I Have It Like That þar sem Pharrel syngur dúett með Gwen Stefani.



**PHARRELL OG STEFANI** Gwen Stefani syngur með Pharrell á Bandarísku tónlistarverðlaunahátíðinni.

# Madonna á toppnum

Söngkonan Madonna fór beint á topp bandaríska sölulistans með plötu sína Confessions on a Dancefloor.

Þar í landi hefur platan alls selst í 350 þúsund eintökum síðan hún kom út. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Madonna fer á toppinn með plötur sínar því þær tvær síðustu, American Life og Music, léku einnig sama leik.

Það sem gerir nýju plötuna frábrugðna hinum er að hún hefur fengið betri dóma gagnrýnenda auk þess sem salan á henni er töluvert meiri. Til að mynda seldist American Life í rúmum 240 þúsund eintökum sína fyrstu viku á lista fyrir tveimur árum.

Þetta er tíunda hljóðversplata Madonnu. Fyrsta smáskífulagið, Hung Up, hefur að geyma hljóðbút frá Abba og er nú eitt heitasta lagið á útvarpsstöðvum og danshúsum heimsins.



**MADONNA** Söngkonan Madonna er að gera góða hluti með sína nýjustu plötu.

### PLÖTUR MADONNU

Madonna
Like A Virgin
True Blue
Who's That Girl (Úr kvikmynd)
You Can Dance (Remix plata)
Like A Prayer
I'm Breathless (Úr kvikmynd)
Erotica
Bedtime Stories
Evita (Úr kvikmynd)
Ray Of Light
Music
American Life
Confessions On A Dancefloor

# Eins og kvígur að vori

**Í tilefni af þrjátíu ára afmæli plötunnar Sumar á Sýrlandi með Stuðmönnum hefur verið gefin út sérstök afmælisútgáfa með níu aukalögum. Freyr Bjarnason ræddi við Jakob Frímann Magnússon um þessa frægu plötu.**

Á Sumari á Sýrlandi eru klassísk lög á borð við Út á stoppistöð, Strax í dag, Tætum og tryllum, She Broke My Heart, Í bláum skugga og Fljúgðu. Aukalögin á endurútgáfunni eru fyrstu fjögur lög Stuðmanna frá árinu 1974, tvö lög sem eru tekin upp á balli í Sigtúni 1983, tvö lög sem eru tekin upp á tónleikum í Royal Albert Hall í mars á þessu ári og loks ný útgáfa af laginu Söngur dýranna í Týról með nýjum texta um Úlfgang bónda.

Bæklingurinn sem fylgir plötunni er einkar veglegur með textum og hugleiðingum Jakobs Frímanns Magnússonar um lög plötunnar. Jakob segir að nokkrar ástæður séu að baki vinsældum plötunnar í gegnum tíðina. „Þarna er verið að leika sér með bæði yrkisefni, hljóðfæri og tækni sem á þeim tíma við tiltölulega nýtilkominn möguleiki," segir Jakob. „Yrkisefnið var afþreyingarsaga íslenskrar æsku frá 1940 til 1970 þar sem farið var dálítið frjálslega með stefnur og strauma á þeim þremur áratugum. Þetta var líka fyrsta breiðskífan sem við allir komum að og fannst óskaplega skemmtileg. Við vorum eins og kvígur að vori og lékum við hvern okkar hala," segir hann og bætir við: „Þetta var allt ort á íslensku sem var ekki í tísku. Þarna vorum við að fara algjörlega á móti ríkjandi stefnum og straumum bæði í framsetningunni og tónlistarstílnum. Þarna ægði saman stílbrotum svo úr varð ein óróaheild. Síðast en ekki síst þá var sáralítið annað í boði á þessum tíma. Þarna var ein sjónvarpsstöð sex kvöld í viku og ein útvarpsstöð. Þau lög sem hún spilaði urðu þekkt samstundis og má segja að það hafi verið tiltölulega létt verk og löðurmannlegt í þá daga að slá rækilega í gegn. Ég hef fulla samúð með yngri kynslóðinni í dag sem þarf að glíma við tíu útvarpsstöðvar, fimmtán prentmiðla og fimm sjónvarpsstöðvar. Ef þú nærð ekki í gegn samtímis ertu dauðadæmdur og það skýrir að íslenskar sveitir eiga oft erfitt með að fóta sig."




**STUÐMENN** Hljómsveitin vinsæla ætlar að halda tvenna tónleika í Damaskus í júní á næsta ári.

Í tilefni af plötunni ætla Stuðmenn að halda tvenna tónleika í Damaskus, höfuðborg Sýrlands, í júní á næsta ári. „Þetta verða tvennir tónleikar í óperuhúsi og á útileikvangi. Það verður fönkað og djassað í Damaskus," segir Jakob og er greinilega spenntur fyrir förinni. Hann segir að Stuðmenn sé óþekktir í Sýrlandi og því eigi þeir verðugt verkefni fyrir höndum. „Við ætlum að kynnast þeirra tónlist um leið og við kynnum þeim okkar. Við erum að skima eftir þarlendum tónlistarmönnum sem gætu tekið í með okkur, þar á meðal fiðlung frá Damaskus og flautuleikara."

Um næstu mánaðamót er síðan væntanlegur DVD-mynddiskur með Stuðmönnum sem nefnist Stuðmenn í Royal Albert Hall. Þar er sýnd upptaka frá vel heppnuðum tónleikum sveitarinnar í mars í fyrra þar sem þeir trylltu lýðinn í hinu fræga tónlistarhúsi. Einnig eru á disknum tónleikar Stuðmanna í Þjóðleikhúsinu og sýnishorn frá tónleikum þeirra í Kaupmannahöfn.

# POTTÞÉTT 39
## ER KOMIN Í SKÍFUNA!




**TVÖFÖLD PLATA Á TOPPVERÐI! INNIHELDUR 40 LÖG!**

**Úrvalið er í Skífunni!**

S·K·Í·F·A·N
...skemmtir þér ; )

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

HINN FULLKOMNA HELGI: GUNNAR HERSVEINN RITHÖFUNDUR ÆTLAR AÐ LESA FYRIR AUSTFIRÐINGA

# Náttúra, gleðskapur og afslöppunskemmtun

Rithöfundurinn Gunnar Hersveinn verður heldur betur á faraldsfæti um helgina þegar hann leggur land undir fót og sveiflast milli upplestra í hinum fögru kaupstöðum Austfjarða.
„Ég tek mér frí í vinnunni eftir hádegi í dag til að fljúga austur á Egilsstaði ásamt rithöfundunum Gerði Kristnýju, Guðlaugi Ara, Jóni Kalman og Yrsu Sigurðardóttur, en Skúli Björn Gunnarsson á Skriðuklaustri hefur skipulagt helgardagskrá með okkur skáldunum eystra," segir Gunnar Hersveinn, sem sækir heim Vopnafjörð í fyrsta sinn þessa helgina.
„Á Egilsstöðum bíður okkar bílaleigubíll sem flytur okkur til Vopnafjarðar en þar munum við vera með upplestur í hinu fornfræga húsi Kaupvangi um kvöldið. Eftir lesturinn gerum við okkur svo vonandi glaðan dag," segir Gunnar Hersveinn sem



á laugardeginum heldur ásamt fjórmenningunum til hins mikla menningarbæjar Seyðisfjarðar.
„Þar verður haldið rithöfundakvöld í Skaftfelli með upplestri úr bókum okkar og á sunnudaginn keyrum við inn að Skriðuklaustri á Héraði og snæðum hádegismat í því töfrandi húsi áður en upplestur hefst á ný. Áætluð heimkoma á Reykjavíkurflugvelli verður klukkan hálfsjö, en þá er ekki öllu lokið hjá mér því ég er bókaður á aðventukvöld í Keflavíkurkirkju þar sem ég verð með hálfgerða jólahugvekju fyrir Suðurnesjamenn," segir Gunnar Hersveinn sem venjulega á sér annars konar draumahelgar.
„Ég er lítið í vetrarsporti en yfir sumartímann eyði ég öllum helgum úti í náttúrunni. Helgum vetrarins finnst mér svo gott að skipta bróðurlega á milli afslöppunar og rólegheita, og gleðilegra tilefna með vinum."

# Glaðst í minningu Lárusar

**Það var í minningu leikarans og listamannsins Lárusar Ingólfssonar sem Leikminjasafnið opnaði sérsýningu á leikbúningum Lárusar í leiklistarstofu í Þjóðmenningarhúsinu á þriðjudaginn.**

Lárus Ingólfsson fæddist 22. júní 1905 í Reykjavík og lést í september 1981. Hann var óvenju fjölhæfur listamaður: einn vinsælasti revíuleikari og gamanvísnasöngvari þjóðarinnar um árabil og helsti leikmynda- og búningateiknari sinnar tíðar.

Í raun var Lárus fyrsti Íslendingurinn sem átti fullan starfsferil við leikmynda- og búningagerð. Á sýningunni eru sýnd sýnishorn af leikbúningum Lárusar, auk sviðs- og búningateikninga, en búningarnir eru fengnir að láni úr leikbúningasafni Þjóðleikhússins.

Við opnun sýningarinnar mættu þjóðþekktir einstaklingar til að heiðra minningu Lárusar, en í tilefni dagsins var opnuð ný vefsíða Leikminjasafnsins, leikminjasafn.is. Þar má finna upplýsingar um íslenska leiklistarsögu frá upphafi til dagsins í dag, verkefnaskrár leikhúsanna, gagnabanka um starfsemi íslenskra leikhúsa og allra listamanna sem unnið hafa við þær stofnanir, auk greina um íslenskar leikhúsbyggingar og leikhúsmenn. Höfundur þeirra er Jón Viðar Jónsson, forstöðumaður Leikminjasafnsins.



**DÝRÐLEGT HANDBRAGÐ LÁRUSAR** Búningar Lárusar Ingólfssonar eru dýrgripir og vekja eflaust margar minningar hjá leikhúsgestum fyrri tíma.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



**SPÁÐ Í LIST OG BÚNINGA** Þau Þórunn Magnea Magnúsdóttir og Einar Örn Benediktsson gáfu sér tíma til að gefa ljósmyndaranum hýrt auga.



**GÓÐIR GESTIR** Sigrún Klara Hannesdóttir og stórleikarinn Árni Tryggvason mættu á minningarsýninguna um Lárus Ingólfsson.



**GLAÐIR SAMAN Á HÁTÍÐARSTUND** Hér má sjá snillingana Árna Tryggvason, Jón Viðar Jónsson og Karl J. Guðmundsson, en Jón Viðar er forstöðumaður Leikminjasafnsins.



**SÆL EFTIR AUGNAKONFEKT LÁRUSAR** Þorsteinn Þorsteinsson og Þóra Kristjánsdóttir voru ánægð með sýninguna og mannskapinn sem heiðraði minningu Lárusar.



**KAMPAKÁTIR LEIKHÚSMENN** Þeir Baldvin Halldórsson og Sveinn Einarsson skemmtu sér vel á opnuninni.



**LISTELSK Í FAGURRI UMGJÖRÐ** Þau Rósa Steinunn Jónsdóttir, Guðrún Jóhannesdóttir og Guðmundur I. Guðmundsson voru hrifin af því sem fyrir augu bar.



**MAÐUR ER MANNS GAMAN** Þau Edda Ágústsdóttir og Benóný Ægisson höfðu margt að skrafa um eftir að hafa barið listfengi Lárusar augum.






FIMMTUDAGUR 24. NÓVEMBER

# Klukkan á Hlemmi svíkur aldrei

Þessi dagur byrjaði eins illa og hægt var að hugsa sér. Í gærkvöldi gleymdi ég símanum mínum hjá Ragnari. Ég þurfti því að fara að grafa upp vekjaraklukku enda notast ég við símann minn þegar kemur að því að vakna. Klukkan stillt á 10.00 og ég lagðist út af enda alveg búinn á því eftir átökin á tónleikunum í gær.
Ég vaknaði pínu hissa því ég hafði vaknað á undan klukkunni. Ég teygði mig í sígarettu og fjarstýringuna af sjónvarpinu og reyndi að kveikja á því en allt kom fyrir ekki. Ég stóð upp, gekk með morgunpínuna, fjarstýringuna og sígarettuna í kjaftinum á klósettið (ég veit ekki af hverju fjarstýringin fékk að fljóta með í þessa ferð). Viti menn, þar kviknaði ekkert ljós.
DJÖ!!! HELV... RAFMAGNSREIKNINGARNIR!!! Ég gleymdi þeim, ekki í einn, ekki í tvo heldur í 4 mánuði! (Þetta kom mér reyndar ekkert ýkja mikið á óvart þar sem þetta er í þriðja sinn á 8 mánuðum sem ég lendi í þessu).



SIGN / Á HLJÓMLEIKAFERÐALAGI / RAGNAR SÓLBERG

Villuráfandi í myrkri og tímaleysi hljóp ég út að glugganum, horfði yfir götuna á það eina sem hægt er að treysta á í lífinu fyrir utan dauðann, klukkuna á Hlemmi og hún sveik mig ekki, 13.30. Ég hafði sofið yfir mig um þrjá og hálfan tíma!!! Æ, fuck it... smávægilegt vandamál. Aðalmálið var að reyna að redda rafmagninu áður en ég færi á æfingu. Þetta hafðist allt á endanum og nú sit ég sáttur með kveikt á græjunum, tölvunni og sjónvarpinu sem bætir upp fyrir áfallið í dag.
Ég var ekki sá eini sem var uppgefinn því við vorum allir mjög þreyttir í dag og Addi G. svaf líka yfir sig. Æfingin gekk vel og svo sem lítið hægt að segja frá henni. Við getum bara ekki beðið eftir að komast út á land og halda áfram að spila fyrir rokkþyrsta aðdáendur.

# BESTA BYRJUN NÝRRAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR!

ENGIN SJÓNVARPSSTÖÐ Á ÍSLANDI HEFUR FARIÐ EINS VEL AF STAÐ OG SIRKUS.




STÖÐ 2 - 1986
Fjöldi áskrifenda fyrsta ári . (Stod2.is/Hagstofa Íslands)

RÚV - 1967
Fjöldi sjónvarpseigenda (19.194) þegar stöðin fór í loftið.(Hagstofa Íslands)

SKJÁR EINN - 1999
Uppsafnað áhorf í fyrstu könnun. (Gallup/1999)

SIRKUS - 2005
Uppsafnað áhorf í fyrstu könnun. (Gallup/2005)

## FRAMUNDAN Á SIRKUS!


AMERICAN IDOL
Ameríska Idolið byrjar í janúar á Sirkus


MY NAME IS EARL
Vinsælasti nýi grínþátturinn í Bandaríkjunum


SUPERNATURAL
Bræður berjast við ill öfl í leit af föður sínum


THE WAR AT HOME
Grínþættir sem fjalla um samskipti foreldra og barna


REUNION
Á 20 ára útskriftarafmælinu er framið morð!


INVASION
X-files mætir Lost! Þú vilt ekki missa af þessum

SIRKUS ÞAKKAR ÁHORFENDUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR. SIRKUS SÆKIR NÚ FRAM AF MIKLUM KRAFTI OG KYNNIR YFIR 20 NÝJA INNLENDA OG ERLENDA ÞÆTTI Á NÆSTUNNI. MEÐAL ÞEIRRA ERLENDU ERU MARGIR AF VINSÆLUSTU NÝJU ÞÁTTUNUM Í HEIMINUM Í DAG. ALDREI Í SÖGU FJÖLMIÐLA Á ÍSLANDI HEFUR SJÓNVARPSSTÖÐ BYGGT SVO FLJÓTT UPP ÖFLUGA DAGSKRÁ.

**FYLGSTU MEÐ!**

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Dásamlegir tískustraumar á leiðinni

Fyrirtækið Arcadia hélt sýningu fyrir blaðamenn í London á dögunum þar sem kynntar voru vor- og sumarlínur ársins 2006 en fyrirtækið rekur búðir eins og Topshop, Topman, Dorothy Perkins og Evans. Borghildur Gunnarsdóttir kynnti sér komandi áhrif í tískunni.

## Topshop



**SIXTÍS** Hér er auðvelt að sjá áhrif frá sjöunda áratugnum.

Topshop er búð sem þarf ekki að kynna fyrir neinum enda fá búðirnar um 350 þúsund gesti á viku eða rúmlega eitt Ísland eða svo. Í haust náðu hönnuðir búðanna miklum áfanga þegar fyrsta Topshop „catwalkið“ var sýnt á London Fashion Week í haust. Ýmsir hönnuðir hafa starfað í samvinnu með hönnuðum Topshop og eru það meðal annars Jonathan Saunders, Ashish, Sophia Kokosolaki og Peter Jensen. Vor-/sumarlínan hjá Topshop samanstendur af fjórum stefnum.

**Warhol:** Hér er gamli bítnikkastíllinn frá sjöunda áratugnum tekinn og nýttur á nýjan og afar svalan hátt. Sjáið fyrir ykkur Edie Sedgwick og Nico og bætið við ýmsu úr tísku nútímans og stíllinn er kominn. Svart og hvítt, þverröndótt, þröngar svartar buxur, stórar flatar tölur, flatbotna skór og stígvél og víðar peysur.

**Modernist:** Flíkur í yfirstærð eru notaðar mjög mikið og fötin tekin saman í mittið með belti eða böndum. Efnismikil blöðrupils í bland við jakka í hermannastíl, stórar ermar og upprúllaðar stuttbuxur. Hvíti liturinn er yfirgnæfandi en inni á milli má finna liti eins og rósrauðan, gráan og ljósbrúnan auk málmlita.



**TÍMABILAÁHRIF** Þessi kjóll gæti alveg verið frá sjötta áratugnum.

**Babylicious:** Hér er það glamúrinn sem ræður ríkjum í bland við einfaldan klæðnað. Svartir og einfaldir, flegnir kjólar eða peysur og flíkurnar skreyttar með stórum og áberandi skartgripum. Platform-skór með fylltum hæl. Litirnir sem eru áberandi eru brúnir litir í öllum tónum.

**Judo:** Áhrif sótt úr heimi bardagalistannna júdós og karates. Grófleikinn er ríkjandi og birtist helst í sýnilegum saumum og gröfum efnum. Sloppurinn sem bundinn er utan um keppnismenn í þessum greinum er mikið notaður og áhrif frá honum sjást í mörgum flíkum. Ríkjandi litir eru ljósblár, grásvartur og lime-grænn.



**SILFUR** Sætur silfraður sixtís-kjóll úr smiðju Topshop.



**FLOTTIR SKÓR** Í viktoríönskum og sixtís-stíl.



**SÓLGLERAUGU** Stór og flott sólgleraugu sem minna á þau sem Audrey Hepburn gekk oft með.



**TOPMAN** Rauður, blár og hvítur eru ríkjandi hjá Topman.

## Topman

Hönnuðirnir hjá Topman hafa góða trú á því að karlmenn séu smátt og smátt að verða hugrakkari þegar kemur að tískunni. Fötin sem eru væntanleg hjá Topman státa því af djörfum stíl en afar smekklegum.

**Geek:** Hér er nördastíllinn í öllu sínu veldi. Blandað er saman mjúkum pastellitum annars vegar og skærum litum hins vegar og áhrifavaldur er meðal annars listaverk David Hockneys. Stíllinn er afslappaður en um leið ákveðinn með skjannahvítum lit á móti sterkum litum. Mjúkir stuttir sumarjakkar eru notaðir með buxum með broti og nördalegu prjónavesti yfir skyrtu.



**NÖRDINN** Graham Coxon í Blur og Rivers Cuomo í Weezer eiga sennilega báðir mikinn þátt í að nördalúkkið þykir töff í dag.

**Tough love:** Litir eru aðal drifkrafturinn hér. Fötin eru frekar einföld og ekki mjög áberandi en undirliggjandi er hermannastíllinn sem setur svip á sniðin. Einnig hafa hönnuðir notast við áprentun og er hún í pönkuðum stíl.

**Trailer:** Áhrif sótt í stíl þeirra Ameríkana sem kallaðir eru hvítt rusl eða hjólhýsapakk. Mikilvægt er að klæðast mörgum lögum af fötum í þessum stíl. Sveitalubbagallabuxur við skyrtur með bótum á olnbogum og herðum. Litir eru jarðartónar og einstaka skærir litir inn á milli. Flíkurnar eru frekar hráar og eiga að virka eins og þær séu notaðar.

**Culture:** Þessi lína sem kennir sig við menninguna er í raun að vísa til menningarinnar á Portobello Road að sögn hönnuða Topman. Stíllinn á að vera nokkurs konar blanda af notuðum fötum og nýjum. Þröngar gallabuxur, litríkir gamaldags bolir, axlabönd og stuttir jakkar. Nokkrar flíkurnar eru í raun flíkur sem hönnuðirnir fundu á flóamörkuðum og létu endurgera og fjöldaframleiða.

**Zen:** Eins og nafnið bendir til eru áhrif sótt í japanska menningu í þessari línu. Litirnir eru rólegir og yfirvegaðir og það er fátt sem truflar augað þegar litið er yfir fötin. Dempaðir litir eru fengnir með því að þvo flíkurnar á vissan hátt og tóna þannig skæra liti niður.



**CULTURE** Einnig úr línunni þar sem Portobello Road var áhrifavaldur. Gamaldags og töff.



**TOPMAN** Komandi sumartíska er afar skrautleg og fjölbreytt.



**TRAILER** Þessi föt eru úr línunni Trailer og sækja áhrif í hjólhýsahyski Bandaríkjanna.

## Dorothy Perkins

Dorothy Perkins er himnasending fyrir pæjur á aldrinum 30-50 ára. Þarna geta konur á þessum aldri fundið smekklegan fatnað sem er afar móðins og um leið á góðu verði. Sumarlínan hjá Dorothy Perkins er dásamlega flott og sækir áhrifa úr ýmsum áttum.

Ein línan kallast Ladylike og sækir innblástur til sjöunda áratugsins sem eins og margir vita er mjög áberandi í tískunni í dag. Doppótt munstur er yfirgnæfandi á flíkunum og litirnir eru aðallega dökkblár, rauður og hvítur. Einnig eru slaufur áberandi, axlabönd, blómakjólar og blúndur.

Áhrif frá tímum Napóleons eru notuð í Revolution sem von er á í búðir í janúar. Þar er að finna stutta klæðskerasniðna jakka, stuttar buxur, þröng mitti og fleiri áhrif frá gömlum flíkum. Línan Ooh lala er síðan væntanleg í febrúar með kjólum í anda sjötta áratugarins, meiri doppur og blöðrupils. Í mars er það svo Peasantlínan sem sækir áhrif í sveitalífið með blómakjólum og rómantískum sniðum.



**SKÓTÍSKA** Doppótt og dásamlegt í skótískunni hjá Dorothy Perkins.



**DOROTHY PERKINS** Meiri tímabilaáhrif hér á ferðinni, klútur og stór sólgleraugu.



**KÓNGURINN?** Töff sólgleraugu úr Topman sem hefðu getað verið í eigu Elvis Presley.



**PORTOBELLO** Þessi lína gæti vel verið beint úr næstu búð með notuð föt, en er þó væntanleg í búðir Topman.

## Evans



**EVANS** Allt er vænt sem vel er grænt. Sæt prjónapeysa í sixtís-stíl.

Evans er staðsett í Hagkaupum og þar er einnig hægt að finna föt fyrir konur á aldrinum 30 og upp úr. Búðin einbeitir sér að því að bjóða upp á tískuvöru líka því sem aðrar tískubúðir bjóða upp á en í stærri stærðum. Þar af leiðandi er mikil tímabilatíska á leiðinni þar í bland við hermannaáhrif. Hvíti liturinn verður ríkjandi í bland við doppótt mynstur sem og röndótt og sterka liti inn á milli. Einnig er mikið af rómantískum fötum með blúndum og pífum og litum eins og ljósbláum, ljósbrúnum og fölbleikum. Það er gott að vita af búðum sem viðurkenna þá staðreynd að þó konur eldist þá vilja þær ennþá vera pæjur og fylgja tískunni og bæði Evans og Dorothy Perkins bjóða upp á afar sjarmerandi flíkur handa þessum konum.

# FRUMSÝND Í DAG




## 25. NÓVEMBER

| | |
|---|---|
| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | KL. 2-4-5.05-7.05-8.10-10.10-11.15 |
| ÁLFABAKKI LÚXUS VIP | KL. 2-5.05-8.10-11.15 |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | KL. 2-4-6-8-10-12 |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | KL. 5-8-11 |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | KL. 5-8-11 |
| HÁSKÓLABÍÓ | KL. 6-8-10 |

## 26. NÓVEMBER

| | |
|---|---|
| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | KL. 1-2-4.05-5.05-7.10-8.10-10.15-11.15 |
| ÁLFABAKKI LÚXUS VIP | KL. 2-5.05-8.10-11.15 |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | KL. 12-2-4-6-8-10 |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | KL. 2-5-8-11 |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | KL. 1-4-6-8-10 |
| HÁSKÓLABÍÓ | KL. 2-4-6-8-10 |

## 27. NÓVEMBER

| | |
|---|---|
| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | KL. 1-2-4.05-5.05-7.10-8.10-10.15-11.15 |
| ÁLFABAKKI LÚXUS VIP | KL. 2-5.05-8.10-11.15 |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | KL. 12-2-4-6-8-10 |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | KL. 2-5-8-11 |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | KL. 1-4-6-8-10 |
| HÁSKÓLABÍÓ | KL. 2-4-6-8-10 |




# Uppáhaldsterta Harry Potter er á leið í verslanir!









## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fræga fólkið er ekkert öðruvísi en við hin þegar kemur að því að vera óánægð með einhvern hluta af eigin líkama. Söngkonan unga Charlotte Church er einstaklega óánægð með hnén á sér. Í samtali við Daily Mirror segir hún að hnén á sér séu hræðileg. „Ég geng stundum í stígvélum sem ná upp fyrir hnén á mér. Ástæðan er ekki sú að ég vilji líta út sem einhver tískudrós, heldur eru hnén á mér svo ljót að það tekur engu tali," segir þessi hæfileikaríka söngkona.



Breska strákabandið, Take That, er mögulega að koma saman aftur í þeim tilgangi að skipuleggja tónleikaferð sem á, að sögn, að verða þeirra allra síðasta í röðinni. Meðlimir hljómsveitarinnar, þeir Gary Barlow, Howard Donald, Mark Owen og Jason Orange, hafa boðað til blaðamannafundar þar sem þeir lofa aðdáendum hljómsveitarinnar „mjög spennandi tilkynningu" samkvæmt fréttasíðunni Ananova. Seinasti meðlimurinn, Robbie Williams, verður víst ekki með að þessu sinni.








**NBC** Rappsveitin NBC, með þá Dóra DNA og Stjánaheitinnmisskilinn innanborðs, spilar í Miðbergi í kvöld.

# Rappað af krafti á Rímnaflæði

Tónlistarkeppnin Rímnaflæði 2005 verður haldin í félagsmiðstöðinni Miðbergi í Efra-Breiðholti í kvöld. Þetta er einn stærsti viðburður ársins í íslensku rappi og má búast við því að margar efnilegar sveitir komi fram á sjónarviðið núna, rétt eins og undanfarin ár. Á síðasta ári bar rappsveitin JAZ sigur úr býtum.

Reglur keppninnar eru á þann veg að öll lögin verða að vera frumsamin og fær hver keppandi fimm mínútur til að rappa af öllum lífs og sálarkröftum. Ekkert aldurstakmark er á keppendur.

Hljómsveitirnar NBC og Ramses koma fram sem gestir og opnar húsið klukkan 19.00. Rímnaflæðið sjálft hefst síðan klukkutíma síðar. Miðaverð er 350 krónur.

# Þægilegur ástaróður

**[TÓNLIST]**

**UMFJÖLLUN**

Þetta er fjórða plata Orra Harðarsonar en sú fyrsta, Drög að heimkomu, vakti á sínum tíma mikla athygli á honum.

Orri fékk til sín færa tónlistarmenn fyrir upptökur á plötunni, þar á meðal Pálma Gunnarsson sem plokkar bassann, KK sem syngur dúett með Orra í laginu Listin að lifa og munnhörpuleikarann Marc Breitfelder, félaga KK úr The Grinders. Leikkonan Arnbjörg Hlíf Valsdóttir syngur einnig bakraddir í flestum lögunum.

Þetta einvalalið hefur hjálpað Orra að gera vandaða og þægilega plötu sem gott er að setja á fóninn á köldum vetrardegi, hvort sem þú slappar af uppi í sófa heima hjá þér eða vilt róa þig niður í miðri umferðarteppu. Enginn æsingur er í gangi heldur eru fallegir tónarnir látnir njóta sín.

Textarnir eru flestir hverjir bjartir og snúast að mestu um ástina og hversu mikilvæg hún er fyrir hið daglega amstur. Eftirminnilegustu lögin voru áðurnefnt Listin að lifa, sem var bæði grípandi og skartaði fyrirtaks texta, hið fallega Sönn ást, Atlot, þar sem flott viðlagið stóð upp úr, og Biðin eftir þér.

**Freyr Bjarnason**



**ORRI HARÐARSON: TRÚ**

**Niðurstaða:**

**Orri** Harðarson hefur gert vandaða og þægilega plötu sem á eftir að koma að góðum notum á köldum vetrardögum. Dúett hans með KK í laginu Listin að lifa stendur upp úr.

HÁDEGISBÍÓ
HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL:12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI
3 BÍÓ
400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓI




### ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 2-4-5.05-7.05-8.10-10.10-11.15 | B.I. 10 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN VIP | KL. 2-5.05-8.10-11.15 | |
| LORD OF WAR | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |
| ELIZABETH TOWN | KL. 5.45-8-10.30 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 2-4-6 | |
| CHICKEN LITTLE enskt tal | KL. 2-4 | |
| TWO FOR THE MONEY | KL. 10.30 | B.I. 12 |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 4-6 | |
| FLIGHTPLAN | KL. 8 | B.I. 12 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 2 | |

### KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5-8-11 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 6 |
| ZORRO 2 | KL. 8 |
| FOUR BROTHERS | KL. 10.30 |

### AKUREYRI

| | |
|---|---|
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5-8-11 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 6 |
| SERENITY | 8 |
| LORD OF WAR | KL. 10.10 |

### KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 2-4-6-8-10-12 | B.I. 10 |
| SERENITY | KL. 8 | B.I. 16 |
| CHICKEN LITTLE enskt tal | KL. 6 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 2-4 | |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 2 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

### Háskólabíó

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6-8-10 | B.I. 10 |
| LORD OF WAR | KL. 5.30-8-10 | B.I. 16 |
| ELIZABETH TOWN | KL. 10 | |
| LITLI KJÚLLINN | KL. 6 | |

| | |
|---|---|
| THE MARCH OF THE PENGUINS | KL. 6-8-10.30 |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 8 |
| DRABET | KL. 6 |


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan Teri Hathcer hefur höfðað mál gegn götublaðinu Daily Sport. Ástæðan er sú að blaðið birti greinar þess efnis að leikkonan hefði stundað villt kynlíf með ónafngreindum mönnum í bíl fyrir utan heimili hennar. Samkvæmt breska lögfræðifyrirtækinu Schillings, sem fer með mál leikkonunnar, vísar hún þessum fáranlegu sögusögnum á bug sem, að þeirra sögn, hafa haft slæm áhrif á ímynd hennar. Búist er við því að málið fari fyrir dómstóla í Bretlandi á næsta ári.



Kate Moss og Pete Doherty hafa ákveðið að flytjast búferlum til Bandaríkjanna. Ástæðan ku vera sú að ef Pete á einhvern tímann að losna við fíkniefnadjöfulinn verður hann að flýja vini sína á Englandi sem hafa haldið honum að fíkniefnunum á undanförnum misserum. Pete er nú um þessar mundir á sama meðferðarheimili og Kate dvaldist á fyrr á þessu ári í Arizona í Bandaríkjunum. Nánir vinir leikkonunnar segja að Kate hringi í Pete á hverju kvöldi til þess að heyra hvernig hann hefur það.



Poppstjarnan gamalreynda Elton John hefur ákveðið að ganga í það heilaga. Sá heppni er unnusti hans til margra ára, David Furnish. Mun athöfnin verða mjög látlaus og hafa þeir ákveðið að einungis foreldrar þeirra verði vottar að athöfninni. Höfðu fjölmiðlar búist við að athöfnin yrði gríðarlega umfangsmikil og flott en Elton ákvað á seinustu stundu að hafa mjög lítið umstang í kringum sjálfa athöfnina þó að veislan um kvöldið verði að sögn einkar glæsileg.






-50% afsláttur

Nýjar barnavörur á tilboðsverði

Regnbuxur kr. 990 – 1.490
Flíspeysur kr. 1.490 – 3.490
Úlpur kr. 3.290 – 4.490
Snjóbuxur kr. 2.790 – 4.490
Skór kr. 3.290 – 4.790

Opið
virka daga 10 – 18
laugard. 11 - 16

REGATTA GREAT OUTDOORS ™

ÚTIVIST&SPORT

verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta

dare 2 be
le coq sportif

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550 Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450 Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322
Aðrir sölustaðir: Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245. Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400. Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216



## Víkingar framlengja

Höskuldur Eiríksson og Hörður Bjarnason hafa framlengt samninga sína til ársins 2008. Báðir voru í lykilhlutverki hjá Víkingi síðasta sumar og þá sérstaklega Höskuldur sem batt saman Víkingsvörnina með einstaklega góðum árangri enda fékk liðið aðeins á sig níu mörk.

**sport**

sport@frettabladid.is

HLYNUR SIGMARSSON, FORMAÐUR HANDKNATTLEIKSDEILDAR ÍBV: SLÆR UPP VEISLU Í EYJUM

# *Leikurinn í beinni og Hung sér um fjörið*

Í kvöld fer fram fyrsti leikurinn af þremur á milli Íslands og Noregs í handbolta. Hann fer fram í Vestmannaeyjum og Eyjamenn með hinn vaska Hlyn Sigmarsson í broddi fylkingar hafa blásið til þjóðhátíðar í kringum leikinn. Þeir munu bjóða upp á heimsklassaskemmtiatriði ásamt því að leikurinn verður sýndur í beinni á netinu í gegnum heimasíðu ÍBV, ibv. is. Um skemmtidagskrána sér hinn góðlátlegi Bandaríkjamaður William Hung en það er að undirlagi Hlyns að hann kemur til landsins.



„Ég var að spá í að fá hann í fyrra fyrir bikarleik hjá okkur en þá gekk dæmið ekki upp. Svo þegar í ljós kom að við myndum fá þennan landsleik ákvað ég að reyna aftur að fá hann og það gekk upp að þessu sinni,“ sagði Hlynur og bætti við að aldrei hefði annað komið til greina en að bjóða upp á metnaðarfulla dagskrá í kringum leikinn. Margir spyrja sig eflaust að því hvernig honum datt í hug að fá þennan einstaka tónlistarmann til landsins.



„Ég hef verið aðdáandi Hungs í svolítið langan tíma og hlusta ósjaldan á tónlistina hans,“ sagði Hlynur en uppáhaldslag hans með Hung er lagið sem gerði Hung frægan She Bangs sem Ricky Martin gerði upphaflega frægt. „Það sem heillar mig við hann er að hann þorir að vera hann sjálfur. Hann er hreinn karakter. Maður horfir á hann og þykir vænt um hann,“ sagði Hlynur sem á von á að fylla íþróttahúsið í Eyjum en það tekur um 600 manns. Hann er samt ekki viss um hvort Hung eða landsliðið trekkir meira að.

## > Spilar líklega mikið

Garðar Gunnlaugsson, bróðir tvíburanna Arnars og Bjarka Gunnlaugssona, reiknar með því að spila mikið hjá skoska félaginu Dunfermline, ef af för hans til félagsins verður. „Það eru mikil meiðsli í herbúðum Dunfermline og ég reikna með því að ég spili töluvert ef af félagsskiptunum verður.“ Kenny Moyes, fyrrum umboðsmaður Arnars og Bjarka, útvegaði Garðari möguleika á því að fara til Dunfermline til reynslu og þar stóð Garðar sig vel og mun líklega fara til skoska félagsins á næstunni. „Ég er búinn að samþykkja samningstilboð og bíð spenntur eftir að komast út.“





**BOBBY ROBSON** Vill taka við liði Portsmouth.

Alain Perrin rekinn:

## Tekur Robson við Portsmouth?

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarfélagið Portsmouth rak í gær franska stjórann Alain Perrin úr starfi en hann hafði aðeins stýrt liðinu í átta mánuði. Perrin bjargaði Portsmouth frá falli á síðustu leiktíð en undir hans stjórn hefur liðið aðeins unnið tvo leiki í vetur og það er of lítið.

Perrin er fyrsti stjórinn í úrvalsdeildinni sem er rekinn í vetur en langt er um liðið síðan stjórar ensku deildarinnar hafa lifað svo lengi án þess að nokkur þeirra hafi fengið að fjúka.

Sir Bobby Robson hefur þegar lýst yfir áhuga á að taka við liðinu en þessi 72 ár gamli stjóri hefur verið atvinnulaus síðan Newcastle rak hann í ágúst 2004. Ekki er talið líklegt að Portsmouth uppfylli ósk hans þar sem þeir telji hann hreinlega vera orðinn of gamlan og horfa þeir til yngri stjóra.

Neil Warnock, stjóri Sheff. Utd, er einnig sterklega orðaður við stöðuna.

# Frystur af þjálfara sínum hjá Grosswallstadt

**Landsliðsmaðurinn Einar Hólmgeirsson hefur fyrirvaralaust verið settur út úr byrjunarliði Grosswallstad í þýsku úrvalsdeildinni og segir hann óvíst hvað taki við hjá sér. Flensburg, Hamburg og Magdeburg hafa öll áhuga á því að fá Einar í sínar raðir.**

**HANDBOLTI** Handknattleiksmaðurinn Einar Hólmgeirsson hefur verið frystur af þjálfara sínum hjá Grosswallstadt í síðustu leikjum og hefur aðeins fengið að spila nokkrar mínútur í hverjum leik. Einar hafði leikið mjög vel með liði sínu í fyrstu leikjum þýsku úrvalsdeildarinnar og skorað um fimm mörk að meðaltali í leik. En í síðustu fjórum leikjum hefur Einar aðeins skorað samtals sex mörk, sem má að stærstum hluta rekja til skerts spilatíma.

„Þetta kom mér á óvart þar sem mér fannst ég ekki hafa verið að spila neitt illa áður en ég var settur á bekkinn,“ segir Einar. Núverandi samningur hans við Grosswallstadt rennur út í lok þessarar leiktíðar og segir Einar að viðræður séu í gangi um áframhaldandi samning. „Þetta gæti verið einhver taktík sem tengist samningnum, ég veit það ekki,“ segir Einar og neitar því ekki að hann hafi jafnvel hug á því að breyta til.

Þýsku stórliðin Flensburg, Hamborg og Magdeburg eru öll sögð hafa mikinn áhuga á Einari og eru líkleg til að bjóða honum samning innan tíðar. „Ég gæti hugsað mér að reyna fyrir mér hjá sterkara liði en Grosswallstadt en mér hefur liðið vel hjá liðinu og get alveg hugsað mér að vera hér áfram líka,“ bætir Einar við en Grosswallstadt er um miðja deild í Þýskalandi.

„Það er auðvitað hundfúlt að vera frystur en ég verð að sætta mig við þetta og vera þolinmóður. Alexander (Peterson) hefur verið að spila mikið í skyttunni í staðinn fyrir mig og gert það frábærlega. Svo að það er lítið hægt að gera. Þetta er ákvörðun þjálfarans og ég verð að kyngja henni.“



**EINAR HÓLMGEIRSSON** Eftir fína frammistöðu framan af móti í Þýskalandi var Einar settur á bekkinn af þjálfara sínum, algjörlega fyrirvaralaust. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Það mun einmitt koma til með að mæða mikið á þeim Einari og Alexander í landsleikjunum þremur gegn Norðmönnum í dag og um helgina, en Ólafur Stefánsson er fjarri góðu gamni að þessu sinni. Einar segist í fínu formi og að íslenska liðið stefni á sigur í öllum þremur leikjunum.

„Það er alltaf jafn gaman að hitta strákana og það er mjög góður andi í hópnum. Við ætlum að halda áfram að byggja á því sem við höfum verið að gera í síðustu leikjum og vonum að það skili okkur góðum úrslitum.“

vignir@frettabladid.is



**KIRK BAKER** Vonast er til þess að þjálfaraskiptin bæti árangur Hattar, sem ekki hefur verið góður til þessa.

Kirki Baker hættur:

## Breytinga þörf hjá Hetti

**KÖRFUBOLTI** Magnús Jónsson, sem situr í körfuknattleiksdeild Hattar, segir það hafa verið sameiginlega ákvörðun Kirk Baker og körfuknattleiksdeildarinnar, að hann myndi hætta sem þjálfari liðsins.

„Það var ekkert eitt atriði sem réð úrslitum. Aðstæður heima hjá Baker í Bandaríkjunum voru ekki góðar og það hentaði illa að hann væri hér á landi. Svo var árangurinn ekki nógu góður og hann var óánægður með það sjálfur. Við vonumst til þess að breytingarnar geti hresst upp á mannskapinn. Nú er bara vonandi að það fari að ganga betur innan vallar.

Magnús vonar líka að þakið á íþróttahúsinu haldi vatni, en fresta þurfti leik Hattar og Keflavíkur vegna leka í íþróttahúsinu. „Þetta stendur allt til bóta og það er nú þegar búið að gera bráðabirgðaráðstafanir.“ - mh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

22 23 24 **25** 26 27 28

**Föstudagur**

### LEIKIR

☐ 14.00 **Ísland** og **Noregur** mætast í æfingaleik í handbolta í Vestmannaeyjum.

### SJÓNVARP

☐ 16.20 **Evrópukeppni félagsliða** á Sýn. Útsending frá leik **Halmstad** og **Sampdoria**

☐ 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn. Fjallað um heitustu mál dagsins.

☐ 18.12 **Sportið** á Sýn. Farið yfir íþróttafréttir dagsins.

☐ 18.30 **NFL-tilþrif** á Sýn.

☐ 19.00 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.

☐ 19.30 **Fifth Gear** á Sýn.

☐ 20.00 **Motorworld** á Sýn.

☐ 20.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeildinni.

Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, er rólegur yfir meistaradeildinni:

# Enginn munur á fyrsta og öðru sætinu

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, sagði eftir sigurinn gegn Anderlecht í fyrradag að það skipti hann engu máli hvort að lið hans myndi hafna í fyrsta eða öðru sæti G-riðilsins. Chelsea mætir Liverpool á heimavelli í síðustu umferð riðilsins og verður Chelsea að sigra til að enda í efsta sæti riðilsins. En af orðum hans í fyrradag að dæma má gera ráð fyrir því að Mourinho muni hvíla einhverja af lykilmönnum sínum.

„Ég held að það skipti engu máli hvort við vinnum. Real Madrid og Lyon gerðu jafntefli sem þýðir að við getum lent á móti Real ef við lendum í fyrsta sæti en Lyon ef við lendum í öðru sæti. Í öðrum riðli stendur valið á milli Bayern München og Juventus. Þetta eru allt góð lið og það er enginn munur á efstu tveimur sætunum,“ sagði Mourinho en bætti því við að hann vildi að sjálfsögðu vinna Liverpool í lokaleiknum.



**JOSE MOURINHO** Hreinskilni er eitthvað sem hann skortir ekki.

„Já, við viljum vinna Liverpool og Liverpool vill vinna okkur. Allir vilja vinna. Það eina sem ég er að segja er að ég sé ekki stóran mun á fyrsta og öðru sætinu. Öll bestu liðin, nema kannski Man. Utd, eru komin áfram og andstæðingurinn í 16-liða úrslitunum mun alltaf verða gríðarlega öflugur.“ - vig



**ÞÓR AK.** Á leið í gjaldþrot?

Vilja Akureyrarbæ til hjálpar:

## Akureyrarbær kaupi Hamar

**ÍÞRÓTTAFÉLÖG** Íþróttafélagið Þór á Akureyri stendur afar illa fjárhagslega þessa stundina og er líklegt að það verði gjaldþrota, ef ekkert verður að gert.

Jón Heiðar Árnason, formaður Þórs, vonast til þess að hægt verði að leysa þá stöðu sem nú sé komin upp. „Við munum reyna að fá Akureyrarbæ til þess að kaupa félagsheimilið Hamar af okkur. Það er fyrst að fremst það sem er íþyngjandi fyrir félagið. Það eru mörg dæmi um að sveitarfélög komi til móts við þarfir íþróttafélaga með þessum hætti.“ - mh



íslenskir
ódýrir tónlistardagar*
TOLL FRJÁLS TÓNLIST
1.499
Nylon - Góðir dagar
1.499
Óskar Pétursson - Þú átt mig ein
1.499
Ampop - My Delusions
1.499
Hera - Don´t play this
1.499
Helgi Björnsson - Yfir Esjuna
1.499
Svala - Bird of Freedom
1.499
Sálin - Undir þínum áhrifum
1.499
Ragnheiður Gröndal - Vetrarljóð
1.499
Ragnheiður Gröndal - After the Rain
BT
Verð sem hljómar betur!
*Á völdum titlum.
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir

# Hraðari leikur – stærri listamenn

**Hraði, hraði og hraði með afgerandi sendingagetu er það sem knattspyrnan gengur út á í dag. Bestu knattspyrnumennirnir eru súperstjörnur og þjálfararnir vinna við sífellt erfiðari aðstæður og auknar kröfur.**

Áhorfendur vilja sjá skemmtilegan fótbolta. Þeir borga hærra miðaverð til að horfa á súperstjörnurnar en áður og gera því kröfur. Fækkun áhorfenda í Englandi og Ítalíu í haust má að öllum líkindum rekja til „leiðinlegri“ fótbolta og hærra miðaverðs. Meira að segja súperlið Chelsea, sem hefur fengið á sig þennan leiðindastimpil, nær ekki að fylla heimavöllinn, Stamford Bridge. Fyrir utan þá allra hörðustu nennir fólk ekki að eyða nokkrum tímum í að fara á völlinn og horfa á varnarleik í 90 mínútur án þess að sjá mark. Nei takk, skemmtun er lykilorðið í dag.

Undanfarin 15 ár hefur fótboltinn í Evrópu tekið töluverðum breytingum. Þjálfarar sem rætt var við eru sammála um að hraði leiksins hafi aukist mikið og sóknarleikurinn sé markvissari. Leikmenn eru mun betur þjálfaðir og því er að mörgu leyti auðveldara að spila agaðan og góðan varnarleik en áður því leikmennirnir hafa meira þrek til þess.

### Hvert lið þarf jóker

Svíinn Hasse Backe, sem hefur þjálfað danska liðið FC Kaupmannahöfn undanfarin ár með frábærum árangri, segir að reglugerðarbreytingin um að markvörður megi ekki taka upp boltann eftir sendingu frá samherja hafi skipt sköpum fyrir fótboltann að halda áfram að vera vinsælasta íþróttagreinin í heimi.

„Sóknarleikurinn í dag gengur út á að stinga sér inn fyrir vörnina af miðsvæðinu eða koma sér í stöðuna einn á móti varnarmanni til þess að taka hann á og skapa ójafnvægi í vörn andstæðingsins. Hraði, hraði, hraði með afgerandi sendingagetu er það sem fótboltinn snýst um í dag,“ segir Hasse Backe í viðtali við sænska blaðið GP.

Hann segir að fótboltinn í Skandinavíu búi enn við það að vera nokkurs konar uppeldisstöð fyrir stóru deildirnar í Evrópu. Það hafi ekkert breyst undanfarin 15 ár og líklega verði það alltaf svo.

Backe hefur ávallt haldið sig við leikaðferðina 4-4-2 og notað hana allar götur frá því að hann tók þátt í þjálfaranámskeiði með Bob Houghton og Sven Göran Eriksson fyrir 24 árum. Undanfarin 10 ár hefur hann samt sem áður þurft að aðlaga þessa taktík nýjum áherslum.

„Þegar ég starfaði í Austurríki sá ég að í hverju einasta liði þarf að vera pláss fyrir eitt eða tvö sirkusljón, leikmenn sem geta tekið upp á óvæntum hlutum og klárað jafna leiki og boðið áhorfendum upp á skemmtiatriði. Frá byrjun var hugsunin á bak við leikkerfið 4-4-2 að allir leikmenn myndu taka þátt í bæði varnar- og sóknarleik. Í dag er ég þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að hafa mjög sterka varnarlínu með nokkurs konar jóker á öðrum hvorum vængnum. Í FC Kaupmannahöfn er ég t.d. með Suður-Afríkumanninn Zuma. Ég er meðvitaður um að hann tekur ekki mikinn þátt í varnarleiknum. En svo framarlega sem hann getur platað andstæðingana og lagt upp mörk eða skorað upp á eigin spýtur er hann undanþeginn varnarskyldum sínum. Þetta snýst um að allir í liðinu samþykki sitt hlutverk inni á vellinum og innan þess sé líka pláss fyrir afgerandi sóknarmenn,“ segir Backe.



**BRASILÍSKUR SNILLINGUR** Þessi besti knattspyrnumaður heims leikur best þegar hann fær að leika lausum hala. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

### Sækir í smiðju Phils Jackson

Ef til vill kemur mörgum á óvart að Backe hefur sótt ýmislegt í smiðju körfuboltans þegar kemur að skipulagi en þó sérstaklega sálfræðiþætti fótboltans. Phil Jackson, sem gerði Chicago Bulls að stórveldi með kónginn Michael Jordan innanborðs, er helsta fyrirmynd Backe og eru hillur sænska þjálfarans fullar af bókmenntum og DVD diskum með Jackson.

„Körfubolti er ofurskipulögð íþrótt með fleiri taktíska möguleika en nokkur önnur íþróttagrein. Þessa vegna hefur ég lagt mig í líma við að rannsaka hvernig Phil Jackson gerði Chicago Bulls að meistaraliði NBA. Vandamálið sem Jackson stóð frammi fyrir, þegar hann tók við félaginu, var að í þrjú ár hafði besti körfuboltamaður heims, Michael Jordan, spilað með liðinu en því hafði ekki gengið vel. Fyrir utan snilldar þríhyrningsleikkerfi var galdurinn hjá Jackson í stuttu máli að „óeigingirni borgar sig“. Þegar allir leikmenn liðsins voru með hlutverk sitt á hreinu og sættu sig við það, fór liðsheildin að virka. Slíkt hafði í för með sér að meðaltalið hjá Jordan fór úr 35 stigum niður í 24 í hverjum leik, að Dennis Rodman hirti að meðaltali 11 fráköst í leik í staðinn fyrir 19 og að leikmenn eins og Scottie Pippen og Steve Kerr fengu stærra hlutverk í liðinu. „Þetta snýst allt um leikkerfið“ var frasi sem Jackson notaði og þetta varð til þess að Bulls varð NBA meistari sex ár af



**„ÓEIGINGIRNI BORGAR SIG“** Phil Jackson körfuboltaþjálfari er almennt talinn einn klárasti þjálfari í heimi. Það sem hann gerði á sínum tíma með Chicago Bulls var með ólíkindum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

sjö,“ segir knattspyrnuþjálfarinn Backe.

Auðvelt er að yfirfæra þessa heimspeki yfir á fótboltann. Þegar listamenn eins og Ronaldinho, Zlatan Ibrahimovic eða Ronaldo fá að leika lausum hala innan skipulagsins og allir sætta sig við það eru lið þeirra hvað hættulegust. Backe segir að Carlos Queiroz hafi mistekist þetta hjá Real Madrid í fyrra. Einnig voru súperstjörnur Real Madrid úti um allar koppagrundir að sinna ýmsum auglýsingasamningum, komu úrvinda í vikulokin á æfingar og gátu ekkert í leikjunum.

### Scolari notar tölfræðina

Luiz Felipe Scolari, landsliðsþjálfari Portúgals, sem gerði Brasilíu að heimsmeistara, sagði á þjálfararáðstefnu skömmu eftir HM að hann notaði tölfræði til þess að sýna leikmönnum fram á hvað þeir þyrftu að bæta en Scolari fór yfir úrslitaleik Brasilíu og Þjóðverja á ráðstefnunni.

„Hlutverk þjálfarans er að gera leikmönnum grein fyrir hlutverki sínu inni á vellinum í leiknum og til að leikmenn læri það sem fyrir þá er lagt er mikilvægast af öllu að fara yfir tölfræði leiksins, sýna leikmönnum mistökin sem þeir gera, hversu margar feilsendingar, hversu margir skallaboltar töpuðust, hvort sem það er gert fyrir fyrirlestri, videó- eða töflufundi,“ segir í samantekt Þjálfarafélags Íslands frá þjálfararáðstefnu í Tyrklandi í nóvember 2005. Þegar Scolari tók við brasilíska landsliðinu stokkaði hann upp og treysti ekki bara á sóknarleikinn.

Hinn sænski Backe bendir á að fótboltamenn séu sífellt líkamlega betur þjálfaðir. Æfingamagnið eykst stöðugt og leikmenn verða fljótari og sterkari og hraði leiksins hefur aldrei verið eins mikill. Slakari liðin spila aftarlega á vellinum gegn sterkari andstæðingum.

„Þá verður sterkara liðið að hafa þolinmæði en um leið gæta sín að fá ekki á sig mark snemma leiks úr skyndisókn. Liðið verður að láta boltann ganga vel innan liðsins til þess að þreyta andstæðingana og klára svo leikinn síðustu 20-25 mínúturnar.

Þegar ég þjálfaði austurríska landsliðið á sínum tíma og við mættum Ítalíu, lét ég varnarmanninn Winkelhofer taka Del Piero úr umferð. Eftir leikinn sagði : „Del Piero er tíu sinnum betri en ég. Í 65 mínútur hafði ég góðar gætur á honum en það sem eftir lifði leiks átti ég ekki möguleika nema að fá góða hjálp.“ Ítalía vann leikinn 1-0.“

### Ekki samræmi milli markmiða og leiða

Íslensk knattspyrnuþjálfun hefur einnig verið í brennidepli. Viðar Halldórsson, lektor í íþróttafræðum við KÍ, flutti erindi á ráðstefnu Þjálfarafélags Íslands fyrir skömmu. Erindið byggði hann á meistaraprófsverkefni í íþróttafélagsfræði þar sem hann beindi sjónum að knattspyrnuþjálfaranum sem lykilaðila í íþróttinni. Viðar sagði að starf knattspyrnuþjálfarans væri flókið og margþætt og þjálfaraskipti hér á landi tíð, líftími þjálfara í starfi stuttur og þjálfaraskiptin fyrst og fremst vegna lélegs árangurs í leikjum. Niðurstöður Viðars gefa til kynna að frammistaða liða batnar í flestum tilvikum þegar skipt er um þjálfara en ekki sé samræmi milli markmiða íþróttarinnar og þeirra leiða sem þeim eru færar til að ná árangri.

Viðar benti á leiðir til að auka samræmið milli markmiða og leiða, eins og t.d. markvissari fræðsla til þjálfara um ákveðna þætti starfsins sem og fræðslu til annarra um eðli þjálfarastarfsins.

Niðurstöður Viðars gefa því sterkar vísbendingar um að fagleg stjórnun hjá íslenskum knattspyrnudeildum sé verulega ábótavant og þar þurfi að taka til hendinni.



ÍÞRÓTTIR
ÞORSTEINN GUNNARSSON
Knattspyrna í nýju ljósi – 3. hluti

**NÆST:**
Bosman-dómurinn afnam þrælahald.

**Heimildir:**
Guardian, Göteborgs-Posten,

PORSCHE
**Notaður lúxusbíll**
PORSCHE

## 911 Turbo

**Einn af örfáum bílum frá Weissach**

- Nýskráður 3.2003
- Ekinn 12 þús.
- Yfir 450 hö
- Hámarkshraði 318 km/klst
- 4,1 sek. 0 - 100 km/klst
- Ótrúlegir aksturseiginleikar

**- Porsche 911 var kjörinn besti sportbíllinn frá upphafi**

**Verð kr. 12.900.000,-**




Bílabúð Benna

# Ertu í húsgagnaleit?

Nýjar sendingar af vönduðum sófasettum á frábæru verði o.m.fl.




Vandað leðursófassett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt




Vandað leðursófassett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt og koníaksbrúnt




Vandað leðursófassett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt og koníaksbrúnt




Vandað leðursófassett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt og ljóst




Vandað leðursófassett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Rauðbrúnt




Vandað leðursófassett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt, koníaksbrúnt og ljóst

## Opið sunnud. 13-16

**Mikið úrval af hornsófum, ófasettum og hvíldarstólum**

## Kíktu í dag...

**Opið**

Virka daga kl.10-18
Laugard. kl.11-16
Sunnud. kl.13-16

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

**Sími 581-2275 ■ 568-5375**



**OLD TRAFFORD** Mun halda sínu víðþekkta nafni um ókomna tíð.

Old Trafford í Manchester:

## Ekki skírður upp á nýtt

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Manchester United segja að það komi ekki til greina að láta heimavöll liðsins heita eftir nýjum styrktaraðila félagsins, sama hvaða fyrirtæki það verður sem Man. Utd ákveður að semja við.

Eins og fram kom í fjölmiðlum í gær ákvað Vodafone að slíta samstarfinu við Man. Utd í lok tímabilsins og er félagið því í leit að nýjum styrktaraðila til að taka stöðu Vodafone á keppnistreyju liðsins. Mjög þekkt er að heimavöllur félaga í Englandi sé nefndur í höfuðið á aðalstyrktaraðila þess en það taka forráðamenn Man. Utd ekki í mál.

„Old Trafford verður alltaf Old Trafford. Við ætlum ekki að semja við neinn á grundvelli þess að við þyrftum að breyta nafninu á heimavellinum,“ sagði talsmaður Man. Utd í gær. **- vig**



**GIANCARLO FISICHELLA** Keyrir hratt í formúlu 1 ¿ og á götum Rómar.

Giancarlo Fisichella:

## Sviptur almenna ökuleyfinu

**FORMÚLA** Ítalski ökuþórinn Giancarlo Fisichella hefur verið sviptur ökuskírteini sínu eftir að hafa ekið á 148 km hraða á götu í Rómarborg í gær þar sem leyfilegur hámarkshraði er 60 km. Talið er að Fisichella muni fá akstursleyfið að nýju eftir einhverja mánuði en hann var sviptur leyfinu á staðnum.

Fisichella bar fyrir sig að hann hefði verið á hraðferð heim til að hlúa að syni sínum, en barnfóstra hans hafði hringt í Fisichella og sagt honum að sonur hans væri kominn með háan hita. Lögreglan kippti sér lítið upp við afsökun formúlu 1 ökumannsins en líklega verður það dómstóla að skera úr um hvort Fisichella eigi sér einhverjar málsbætur.

# Pressuvörn KR skilaði góðum sigri á gestunum

**Stíf pressuvörn í upphafi seinni hálfleiks lagði grunninn að góðum sigri KR á Hamar/Selfoss í Frostaskjólinu í gær.**

**KÖRFUBOLTI** „Í hálfleik töluðum við um að styrkja varnarleikinn, enda er það óásættanlegt að fá á sig 45 stig í einum hálfleik að okkar mati. Við keyrðum því að miklum hraða í byrjun seinni hálfleiks og spiluðum stífapressuvörn, og héldum hraðanum þokkalega seinnipart leiks. Þetta var frekar þægilegur sigur þegar upp var staðið,“ sagði Pálmi Sigurgeirsson sem lék afar vel í liði KR sem vann þægilegan 92-79 sigur á Hamar/Selfoss.

KR-ingar mættu ákveðnir til leiks á heimavelli sínum í Frostaskjólinu í gærkvöldi og pressuðu leikmenn Hamar/Selfoss stíft á upphafsmínútunum.

Baldur Ólafsson sýndi mátt sinn á þessum kafla og skoraði sjö af fyrstu tólf stigum KR, þar á meðal fallega þriggja stiga körfu en Baldur heldur sig oftar en ekki undir körfunni.

Leikmenn Hamar/Selfoss gáfust þó ekki upp og tókst að komast inn í leikinn með skynsömum leik, og var það sérstaklega stórleikur Clifton Cook í öðrum leikhluta sem kom þeim inn í leikinn, en Cook skoraði í honum 12 stig og var allt í öllu í sóknarleik Hamar/Selfoss. Staðan í hálfleik var 49-45 KR í vil.

Líkt og í fyrri hálfleik byrjaði KR á mikilli pressuvörn sem Hamar/Selfoss réð ekki við. Pálmi Sigurgeirsson fór mikinn á þessum tíma og skoraði þrjár mikilvægar þriggja stiga körfur, auk þess að láta vel finna fyrir sér í varnarleiknum.



**KALDAL KEYRIR AÐ KÖRFU** Steinar Kaldal keyrir hér að körfu gestanna en hann skoraði fjögur stig í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á þessum upphafskafla tókst KR-ingum að skora 20 stig gegn fjórum stigum Hamar/Selfoss og var eins og gestirnir væru að gefa eftir. En ágætur lokasprettur liðsins lagaði stöðuna nokkuð, en það munaði mikið um að Clifton Cook komst lítt áleiðis seinni part leiksins, enda vörn KR þétt og samstíga og það var gestaliðinu ofviða að reyna brjóta hana niður.

KR-liðið lék oft á tíðum ágætis körfubolta og náði að halda uppi ágætis hraða allan leikinn, sem baráttuglatt lið Hamar/Selfoss tókst ekki að ráða nægilega vel við. Ef heldur áfram sem horfir má búast við KR liðinu mun sterkara en það er í dag í næstu leikjum, þar sem leikmenn liðsins eru alltaf að ná betur og betur saman.

**magnush@frettabladid.is**



**BARÁTTA** Leikmenn Alkmaar og Boro börðust hatramlega í Hollandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Grétar Rafn Steinsson stóð í Alkmaar:

## Tæklaði Boateng með látum

**FÓTBOLTI** Það var hart barist í leik Middlesbrough og AZ Alkmaar í UEFA-bikarnum í gær. Alkmaar var mun betra liðið í leiknum en leikmenn Middlesbrough vörðust mjög vel en þeir hafa enn ekki fengið á sig mark í keppninni.

Leikurinn fór fram í Hollandi við erfiðar aðstæður en það helliringdi allan leikinn og völlurinn var mjög þungur enda eitt drullusvað. Að því er fram kemur á vef BBC var nokkuð um ljótar tæklingar og var minnst sérstaklega á tæklingu George Boateng á Grétari Steinssyni en Boateng fékk gult fyrir brotið.

Siglfirðingurinn kappsami lét hollenska landsliðsmanninn ekki komast upp með neina takta og svaraði rækilega í sömu mynt skömmu síðar og fór einnig í svörtu bókina hjá dómaranum.

Ugo Ehiogu og Chris Riggott er þakkað að Alkmaar skoraði ekki í leiknum en þeir áttu stórleik í vörn Boro.

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Iceland Express-deild karla:*

| | |
|---|---|
| KR-HAMAR/SELFOSS | 92-79 |

**Stig KR:** Pálmi Freyr Sigurgeirsson 18, Omari Westley 18, Níels Dungal 13, Baldur Ólafsson 11, Brynjar Björnsson 9, Skarphéðinn Ingason 5, Darri Hilmarsson 4, Steinar Kaldal 4, Ellert Arnarsson 3, Jón Baldvinsson 2.

**Stig Hamars:** Clifton Cook 25, David Aliu 16, Svavar Pálsson 15, Friðrik Hreinsson 13, Atli Örn Gunnarsson 6, Bragi Bjarnason 4.

| | |
|---|---|
| HAUKAR-ÞÓR AK. | 73-75 |

**Stig Hauka:** DeAndre Hulett 21, Morten Szmiedowics 16, Sævar Haraldsson 15, Sigurður Einarsson 9, Lúðvík Bjarnason 6, Þórður Gunnþórsson 3, Gunnar Sandholt 2.

**Stig Þórs:** Mario Myles 17, Hrafn Jóhannesson 16, Þorsteinn Húnfjörð 13, Guðmundur Oddsson 11, Helgi Margeirsson 10, Magnús Helgason 5, Jón Kristjánsson 2, Bjarki Oddsson 1.

| | |
|---|---|
| FJÖLNIR-HÖTTUR | 104-74 |
| GRINDAVÍK-KEFLAVÍK | 101-108 |

**Stig Grindavíkur:** Jeremiah Johnson 37, Páll Axel Vilbergsson 20, Guðlaugur Eyjólfsson 20, Páll Kristinsson 12, Þorleifur Ólafsson 12, Hjörtur Harðarson 4, Pétur Guðmundsson 2.

**Stig Keflavíkur:** AJ Moye 30, Magnús Gunnaarsson 19, Zlatko Gocevski 18, Gunnar Einarsson 16, Gunnar Stefánsson 9, Arnar Freyr Jónsson 7, Jón Nordal Hafsteinsson 5, Sverrir Þór Sverrisson 2, Halldór Örn Halldórsson 2,

| | |
|---|---|
| NJARÐVÍK-SNÆFELL | 103-78 |

**Stig Njarðvíkur:** Brenton Birmingham 29, Jeb Ivey 24, Friðrik Stefánsson 16, Örvar Kristjánsson 11, Egill Jónasson 10, Guðmundur Jónsson 8, Ragnar Ragnarsson 3, Hjörtur Einarsson 2.

**Stig Snæfells:** Nate Brown 24, Jón Ó. Jónsson 18, Magni Hafsteinsson 11, Igor Beljanski 10, Helgi Guðmundsson 8, Lýður Vignisson 5, Sveinn Davíðsson 2.

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **NJARÐVÍK** | **7** | **7** | **0** | **570-407** | **14** |
| GRINDAVÍK | 7 | 5 | 2 | 699-600 | 10 |
| **KEFLAVÍK** | **5** | **5** | **0** | **381-330** | **10** |
| FJÖLNIR | 7 | 5 | 2 | 657-614 | 10 |
| **KR** | **7** | **4** | **3** | **561-509** | **8** |
| ÍR | 6 | 3 | 3 | 514-527 | 6 |
| **SKALLAGR.** | **6** | **3** | **3** | **360-365** | **6** |
| ÞÓR AK. | 7 | 3 | 4 | 541-593 | 6 |
| **HAMAR/SELF.** | **7** | **2** | **5** | **579-692** | **4** |
| SNÆFELL | 6 | 2 | 4 | 563-572 | 4 |
| **HAUKAR** | **7** | **0** | **7** | **542-612** | **0** |
| HÖTTUR | 6 | 0 | 6 | 455-588 | 0 |

### *Konungsdeildin:*

| | |
|---|---|
| MIDTJYLLAND-VALERENGA | 4-0 |

**Árni Gautur** Arason lék allan leikinn fyrir Valerenga og átti erfiðan dag.

| | |
|---|---|
| START-HAMMARBY | 2-4 |

**Jóhannes Harðarsson** var í byrjunarliði Start en fór af velli á 72. mínútu.

| | |
|---|---|
| LYN-IFK GÖTEBORG | 1-0 |

**Stefán Gíslason** var í byrjunarliði Lyn en Hjálmar Jónsson sat á bekknum hjá Göteborg.

| | |
|---|---|
| AAB-DJURGARDEN | 1-3 |

**Kári Árnason** byrjaði á bekk Djurgarden en kom af honum á 67. mínútu.

### *UEFA-bikarinn:*

| | |
|---|---|
| VIKING-SLAVIA PRAG | 2-2 |
| MONACO-HSV | 2-0 |
| HALMSTAD-SAMPDORIA | 1-3 |
| HERTHA BERLIN-LENS | 0-0 |
| AZ ALKMAAR-MIDDLESBROUGH | 0-0 |

**Grétar Rafn** Steinsson lék allan leikinn fyrir AZ Alkmaar og fékk gult spjald á 71. mínútu.

| | |
|---|---|
| TROMSÖ-RAUÐA STJARNAN | 3-1 |
| ROMA-STRASBOURG | 1-1 |
| CSKA MOSKVA-LEVSKI SOFIA | 2-1 |
| MARSEILLE-HEERENVEEN | 1-0 |
| PAOK SALONIKI-STUTTGART | 1-2 |
| VITORIA GUIMARAES-BOLTON | 1-1 |

Kosningabarátta í íþrótta- og ólympíusambandi Íslands framundan:

# Ingólfur Hannesson orðaður við forsetaembættið

**ÍÞRÓTTASTARF** Jónas Egilsson, formaður Frjálsíþróttasambands Íslands, vonast til þess að Ingólfur Hannesson verði næsti forseti Íþrótta- og ólympíusambands Íslands, en það liggur fyrir að Ellert B. Schram mun hætta sem forseti sambandsins á næsta aðalfundi. „Það er augljóst mál að það mun ný manneskja verða forseti sambandsins. Mér finnst Ingólfur Hannesson álitlegur kostur. Hann hefur mikla reynslu og þekkingu á íþróttahreyfingunni og þekkir því vel til þess hvernig málin ganga fyrir sig.“

Ingólfur Hannesson, sem nú starfar sem yfirmaður Íþróttasviðs evrópskra sjónvarps- og útvarpsstöðva, segist hafa heyrt af áhuga manna á því að hann bjóði sig fram til forseta. „Mér er kunnugt um að menn innan íþróttahreyfingarinnar hafa verið að ræða mitt nafn í þessu samhengi. Ég er í góðu starf í Genf eins og stendur og er nú ekki mikið að hugsa um þessi mál núna. En ég hef ekki tekið ákvörðun um það hvort ég ætla að bjóða mig fram því þetta mál er á algjöru frumstigi. Það eru aðrir en ég sem hafa verið að orða mig við þetta embætti. Ég er í leyfi frá starfi mínu á Ríkisútvarpinu og það stefnir allt í það að ég flytji, ásamt fjölskyldu minni, aftur heim til Íslands næsta sumar.“

Sigríður Jónsdóttir, varaforseti Íþrótta- og ólympíusambands Íslands, hefur lýst því yfir að hún hafi hug á því að taka við forsetastöðunni af Ellerti. „Ég hef gegnt varaforsetastöðunni frá árinu 1997. Mér finnst eðlilegt skref á mínum ferli að reyna að komast í forsetastöðuna á þessum tímapunkti, og ég vona að ég hafi stuðning til þess.“

Formenn sérsambanda íþróttahreyfingarinnar hittast í dag á fundi í Keflavík, þar sem þessi mál verða örugglega rædd enn frekar. **- mh**



**INGÓLFUR HANNESSON** Ingólfur starfar nú sem yfirmaður íþróttasviðs samtaka evrópskra sjónvarps- og útvarpsstöðva í Genf.



**LOGI GUNNARSSON** Logi hefur verið besti leikmaður Bayreuth það sem af er tímabili og vonast til þess að liðið komist í úrvalsdeildina.

Góð frammistaða Loga Gunnarssonar vekur athygli:

# Vissi ég gæti þetta

**KÖRFUBOLTI** Logi Gunnarsson, leikmaður Bayreuth í þýsku 1.deildinni, hefur farið mikinn það sem af er keppnistímabili og er einn af stigahæstu leikmönnum deildarinnar, með 19,3 stig að meðaltali í leik. Logi hefur sýnt allar sínar bestu hliðar og er búinn að vera besti leikmaður Bayreuth.

„Það hefur gengið vel hjá mér og ég er sáttur við framlag mitt til liðsins. Við höfum unnið sex leiki og tapað þremur, sem er alveg ásættanlegt.“

Logi hefur leikið mikið sem leikstjórnandi á tímabilinu eftir að einn þriggja Bandaríkjamanna í leikmannahópnum var rekinn frá liðinu, en Logi hefur lengst af spilað sem skotbakvörður.

„Ég hef skilað leikstjórnandahlutverkinu þokkalega finnst mér. Ég fæ að hlaupa svolítið inn að körfunni, sem hentar mér ágætlega. Nú þarf ég að halda áfram að æfa aukalega og bæta mig. Aðeins þannig get ég komist eins langt og ég vil komast.“ **- mh**

# ERTU AÐ LEITA?

Yfir **20.000** titlar af tónlist, DVD og tölvuleikjum

## ÓDÝRASTA TÓNLISTIN...



1.599 kr.
Leone Tinganelli-Volo Libero



1.599 kr.
Írafár - Írafár


1.599 kr.
Bjarni Ara - Svíng



1.599 kr.
Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar
Ég skemmti mér



1.599 kr.
Skítaómrall - Má ég sjá

## MESTA ÚRVALIÐ AF DVD TÓNLIST...



1.999 kr.
Pixies - Sell Out 2004 Reunion Tour



1.999 kr.
Keane - Strangers



1.999 kr.
Jamie Cullum - Live at Blenheim



1.999 kr.
U2 Vertigo - Live from Chicago



1.999 kr.
Paul McCartney-In Red Square

## GÓÐAR OG ÓDÝRAR DVD MYNDIR...



999 kr.
13 Going On 30



999 kr.
As Good As It Gets



999 kr.
Cable Guy



999 kr.
Daddy Day Care



999 kr.
Hollywood Homicide

BaseCamp

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

S·K·Í·F·A·N
skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„New lovers are nervous and tender, but smash everything. For the heart is an organ of fire.“**

**Svar:**
Almásy úr kvikmyndinni The English Patient frá árinu 1996

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** **Bergstein Sigurðsson** **minnti að Lögregluskólinn hefði verið öllu verri**

## *Breyttir tímar og gamlar myndir*

Ríkisútvarpið hefur ákveðið að gera skurk í sínum málum sem er vel. Ég heyri ekki betur en að dægurmálaútvarpið hafi tekið jákvæðum breytingum með nýjum mannskap. Sem betur fer halda sumir þættir í horfinu, til dæmis Spegillinn – besti fréttskýringaþáttur landsins. Hjálmar Sveinsson er erkitöffari íslenskra ljósvakamiðla og fer fyrir harðskeyttu teymi sem er óhrætt við að kafa.
Sjónvarpsauglýsingar fyrir þáttinn komu hins vegar spánskt fyrir sjónir. Hjálmar í Húsdýragarðinum að gefa skepnum hey. Ég tengdi það ekki við gagnrýna fréttamennsku einhverra hluta vegna. Kannski er hugmyndin sú að Spegillinn skilji sauðina frá höfrunum og gefi þeim síðan gras? En Páll Magnússon hefði að ósekju alveg mátt kasta nokkrum þúsundköllum í prodúseraða auglýsingu fyrir eitt af flaggskipum stofnunarinnar.
Skjár einn hefur tekið upp á því að endursýna myndirnar um Lögregluskólann. Mig minnti endilega að þetta hefði verið hreinræktað rusl en það má alveg brosa út í annað á stöku stað. Það sama má því ekki segja um Sunnudagsþáttinn sem er kannski leiðinlegasti þáttur á dagskrá á Íslandi í dag. Sunnudagsþátturinn er það besta sem hefur komið fyrir Silfur Egils. Ekki þar með sagt að Egill sé óaðfinnanlegur. Það er löngu kominn tími til að hann flikki aðeins upp á þáttinn og hleypi nýju fólki á settið. En hver veit, kannski er hann bara ekki mikið fyrir breytingar?
Kastljós býður reglulega upp á bókagagnrýni þar sem Jón Yngvi Jóhannsson fræðir landann um hvað er þess virði að lesa. Hann skilar sínu yfirleitt með prýði, en það skiptir miklu máli hver situr á móti honum. Kristjáni Kristjánssyni tekst öðrum betur að gera þetta að afslöppuðu spjalli um bókmenntir.



**SUNNUDAGSÞÁTTURINN** Lögregluskólinn er hátíð miðað við þennan þátt.



▶ **20.40** *Bíó*
SUPERVOLCANO



▶ **21.50** *Keppni*
IDOL – STJÖRNULEIT 3



▶ **21.15** *Heimildaþáttur*
CAPTURING THE FRIEDMANS



▶ **20.00** *Keppni*
SPURNINGAÞÁTTURINN SPARK



▶ **21.00** *Póker*
WORLD POKER TOUR 2

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Tobbi tvisvar (13:26) **18.25** Villt dýr (13:26)

**18.30 Fjársjóðsleitin (1:6)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Latibær**
▶ **20.40 Risaeldgosið** (Supervolcano) Bresk sjónvarpsmynd. Sagan gerist árið 2020 og í henni rifja gamlir vísindamenn í Yellowstone-þjóðgarðinum í Bandaríkjunum upp skelfinguna sem greip um sig þegar ljóst varð að eldgos yrði í garðinum.
**22.35 Barnaby ræður gátuna: Dauði og draumar** (Midsomer Murders: Death and Dreams) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.

**0.15** Aðlögun (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 14 ára. e) **2.05** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (9:145) **10.20** 1-800-Missing (15:18) **11.00** Það var lagið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Joey (3:24) **13.35** George Lopez (9:24) **14.00** Night Court (3:22) **14.25** Fresh Prince of Bel Air **14.50** Punk'd (8:8) (e) **15.15** Apprentice 3, The (4:18) **16.00** Shin Chan **16.20** Beyblade **16.40** Barney **17.05** Skúli og Skafti **17.20** Simpsons **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**20.00 Arrested Development**
▶ **20.30 Idol – Stjörnuleit 3** (Stúdíó / NASA – 2. Hópur) Þrjátíu og fimm manna úrslit eru nú hafin á NASA. Fjórir þættir. Í hverjum þætti fá sjö keppendur tækifæri til að syngja fyrir dómnefnd og sannfæra hana um að þeir eigi erindi í sjálfa tíu manna úrslitakeppnina í Smáralindinni.
**21.20 Punk'd (2:16)**
**21.50 Idol – Stjörnuleit 3** (Stúdíó / NASA – Atkvæðagreiðsla um 2. hóp)
**22.15 Listen Up (6:22)** (Takið eftir) Nýir gamanþættir.
**22.40 Blue Collar TV (15:32)** (Grínsmiðjan) Bráðskemmtilegir grínþættir.

**23.05** Torque (B. börnum) **0.25** Eight Legged Freaks (B. börnum) **2.00** Touch of Frost: Another Life **3.40** Rush Hour 2 (B. börnum) **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Laguna Beach (8:11)**
**19.30 Idol extra 2005/2006** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjörnuleitina.
**20.00 Sirkus RVK** Sirkus Rvk er nýr þáttur í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar. Ekki láta hann framhjá þér fara.
**20.30 Joan Of Arcadia (21:23)** (Vanity, Thy Name Is Human)
▶ **21.15 Capturing the Friedmans** Sláandi heimildarmynd um fjölskyldu sem virðist á yfirborðinu veraofurvenjuleg og hamingjusöm en liðast í sundur þegar faðirinn er kærðurásamt yngsta syni sínum fyrir að hafa kerfisbundið misnotað börn.

**23.00** Weeds (8:10) **23.35** Ford fyrsætukeppnin 2005 **0.05** HEX (8:19) **0.50** David Letterman **1.35** David Letterman

### SKJÁREINN

**17.25** Cheers **17.50** Upphitun **18.20** Íslenski bachelorinn (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 The King of Queens (e)** Aðalhetjan er Doug Heffernan, póstsendillinn íturvaxni.
▶ **20.00 Spurningaþátturinn Spark** Spark er splunkunýr spurningaþáttur um fótbolta og fótboltatengt efni.
**20.35 Charmed**
**21.20 Complete Savages** Jólin eru að koma og Nick biður strákana að fá sér vinnu.
**21.45 Ripley's Believe it or not!**
**22.30 The Grubbs – NÝTT!** Í Grubb-fjölskyldunni eru eintómir minnipokamenn, margar kynslóðir aftur í tímann.

**23.00** Battlestar Galactica **23.45** Íslenski bachelorinn (e) **0.40** Silvía Nótt (e) **1.05** New Tricks (e) **2.00** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**16.20** UEFA Champions League **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 NFL-tilþrif** Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.
**19.00 Gillette-sportpakkinn**
**19.30 Fifth Gear** (Í fimmta gír) Breskur bílaþáttur af bestu gerð.
**20.00 Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta.
**20.30 UEFA Champions League** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur)
▶ **21.00 World Poker Tour 2** (HM í póker) Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn.
**22.30 Hnefaleikar** (Kostya Tszyu – Ricky Hatton)

**0.30** Die Hard (Stranglega bönnuð börnum)

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Barbershop (B. börnum) **8.00** Race to Space **10.00** The Majestic **12.30** The Haunted Mansion **14.00** Race to Space **16.00** The Majestic **18.30 The Haunted Mansion** (Draugahúsið) **20.00 Barbershop** (Rakarastofan) Gamanmynd um lífið á rakarastofu í suðurhluta Chicago. Bönnuð börnum. **22.00 The Foreigner** (Pakkaferðalag) Alvöruhasarmynd. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Trois 2: Pandora's Box (Str. b. börnum) **2.00** In the Shadows (Str. b. börnum) **4.00** The Foreigner (Str. b. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Gastineau Girls **14.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **15.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **16.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **17.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** The Soup UK **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **22.00** Rich Kids: Cattle Drive **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** The Soup UK **1.00** Rich Kids: Cattle Drive

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Liverpool – Portsmouth frá 19.11 **16.00** Charlton – Man. Utd. frá 19.11 **18.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)
**19.00 Upphitun**
**19.30 Spurningaþátturinn Spark (e)**
**20.00 Spurningaþátturinn Spark**
**20.30 Upphitun (e)**
**21.00 Að leikslokum (e)**
**22.00 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)**
**23.00** Upphitun (e) **23.30** Man. City – Blackburn frá 19.11 (e) **1.30** Dagskrárlok

NÝ ÚTGÁFA KOMIN TIL LANDSINS

**Fimm í fjársjóðsleit á Fagurey**

Hver man ekki eftir **Fimm-bókunum** og **Ævintýra-bókunum**. Hér eru þær komnar aftur í nýrri útgáfu til óblandinnar ánægju fyrir öll börn og unglinga – og jafnvel foreldra þeirra, afa og ömmur!




KLASSÍSKAR BARNABÆKUR

**ÆVINTÝRA fjallið**

Þessar skemmtilegu og spennandi sögur hins kunna höfundar **Enid Blyton** fjalla um nokkur börn og vini þeirra úr dýraríkinu sem lenda í ótrúlegustu ævintýrum.

Enid Blyton

ÚTKALL
Sími 562 2600

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## Adaptation — Sjónvarpið kl. 00.15

### *Höfundur í ástarsorg*

Þessi margverðlaunaða bandaríska mynd segir frá handritshöfundi sem er í ástarsorg en reynir um leið að skrifa kvikmyndahandrit. Hann kemst ekkert áfram með verkefnið og ákveður að leita hjálpar hjá tvíburabróður sínum, Donald, sem á mjög auðvelt með að skrifa handrit þó hæfileikar hans séu ekki áberandi. Leikstjóri er Spike Jonze og meðal leikenda eru Nicolas Cage, Meryl Streep og Chris Cooper. Handritshöfundurinn, Charlie Kaufman, hefur verið ein skærasta stjarna kvikmyndabransans undanfarin misseri.

*Nicolas Cage leikur aðalhlutverkið í Adaptation*



## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Birta **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

**20.00** Allt og sumt e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Fjallkonur fyrr og nú **20.30** Kvöldtónar **21.00** Rithöfundurinn C. S. Lewis **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari **10.03** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar

**18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Popp og ról

**22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**07.00** *Spjall*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttaþáttur **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður

**19.35** **Kvölddagskrá** 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn.20.10 Endurtekinn þáttur frá liðinni helgi.

**21.10** **48 Hours** (48 stundir)(Sex, Lies And The Doctor's Wife)Bandarískur fréttaskýringaþáttur.

**21.55** **Kvölddagskrá** 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn.20.10 Endurtekinn þáttur frá liðinni helgi.

**23.00** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.15** Football: UEFA Champions League **13.15** Biathlon: World Cup Oestersund Sweden **14.00** Football: UEFA Champions League **15.00** Football: UEFA Champions League **16.00** Ski Jumping: World Cup Kuusamo Finland **16.15** Ski Jumping: World Cup Kuusamo **18.00** Biathlon: World Cup Oestersund Sweden **18.30** Football: Top 24 Clubs **19.00** Football: UEFA Champions League **20.00** Football: UEFA Champions League **21.00** Strongest Man: Grand Prix Norway **22.00** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **22.30** Xtreme Sports: Xgames 05 **23.30** Adventure: X – Adventure Raid Series **0.00** Football: Top 24 Clubs

**BBC PRIME**

**12.00** To the Manor Born **12.30** Dad's Army **13.00** Ballykissangel **14.00** Teletubbies Everywhere **14.10** Bill and Ben **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Binka **14.30** Boogie Beebies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** 50/50 **16.00** How to Be a Gardener **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Holby City **19.00** The Life of Mammals **20.00** The Office **20.30** The Office **21.00** Knowing Me, Knowing You... With Alan Partridge **21.30** The Way We Live Now **22.45** Black Cab **22.55** Black Cab **23.05** Cutting It **0.00** Blood of the Vikings **1.00** Alexander the God King

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Meerkat Manor **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** Predator's Prey **14.00** Killing for a Living **15.00** Animal Cops Houston **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** Big Cat Diary **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** Chimpanzee Diary **19.30** Predator's Prey **20.00** Animal Precinct **21.00** Miami Animal Police **22.00** Meerkat Manor **22.30** Monkey Business **23.00** Venom ER **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Animal Precinct

**DISCOVERY**

**12.05** UFO Story **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Fishing on the Edge **14.00** Extreme Engineering **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** The Scrappy Races **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Brainiac **21.00** Biker Build-Off **22.00** Supersonic **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files

**MTV**

**12.00** Making The Video Foo Fighters „The One“ **12.30** Foo Fighters Weekend Music Mix **13.00** Mtv Live Foo Fighters **14.00** Wishlist **15.00** Trl **16.00** Dismissed **16.30** Just See Mtv **17.30** Mtv.new **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Punk'd **19.30** Viva LA Bam **20.00** Wild Boyz **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 AT Ten – Foo Fighters **22.00** I Want A Famous Face **22.30** Wonder Showzen **23.00** Party Zone

**VH1**

**12.00** Smells Like the 90's **12.30** So 80s **13.00** VH1 Hits **15.00** VH1 Weekly Album Chart **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewers Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** MTV at the Movies **20.00** VH1 All Access **20.30** All Access **21.00** MTV Live REM **22.00** Friday Rock Videos **0.30** Flipside **1.00** Chill Out **1.30** VH1 Hits






## HRÓSIÐ

*...fær William Hung fyrir að vera alltaf svona jákvæður.*

REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR LÆRIR AF REYNSLUNNI

# *Vinnustaðaflört*



Eitthvað sem ég held að flest allir ef ekki allir upplifi á lífsleiðinni er að standa í flörti á vinnustað. Það er þó ekki þannig að það hafi verið ætlunin frá fyrsta vinnuviðtali að finna sér einhvern til að daðra við á daginn þegar makinn sér ekki til. Einhverra hluta vegna æxlast það yfirleitt þannig að manni tekst að finna sér einhvern til að titla „uppáhalds samstarfsmanninn“. Ég held að ég hafi alltaf átt mér einn slíkan nema kannski sumarið sem ég var að vinna í banka þar sem starfsfólkið samanstóð af tíu konum og einum karlmanni á „besta“ aldri. Það sumar var ég sérlega iðin vinnunni og hefur sjaldan þótt eins erfitt að koma mér af stað á morgnana. Svo ekki sé talað um hvernig ég klæddi mig upp fyrir daginn.

Fyrir nokkrum árum var ég að vinna á stað með fjórum afar laglegum mönnum. Það telst mjög gott skor tölfræðilega séð og ég var í essinu mínu í vinnunni. Þetta sumar var ég singúl í fyrsta sinn í mörg ár svo mér fannst ég mega dilla mér fram úr hófi, klæðast stuttum pilsum og vanda mig við að vera sæt. Að sjálfsögðu krýndi ég einn þeirra sem minn uppáhalds og passaði að hann sæi öll múvin mín.

Fljótlega var fyrsta vinnustaðardjammið haldið. Ég hafði afskaplega mikið fyrir því að líta vel út það kvöldið og mætti uppstríluð í besta dressinu mínu. Þegar líða tók á kvöldið vorum við farin að sýna hvort öðru einkennilega mikinn áhuga sem ég held að flestir hafi tekið eftir. Þar sem nokkur hvítvínsglös voru í höfn var athyglin á því farin að bresta. Í stuttu máli þá endaði þetta kvöld eins og flestir höfðu séð fyrir. Nema hvað að á leiðinni heim leið drengurinn út af og gubbaði í leigubílinn. Ég dröslaði honum inn til sín og undir sæng en skellti mér á sófann af hræðslu við að maginn hans gerði frekari uppreisn. Þegar ég vaknaði hjá honum daginn eftir, sem var nota bene vinnudagur, sást langar leiðir að hann langaði helst að gufa upp. Við tókum leigubíl saman í vinnuna með stuttu stoppi heima hjá mér til að skipta um föt. Þegar við komum í vinnuna ákváðum við að labba inn í hvort í sínu lagi og reyna að vera alveg eðlileg. Við vorum þó ekki eðlilegri en það að allt í einu vorum við hætt að tala saman í vinnunni og forðuðumst hvort annað eins og heitan eldinn. Aumingja drengurinn þorði varla að yrða á mig það sem eftir lifði sumars og ég einbeitti mér að öðrum vettvöngum deitlífsins.

Ég held að það sé mun vænlegra að standa í skemmtilegu flörti og láta það aldrei verða meira en flört. Það er mun vænlegra að halda skemmtanalátunum fyrir vinina og láta aldrei glitta í vitleysinginn í vinnunni.



LÁRÉTT
2 gáski 6 þys 8 knæpa 9 lofttegund 11 tveir eins 12 tárfelldu 14 hroki 16 ætíð 17 hár 18 enþá 20 samtök 21 karl.

LÓÐRÉTT
1 korntegund 3 í röð 4 limlesta 5 rönd 7 fiskur 10 út af fyrir sig 13 efni 15 örk 16 er 19 ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 fjör, 6 ys, 8 krá, 9 gas, 11 kk, 12 grétu, 14 dramb, 16 sí, 17 ull, 18 enn, 20 aa, 21 mann.
LÓÐRÉTT: 1 bygg, 3 jk, 4 örkumla, 5 rák, 7 sardína, 10 sér, 13 tau, 15 blað, 16 sem, 19 nn.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

1 Í lok ársins 2008
2 100 pör
3 Coca Cola






ÞÓRSTEINN JÓNSSON: HEIMUR SEM KOM Á ÓVART

# Fólkið á Hrafnistu kann að skemmta sér

Í gær var í Laugarásbíói frumsýnd heimildarkvikmyndin Ómur af söng en það er heimildarmynd eftir Þórstein Jónsson. Þar er brugðið upp mynd af lífinu á dvalarheimilum Hrafnistu bæði í Reykjavík og Hafnarfirði. Aðalpersónan er Guðný Þórðardóttir sem er 93 ára gömul en hvergi af baki dottin. Hún syngur í kórnum, áformar að setja á svið leikþátt og leika þar aðalhlutverkið. Þá koma einnig við sögu Sigurður Ólafsson sem segist vera kominn í Paradís og Klöru Tryggvason sem fær sínar heimsóknir aðallega í gegnum pakka og símtala þar sem flest börnin hennar búa erlendis.

Leikstjórinn var að vonum mjög spenntur fyrir frumsýningunni. „Þetta er mynd um hvernig það er að lifa inni á elliheimili og hvernig má hafa gaman af því,“ segir Þórsteinn en hann var á hraðferð niður í bíó til að taka á móti frumsýningargestum. „Þau eru á fullu í sköpun, syngja í kór og þjálfa líkamann,“ heldur hann áfram og bætir enn fremur við að það séu dansleikir í hverri viku. „Þetta er heimur sem kom mér á óvart,“ viðurkennir hann. Þórsteinn segir að menning þessarar kynslóðar fylgi þeim inn á heimilið og hann segist hafa velt því fyrir sér hvað unga fólkið taki með sér þegar þeirra tími komi. „Ætli það verði ekki tölvur og sjónvarp,“ segir hann og hlær. Myndin var eitt og hálft ár í vinnslu en hann byrjaði án þess að hafa einhverjar ákveðnar persónur í huga en svo hafi hann einbeitt sér að þeim persónum sem höfðu sögu að segja. „Það er enginn sögumaður sem leiðir til þess að það þarf að taka upp mikið efni þar sem myndirnar þurfa að segja alla söguna,“ útskýrir hann.



ÞÓRSTEINN JÓNSSON Frumsýndi í gær heimildarkvikmynd um íbúa á dvalarheimilum Hrafnistu í bæði Reykjavík og Hafnarfirði. Hrafnista hefur ákveðið að bjóða þjóðinni frítt á hana alla næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Leikstjórinn segir það hálf hryggilegt hvað unga fólkið hafi glatað mikið af samskiptum við eldri kynslóðina. „Við erum ekki að vanrækja þau heldur sjálf okkur. Það ætti í raun að vera opið hús á Hrafnistu þar sem ungu fólki gæfist kostur á að ræða við öldungana,“ segir Þórsteinn. Það var Hrafnista sem átti frumkvæðið að þessari mynd en Þórsteinn segir þetta þó vera langt frá því að vera kynningarmynd um dvalarheimilið. „Þeir eru það ánægðir að þeir ætla að bjóða þjóðinni frítt á myndina í næstu viku,“ segir Þórsteinn og reiknar enn fremur með því að myndin rati í sjónvarpið.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Betri helmingur bandaríska rokk dúettsins the White Stripes, Meg White, var stödd á útgáfutónleikum íslensku sveitanna AmPop og Worm is Green á Nasa á miðvikudagskvöldið. Tónleikar AmPop heppnuðust víst afar vel og meðlimir öruggir á sviðinu. Meðal annarra gesta voru tónlistarspekúlantarnir Andrea Jóns, Óli Palli og Ágúst Bogason á Rás 2 og Airwaves-mennirnir Árni E. og Egill Vínýll. Að sögn gesta var Meg hin hressasta og horfði á alla tónleikana. Jack White er farinn af landinu en kunnugir segja að Meg sé búin að hanga á barnum Sirkus öll kvöld. Það er því spurning hvort að hún gerist næsti Damon Albarn íslands og kaupi hlut í barnum.



Ein vinsælasta heimasíða landsins, www.fazmo.is, hefur lagt upp laupana og í staðinn er komin ný sem ber heitið www.tveir.is. Fazmo-klíkan varð fræg á einni nótt þegar hún var bendluð við slagsmál í miðborg Reykjavíkur. Eftir töluverða fjölmiðlaumfjöllun brugðu aðstandendur fazmo.is á það ráð að fríska upp á ímynd heimasíðunnar. Fóru þeir að skipta sér af prófkjörsmálum Sjálfstæðisflokksins og auk þess að tjá sig um það sem bar hæst í þjóðmálaumræðunni. Aðstandendur síðunnar eru ekki hættir afskiptum af bloggi og öðrum nettengdum málefnum þó fazmo-síðan sé horfin á braut. Klíkan er nú reyndar orðin tveggja manna tal því tveir.is samanstendur af þeim Hallgrími Andra og Ingvari Þór. Nýja heimasíðan ber þess glögg merki að þar eru á ferðinni þroskaðir menn með háleit markmið því þeirra fyrsta verkefni er að standa fyrir atburði sem ber heitið „Við nauðgum ekki“ og verður á Óliver í kvöld.








# Á enn eftir að taka draumaviðtalið

Fyrir tíu árum var Ólafi Páli Gunnarssyni boðið á Glastonbury-hátíðina sem starfsmanni Rásar 2 af BBC. Þessi ferð átti eftir að draga dilk á eftir sér því þessum rafeindavirkja af Akranesi var í kjölfarið boðið að vera með þátt um tónlist og Rokkland varð að veruleika. Ólafur Páll hefur nú haft umsjón með þættinum í áratug og því tilvalið að fagna þessum tímamótum með viðeigandi hætti. Boðið hefur verið í afmæli á Grand Rokki í kvöld þar sem starfsmenn RÚV standa fyrir skemmtidagskrá auk þess sem hin bráðefnilega Jakobínarína spilar en hún á einmitt lag á nýjasta Rokklandsdisknum. „Reyndar eiga Rolling Stones það líka en þeir áttu ekki heimangengt að þessu sinni,“ segir Ólafur og hlær. Þá þykir mjög líklegt að útvarpsmaðurinn troði sjálfur upp og spili með stórsveit sinni en það er ekki algengt að hann sýni tónlistarhæfileika sína opinberlega. „Nei, ég geri mjög lítið af þessu,“ útskýrir hann.



ÓLAFUR PÁLL Hefur verið einvaldur Rokklands í tíu ár og það stefnir ekkert í að valdatímanum fari að ljúka enda segist Ólafur ennþá hafa gaman af því sem hann er að gera. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Á þessum áratugaferli hefur Ólafur Páll komist í kynni við fjöldann allan af tónlistarfólki af öllum stærðum og gerðum. „Ég man eftir fyrsta viðtalinu við Sigur Rós árið 1997 og þá er mér minnistætt viðtal við Chris Martin, forsprakka Coldplay, þegar þeir komu hingað í fyrsta skipti,“ segir Ólafur en Martin var svo ánægður með viðtalið að það rataði inn á heimasíðu sveitarinnar. „Hann tók síðan mjög vel á móti mér og konunni minni þegar við fórum að sjá þá hita upp fyrir U2 í Slane-kastala.“

Ólafur segist vera mjög þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til að vinna við ástríðuna sína sem tónlistin sé. Hann á þó enn eftir að taka draumaviðtalið sem er við átrúnaðargoðið Neil Young. „Ég veit samt ekki hvort ég myndi þora því af ótta við vonbrigði en varla slægi ég þó hendinni á móti því ef mér gæfist þess kostur.“

**- fgg**

STÆRRA HÚSNÆÐI • MEIRA VÖRUÚRVAL • ENN HAGSTÆÐARI VERÐ

### Sófasett 3+2
Áklæði með óhreinindavörn
Litir: Ljóst • sandlitað • brúnn

FRAMKVÆMDAAFSLÁTTUR 38% AFSLÁTTUR

kr.79.900.-
Verð áður: 129.900.-



### Premium svefnsófi
2ja sæta svefnsófi með heilsudýnu
Microfiberáklæði
Litir: ljós (beige)

kr. 84.900.-
Verð áður: 114.900.-



Yfirdýna fylgir

### Mervana svefnsófi
FRAMKVÆMDAAFSLÁTTUR 50% AFSLÁTTUR

Svefnsófi (klikk-klakk)
Springdýna • rúmfatageymsla

kr. 24.900.-
Verð áður: 49.900.-



# TAKTU FORSKOT Á SÆLUNA

SETT HÚSGAGNAVERSLUN FLYTUR UM ÞESSAR MUNDIR Í NÝTT OG GLÆSILEGT HÚSNÆÐI AÐ **ASKALIND 2A Í KÓPAVOGI**. AF ÞVÍ TILEFNI VILJUM VIÐ BJÓÐA VIÐSKIPTAVINUM OKKAR SÉRSTAKAN **FRAMKVÆMDAAFSLÁTT** SEM VEITIR FRÁBÆRT TÆKIFÆRI TIL AÐ GERA KJARAKAUP FYRIR JÓLIN.

### Megan hægindastóll
Ítalskt leður og Microfiberáklæði
Litir: Dökkbrúnn • ljósbrúnn
svartur • gulur

kr. 59.900.-
Verð áður: 79.900.-



Rafmagnsnudd

### Megan 3ja sæta hægindasófi
Ítalskt leður og Microfiberáklæði
Litir: Svartur • dökkbrúnn

kr. 89.900.-
Með Microfiberáklæði

kr.119.900.-
Með ítölsku leðri • Verð áður: 179.900.-



Útdregið borð í miðjum sófa

### Hægindastóll
Microfiberáklæði • leður
Litir: Ljósbrúnn • brúnn

kr. 24.800.-
Með Microfiberáklæði
Verð áður: 38.900.-

kr. 34.900.-
Með ítölsku leðri



## KYNNINGARTILBOÐ Á RÚMUM OG FYLGIHLUTUM

### Rúm (Expert Optimal)
Til í þremur stærðum

FRAMKVÆMDAAFSLÁTTUR NÝTT



| Rúm með dýnu | | Yfirdýna (latex) | |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | kr. 31.700.- | 90 x 200 | kr. 12.900.- |
| 160 x 200 | kr. 53.900.- | 160 x 200 | kr. 19.900.- |
| 180 x 200 | kr. 62.800.- | 180 x 200 | kr. 22.900.- |

### Heilsukoddi (latex)
Lagar sig að höfðinu
Leggst vel að hálsi

kr. 4.490.-



### Koddi
Með gæsadún
Mjúkur og þægilegur

kr. 4.900.-



kaldaljós 2005

SETT
HÚSGAGNAVERSLUN

OPNUNARTÍMI: **MÁNUD - FÖSTUD** 11:00 - 18:00 **LAUGARDAGA** 11:00 - 16:00 **SUNNUDAGA** 13:00 - 16:00

SETT HÚSGAGNAVERSLUN • ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - SÍMI 534 1400 - WWW.SETT.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
**SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR**

## *Langlífi*

Stundum velti ég því fyrir mér hvað Íslendingar eyði miklum tíma í heilsurækt hvers konar. Það er alltaf verið að reka áróður fyrir því að menn eigi að ganga, hlaupa, lyfta, púla, svitna, bæta þrekið, stykja vöðvana - úti, inni, á líkamsræktarstöðvum, heima hjá sér, alls staðar. Hugsa um mataræði. Ekki borða feitt kjöt og hvítt brauð, passa sig á kolvetnum í pasta, gúffa í sig grænmeti og ávöxtum, ekki reykja og drekka brennivín í óhófi. Þeir áköfustu predika langlífi og góða heilsu þeim sem lifa á fuglafóðri sem kallað er makróbíótískt fæði.

**VIÐ** eigum að fara í líkamrækt á nýju ári til að losna við aukakílóin, undir vorið til að líta vel út í baðfötum, á haustin til að komast í jólafötin. Við eigum að vera grönn, falleg og langlíf. Það krefst svo mikils prógrams að vera til að maður er alveg að bugast. Við sem höfum meira gaman af því að sitja og lesa eða spjalla við skemmtilegt fólk, njótum þess mest að borða góðan mat með alls konar osta- og rjómasósum, troða í okkur kolvetni, kjöti af öðru en horfallandi fé og glasi af góðu víni með, búðingum og súkkulaðitertum á eftir, hamborgurum og frönskum og söltum flögum á milli mála með kókflögsku, erum alveg búin að ná því að við verðum sko ekki langlíf og ekki smart í þeirri örstuttu elli sem við náum, ef við komumst þá alla leið þangað.

**LANGLÍFI** er eitt af markmiðum hins vestræna heims. Fátt eins óeðlilegt og að deyja. Læknavísindin búin að finna upp rafmagnssnúrur sem hægt er að stinga í fólk og tengja það svo við innstungu í veggnum svo það fari nú ekki að taka upp á því að segja upp lífinu.

**EN** hver vill verða gamall eftir áratuga meinlætalifnað í þessu landi? Nú þegar er verið að stafla eldri borgurum inn á stofur á eftirlaunaheimilum og taka af þeim fjárráðin. Þegar að minni kynslóð kemur, verðum við vísast hengd á snaga líkum þeim sem finnast í sláturhúsum. Ömögulega takk. Segi því bara, etum og verum glöð, drekkum og verum glöð, elskum og verum glöð. Góðar fréttir fyrir þá sem reykja: Rannsóknir sýna að þeir spara tíu ár af ævinni.

**ÞAÐ** eru tíu öftustu árin.





